



*25 ára*

# FÉLAG NÁMS- & STARFSRÁÐGJAFNA

**Pú átt leikinn**



*Afmælisrit*



## Efnisyfirlit

Frá ritnefnd . . . . .	2	Atvinnutengt nám. Samstarfsverkefni Vinnuskóla Reykjavíkur og Menntasviðs Reykjavíkur, <i>Dofri Örn Guðlaugsson</i> . . . . .	26
Ávarp menntamálaráðherra, <i>Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir</i> . . . . .	3	Stiklað á stóru í máli og myndum á 25 ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa, <i>Anna Sigurðardóttir</i> . . . . .	28
Afmæliskveðja á 25 ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa, <i>Magnús Stefánsson</i> . . . . .	3	Náms- og starfsráðgjafar á ferð og flugi, <i>Líney Árnadóttir, Sigrún Þórisdóttir</i> . . . . .	30
Ávarp formanns, <i>Ágústa Elín Ingbórsdóttir</i> . . . . .	4	Dagur náms- og starfsráðgjafa, 20. október 2006 . . . . .	32
„Hvað gerir þú eiginlega?“ <i>Arnar Þorsteinsson</i> . . . . .	5	Þekkingarnet Austurlands, viðtal við Emil Björnsson, <i>Ásdís Birgisdóttir, Valgeir Magnússon</i> . . . . .	34
Náms- og starfsráðgjöf hjá Námsflokkum Reykjavíkur, <i>Gunnlaug Hartmannsdóttir, Soffía Einarsdóttir</i> . . . . .	6	Hugleiðingar um framtíðarskipan menntunar náms- og starfsráðgjafa, <i>dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir</i> . . . . .	36
Evrópsk samstarfsverkefni. Vinnuaðferðir fyrir náms- og starfsráðgjafa. Samstarfshópur SPIDERWEB og PPS, <i>Björg Birgisdóttir</i> . . . . .	9	Foreldrar eru auðlind. Hverju hafa náms- og starfsráðgjafar að miðla til foreldra? <i>Elín Thorarensen</i> . . . . .	38
Námshringir – Hvað er nú það? <i>Björg Birgisdóttir</i> . . . . .	11	Vettvangsnám náms- og starfsráðgjafa 2005–2007, <i>Ingveldur Sveinbjörnsdóttir</i> . . . . .	40
Hin evrópska vídd. Kynning á Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafa, <i>Dóra Stefánsdóttir</i> . . . . .	12	Náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu, <i>Fjóla María Lárusdóttir</i> . . . . .	43
Kynjasjónarmið í náms- og starfsráðgjöf, <i>Ragnheiður Bóasdóttir</i> . . . . .	13	Afmælishátíð Félags náms- og starfsráðgjafa . . . . .	45
Viðfangsefni í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi á degi náms- og starfsráðgjafa, <i>Ásta Krístrún Ragnarsdóttir, Rannveig Óladóttir</i> . . . . .	14	Erindi flutt 25 ára afmæli FNS, <i>Guðbergur Bergsson</i> . . . . .	47
Verkefni Nema flutt í Námsstofuna Eiðistorgi, <i>Ásta Krístrún Ragnarsdóttir</i> . . . . .	14	Nemendaráðgjöf Menntaskólans í Reykjavík, <i>Toby Sigrún Herman</i> . . . . .	50
Brautryðjendastarf, viðtal við Ástu Krístrúnu Ragnarsdóttur, <i>Anna Kristín Jónsdóttir</i> . . . . .	16	Náms- og starfsráðgjöf við Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi, <i>Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir</i> . . . . .	51
ViTal – forrit sem les texta og nýttist vel í námi, <i>Ingunn Hlín Jónsdóttir</i> . . . . .	18	Á ferð um gamlar og nýjar slóðir. Þróun rafrænnar áhugakönnunar, <i>dr. Sif Einarsdóttir</i> . . . . .	52
Hugleiðingar á afmælisári, <i>Sigrún Ágústsdóttir</i> . . . . .	19	Viktoría og Viktor, <i>Auður R. Gunnarsdóttir</i> . . . . .	54
Vinnumiðlanir á Íslandi, <i>Ketill G. Jósefsson</i> . . . . .	20	Náms- og starfsráðgjöf í nýjum skóla, <i>Svandís Sturludóttir</i> . . . . .	56
Náms- og starfsráðgjafar rækta mannauð. Um samstarf Félags náms- og starfsráðgjafa og Samtaka iðnaðarins, <i>Ingi Bogi Bogason</i> . . . . .	21	„Ugla sat á kvisti...“, <i>Margo J. Renner</i> . . . . .	58
Hvað gerir þú? Við hvað starfar þú? <i>Jónína Kárdal</i> . . . . .	22	Viðtal við Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur, náms- og starfsráðgjafa við Nesskóla í Neskaupsstað, <i>Ásdís Birgisdóttir</i> . . . . .	59
Nemendapjónusta Menntaskólans á Egilsstöðum, <i>Sigrún Harðardóttir</i> . . . . .	24	Leonardo mannaskiptaverkefni í náms- og starfsráðgjöf, <i>Guðrún Stella Gissurardóttir</i> . . . . .	60
		Mikilvægi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum, viðtal við Harald Finnsson, <i>Anna Kristín Jónsdóttir</i> . . . . .	61
		Þróun náms- og starfsráðgjafa, viðtal við dr. Gerði Óskarsdóttur, <i>Anna Kristín Jónsdóttir</i> . . . . .	62

## Frá ritnefnd

Nú heldur Félag náms- og starfsráðgjafa upp á 25 ára afmæli. Ákveðið var að gefa út afmælissrit í tilefni þessara merku tímamóta. Efniritsins á að endurspeglar starfsvettvang náms- og starfsráðgjafa sem starfa í grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og í atvinnulífinu.

Mikil gróska er hjá félagsmönnum og margt spennandi að gerast. Má þar t.d. nefna nemendaráðgjöf, ráðgjöf á vinnustöðum, þróun áhugasviðskannana, hóp-ráðgjöf, stofnun fagráða og kjaranefndar og vettvangsnám á grunn- og framhaldsskólastigi. Hinn 20. október sl. var dagur náms-

og starfsráðgjafa haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn. Á málþingi sem þá var haldið mátti glögg sjá þá miklu samheldni sem ríkir innan félagsins þar sem hátt á annað hundrað náms- og starfsráðgjafa mættu.

Tilkoma meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands hefur og mun efla rannsóknarstarf innan greinarinnar og eigum við örugglega eftir að sjá mörg athyglisverð MA-verkefni í framtíðinni.

Enn brennur þó ýmislegt á stéttinni. Má þar fyrst nefna lögverndun starfshættisins náms- og starfsráðgjafa. Einnig

er brýnt að tryggja aðgengi og gæði þjónustu náms- og starfsráðgjafa fyrir alla þjófélagsþópa. Enn er staðan sú að náms- og starfsráðgjafar á öllum skólastigum og í atvinnulífinu hafa of mörgum ráðþegum að sinna.

Ritnefnd óskar öllum félagsmönnum FNS innilega til hamingju með 25 ára afmælið og velfarnaðar í framtíðinni og þakkar þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við gerð afmælissritsins.

**Ásdís Birgisdóttir, Guðrún Björg Karlsdóttir, Ólöf Helga Þór og Valgeir Magnússon, náms- og starfsráðgjafar**

# Ávarp menntamálaráðherra

Fáar ákvarðanir eru mikilvægari og afdrifari en þegar ungur einstaklingur gerir það upp við sig hvaða nám eða starf hann hyggst leggja fyrir sig. Þar er oftast en ekki verið að varða leiðina fyrir lífsbrautina alla.

Eftir því sem menntakerfið verður umfangsmeira, eftir því sem valkostunum og tækifærunum sem blasa við ungmennum fjölga, verður einnig mikilvægara að til staðar sé haldgott kerfi sem leiðbeinir ungum nemum í gegnum frumskólg tækifæruna. Þörfin fyrir náms- og starfsráðgjöf hefur því aldrei verið meiri, og hún mun ekki minnka heldur vaxa.

Það er stefna stjórnvalda að skóla-kerfið sé sveigjanlegt og að komið sé til



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

móts við ólíkar þarfir nemenda. Í samkomulagi milli mín og Kennarasambands Íslands um tíu skref til sóknar í skólastarfi er fjallað sérstaklega um náms- og starfsráðgjöf. Það er lykilskef í þessari sókn að náms- og starfsráðgjöf í skólum verði eflað sérstaklega.

Í kjölfar samkomulagsins skipaði ég sérstakan starfsþóp sem ætlað er að koma fram með tillögur um það hvernig styrkja megi náms- og starfsráðgjöf til nemenda með tilliti til þess hvernig bæta megi líðan og námsárangur. Þópnum hefur einnig verið falið að skoða nánar núverandi umfang ráðgjafarinnar í skólum og honum er ætlað að hafa viðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

Í öllu því starfi sem miðar að því að auka

sveigjanleika í námi er ekki síður mikilvægt að náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum verði eflað til þess að leiðbeina nemendum um námsval í framhaldsskóla og/eða starfsval í atvinnulífnum. Þetta er sérstaklega skoðað í nefnd sem vinnur að heildarskoðun grunnskólalaga.

Ef þessi áform eiga að ganga eftir, er nauðsynlegt að huga vel að námi náms- og starfsráðgjafa og tryggja að nægilegt framboð sé til staðar af menntuðum ráðgjöfum. Uppbygging meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf er því fagnaðarféni, en æðra nám á þessu sviði sem öðrum er forsenda rannsókna sem taka mið af íslenskum raunveruleika.

Að lokum vil ég óska Félags náms- og starfsráðgjafa innilega til hamingju með 25 ára afmælið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra

## Afmæliskveðja

### á 25 ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa

Alþjóðavæðing atvinnu- og efnahagslífs verður sífellt meira aðkallandi viðfangsefni alþjóðastofnana, ráðuneyta og samtaka sem láta sig varða þróun vinnumarkaðsmála. Áhrifin verða mikil og munu snerta alla þætti daglegs lífs. Við þurfum að vera undir það búin að takast á við breytingar á vinnulagi og að beita nýjum tækjum til að létta störf og auka afköst. Menntun í eitt skipti fyrir öll er liðin tíð. Nú á tímum verður fólk að vera vakandi fyrir því að færni og kunnáttu úrelidist með hliðstæðum hætti og hverjar aðrar tækni- nýjungar sem eiga sér ákveðinn líftíma. Þetta eru atriði sem eru til umfjöllunar í félagsmálaráðuneytinu. Þessar breyttu aðstæður hafa kallað á nýjar þarfir og önnur viðbrögð. Sífellt flóknara atvinnulíf með auknum kröfum um hæfni og menntun kallar á leiðbeiningar og ráðgjöf. Í þeim efnum gegna náms- og starfsráðgjafar lykilhlutverki. Það er á þessu sviði sem leiðir félagsmálaráðuneytisins og Félags náms- og starfsráðgjafa liggja saman.

Nýliðinn áratug hafa orðið algjör um-

skipti á skipan vinnumarkaðsmála á Íslandi. Á fyrri hluta tíunda áratugarins var fjögurra til fimm prósentu atvinnuleysi að verða viðvarandi. Um 1995 var ákveðið að stinga við fótum og leita nýrra leiða til atvinnuuppbyggingar og fjölgunar atvinnutækifæra. Árangurinn af þessari viðleitni blasir við. Tilfinnilegur skortur er á starfsfólki og atvinnuleysi hefur aðeins verið um eitt prósent. Það er mikill munur á ástandinu að þessu leyti hér á landi og í næstu nágrannalöndum okkar. Samtímis ráðstöfunum til atvinnuuppbyggingar var hugað að endurskipulagningu vinnumarkaðskerfisins. Vinnulöggjöfin var endurskoðuð og breytt árið 1996. Skipan vinnumiðlunar og aðgerða til hagsbóta fyrir atvinnulausa var gjörbreytt með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar sem tóku gildi árið 1997.

Með lögnum um vinnumarkaðsaðgerðir varð til sérstök stofnun, Vinnumálastofnun, og henni var falið ábyrgð á



Magnús Stefánsson

vinnumiðlun sem hafði fram til þess tíma verið á vegum sveitarfélaganna í landinu. Jafnframt Vinnumálastofnun voru settar á laggirnar átta svæðisvinnumiðlanir um land allt. Hlutverk þeirra er m.a. skilgreint þannig að þær skuli veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun. Í nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem tóku gildi í sum-

ar er enn frekar hnykk á þessu hlutverki Vinnumálastofnunar og vinnumiðlunar. Í lögnum er kveðið á um námskeiðahald, starfsleitaráætlanir, starfsúrræði, starfskynningu, starfsþjálfun, reynsluráðningu, ráðgjöf samhliða námskeiðsþátttöku, námsúrræði svo nokkur atriði séu nefnd. Öll þessi atriði kalla á það að vinnumiðlunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki og ég fæ ekki betur séð en að þar séu náms- og starfsráðgjafar í þýðingarmiklu hlutverki ef ekki því þýðingarmesta.

Að ýmsu leyti höfum við Íslendingar

verið nokkuð vel búnir undir þessar breytingar. Þar skiptir að mínu mati miklu að hér á landi er fólk með góða almenna undirstöðumenntun. Þekking og persónuleg reynsla af atvinnulífinu er ekki síður mikilvæg. Hennar hafa margir aflað sér með vinnu í námsleyfum og símenntun af margvíslegu tagi.

Frá okkar bæjardyrum séð í félagsmálaráðuneytinu gegna náms- og starfsráðgjafar ekki síður mikilvægu hlutverki að því er varðar annan málaflokk sem er á ábyrgð ráðuneytisins. Hér á ég við jafnréttismálin. Stjórnámálmenn eru lengi búnir að glíma við þá þraut að eyða þeim mun sem er á launum karla og kvenna. Sett voru lög um launajafnrétti á sjötta áratugnum. Fyrstu almennu jafnréttislögin tóku gildi 1976. Þau hafa verið endurskoðuð a.m.k. tvisvar sinnum. Þriðja endurskoðunin fer fram um þessar mundir. Gerðar hafa verið reglubundnar rannsóknir á launamun kynjanna. Þrátt fyrir allar þessar aðgerðir virðist viss stöðnun

rikja um þessar mundir eins og reyndar í nágrannalöndum okkar. Jafnvel þótt átt hafi sér stað bylting með tilkomu fæðingarorlofsjósins og sjálfstæðum rétti feðra til þriggja mánaða fæðingarorlofs.

Ég er þeirrar skoðunar að ein af þeim leiðum sem við hljótum að leggja áherslu á er stóraukin starfsráðgjöf. Við þurfum að stefna markvisst að því að konur sækir fram í karlaatvinnugreinum og karlar hasli sér völl í hefðbundnum kvennaatvinnugreinum. Þetta tel ég vera þýðingarmikla forsendu fyrir árangri í að eyða þeim mun sem er á launum karla og kvenna. Einnig hér gegna náms- og starfsráðgjafar mjög mikilvægu hlutverki.

Á vegum ráðuneytisins er verið að fjalla um stöðu eldri starfsmanna á vinnu- markaðnum og starfsendurhæfingarmál, og við höfum opnað sérstaka heimasíðu um jafnrétti fyrir stúlkur og piltar þegar kemur að náms- og starfsvali. Þar er lögð áhersla á samstarf við ráðgjafa við að breyta viðhorfum varðandi kynbundið

starfsval.

Stjórnvöld vinnumála verða sífellt að vera vakandi fyrir breytingum á vinnu- markaði. Breytingar í atvinnulífinu kalla á starfsfólk með hæfni til að takast á við ný viðfangsefni. Endurmenntun og þjálfun gegna hér lykilhlutverki. Hér koma náms- og starfsráðgjafar enn við sögu. Þeir þurfa að búa yfir þekkingu á þörfum atvinnulífsins í nútíð og næstu framtíð og vera í stakk búnir til að veita leiðsögn sem leiðir einstaklinginn á þann stað í samfélaginu sem hentar hæfni og færni hans best.

Ég færi Félagi náms- og starfsráðgjafa árnaðaróskir í tilefni 25 ára afmælisins og óska eftir góðu samstarfi í umhverfi þar sem hlutverk þeirra verður sífellt mikilvægara. Fram undan eru spennandi tímar og ótal tækifæri sem við eigum að nýta okkur saman.

---

**Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra**

## Ávarp formanns

**F**élag náms- og starfsráðgjafa, (FNS) var stofnað hinn 16. desember árið 1981 og fagnar félagið því 25 ára starfsafmæli í ár. Hvað merkir það að eiga sér fagfélag? Hvað felur það í sér að vera félagi í fagfélagi? Það merkir að til er sameiginleg vitund félagsmanna og vilji og metnaður til að styrkja stöðu félagsins og vinna að því að náms- og starfsráðgjöf sé sýnileg í þjóðfélaginu og njóti virðingar og trausts meðal ráðamanna og almennings. Félag náms- og starfsráðgjafa er borið uppi af þessu þrennu: Vitund félagsmanna um sjálfa sig sem heild innan félagsins og hluta af alþjóðlegri stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf, vilja til að þroskast sem slíkir og tilfinningu fyrir hugsjónum og draumum annarra um lífið og framtíðina.

Sérhver félagsmaður, hver með sína vitund og sinn vilja, á því þátt í að skapa þá einingu sem er forsendan fyrir öflugum og gæfuríku starfi fagfélags sem FNS. En sú eining er hvorki sjálfgefin né verður nokkurn tímann fullmótuð. Einingin er fyrst og fremst undir því komin að sérhver félagsmaður finni hvöt hjá sér til að leggja sig fram um að skapa félaginu og stjórn félagsins skilyrði til að efla náms- og starfsráðgjöf og stuðla að fullri viður-



Ágústa Elín Ingbórsdóttir

kenningu hennar sem sérhæfðrar starfs- greinar.

Hvernig getum við unnið markvisst og meðvitað að því að tryggja áframhaldandi skilyrði félagsins til þroska, virðingar og trausts? Ef við lítum yfir sögu félagsins getum við greint þrjú tímabil: Fyrsta tímabilið er baráttan fyrir því að ná fram skilningi á mikilvægi námsráðgjafar, að efla þau skilyrði sem nauðsynleg voru til að námsráðgjöf næði að breiðast hratt út og ná til alls skólakerfisins. Skýrsla um markmið og leiðir í námsráðgjöf, sem var hluti af átaki menntamálaráðuneytisins, markar þáttaskil og segja má að þessum áfanga ljúki með henni. Næsti áfangi á leið félagsins til þroska einkennist af sjálfsbjargarviðleitni, að sýna okkur sjálfum og samfélaginu að markvisst og gæfuríkt

*Lögbinda þarf rétt nemenda til að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, að þeir njóti aðstoðar við náms- og starfsval og að vægi náms- og starfsfræðslu verði aukið.*

starf náms- og starfsráðgjafa byggir á sérhæfðri menntun þeirra. Aukin umræða um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar og að skilvirkar leiðir í náms- og starfsráðgjöf séu ein af forsendum þess að fólk geti eftir færni sína til að stunda nám og starf farsælega, er vonandi til marks um að við höfum náð þessum áfanga. Þriðji áfanginn snýst svo um hina eiginlegu eflingu náms- og starfsráðgjafar sem tryggir samkeppnishæfni íslensks þjóðfélags. Mikilvæg skref hafa verið stigin til eflingar náms- og starfsráðgjafar. Fyrst má nefna að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fengið það verkefni að koma á náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum hjá símenntunarmiðstöðvum um allt land og verið er að ráða náms- og starfsráðgjafa í þessi störf. Þarna er komin ný áskorun

í hendur náms- og starfsráðgjafa um að ná til enn fleiri einstaklinga og hvetja til símenntunar. Í annan stað kveður 10 punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra á um að náms- og starfsráðgjöf verði styrkt. Stjórnvöld, í samstarfi við sveitarfélög landsins, þurfa að tryggja starfsgrundvöll náms- og starfsráðgjafar. Lögbinda þarf rétt nemenda til að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, að þeir njóti aðstoðar við náms- og starfsval og að vægi náms- og starfsfræðslu verði aukið. Gæði náms- og starfsráðgjafar haldast í hendur við menntun fagstéttarinnar. Tryggja þarf að nægilegt framboð sé af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum á hverjum tíma og styðja við frekari uppbyggingu meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Til að

markmið náms- og starfsráðgjafar nái fram að ganga er jafnframt mikilvægt að almenningur sé upplýstur um það að þessi þjónusta sé í boði, hvar hennar sé að leita og hvernig hægt sé að nýta sér hana.

Framtíðarsýn félagsins byggir því á hinu eiginlega sjálfstæði þess, getu til að standa á eigin fótum sem fagleg heild sem þekkir takmarkanir sínar, hefur skýra sýn til framtíðar og veit hvert það stefnir. Hér byggist allt á því að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings. Að sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa geti verið viss um að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Hér er

fyrst og fremst verið að hugsa um heill nemenda og annarra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð fagstéttarinnar. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa er ein af grunnforsendum þess að þetta gangi eftir.

Það er ósk mín og von á þessum tímamótum að Félag náms- og starfsráðgjafa beri gæfu til að þjóna félagsmönnum áfram þannig að þeir finni hversu mikils virði það er að vera félagi í fagfélagi sem FNS. Félagið hefur alla burði til að vera tæki til að skapa bæði félagsmönnum og þeim sem til þeirra leita farsæla framtíð. Til hamingju með afmælið FNS.

---

Ágústa Elín Ingbórsdóttir,  
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa

## „Hvað gerir þú eiginlega?“

**Fyrir tveimur árum eða svo birtist sex ára snáði fyrir utan skrifstofu mína í Ölduselsskóla. Hann var að koma frá hjúkrunni í næsta herbergi og vildi komast að því hvaða starfsemi ætti sér stað hjá karlinum við hliðina. Skrifstofa námsráðgjafa er rækilega merkt og gerði drengurinn sitt besta til að stauta sig fram úr titlinum: „Na... na... na...“ heyrði ég nokkrum sinnum, síðan kom stutt þögn, þá undrunarstona og að lokum hljóp strákurinn í burtu og ég heyrði niðurstöðuna þegar strákurinn kallaði: „Krakkar, krakkar ... hann er nasisti!“**

Ekki var að sökum að spyrja, áhugi yngstu nemenda skólans á skrifstofu námsráðgjafans jókst til mikilla muna allt þar til leiðréttingin kom; „Æ, hann er bara náms- eitthvað ...“

Ítrekað hef ég þurft að svara nemendum því að ég starfi í skólanum sem námsráðgjafi en ekki kennari. Við næstu spurningu: „Já, en hvað gerirðu?“ vefst svarið stundum fyrir mér. Ég get auðvitað svarað því til að ég veiti margvíslega aðstoð og ráðgjöf vegna námsvals og framhaldsnáms eða hjálpi nemendum í sambandi við vinnubrögð og námsaðferðir, skipulagningu og prófundirbúning. Stundum er svarið eitthvað á þá leið að ég sé tals- og trúnaðarmaður nemenda, veiti ráðgjöf í persónulegum málum, leiði vinnu gegn einelti í skólanum, fylgist með nýjum nemendum skól-

ans og reyni eftir megni að hlúa að þeim nemendum sem einhverra hluta vegna líður ekki vel í skólanum. Og eru þá samt sem áður ótalin alls kyns verkefni sem námsráðgjafi í grunnskóla kemur að með einum eða öðrum hætti.

Vandinn við slík svör er auðvitað sá sami og hjá viðmælendum Sókratesar forðum og líklegt að sama gagnrýni eigi við. Kjarna starfs verður ekki lýst með því að telja upp þau verkefni sem fyrir liggja. Því verða svör mín stundum svolítið skrýtin, sérstaklega þegar yngstu nemendurnir spyrja. Oftar en ekki greiða þau sjálf úr flækjunni með því að finna handa mér annað starfsheiti, hvort heldur það er skákkennari eða nasisti.

Kannski er pínulítið ósanngjarnt að ætlast til þess að starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla verði lýst með einföldum hætti. Breytingar eru örar og ekki lengra síðan en 1990 að fyrstu ráðgjafarnir tóku til starfa þegar menntamálaráðuneytið réð í fimm stöðugildi sem lið í fimm ára átaki ráðuneytisins í náms- og starfsráðgjöf. Síðan hefur margt áunnist og náms- og starfsráðgjöf orðin nokkuð almenn og viðurkennd í grunnskólakerfinu. Starfssviðið er vítt og verkefnin mörg.

Og þó svo að margt hafi breyst frá því



Arnar Þorsteinsson

*Stundum er svarið eitthvað á þá leið að ég sé tals- og trúnaðarmaður nemenda, veiti ráðgjöf í persónulegum málum, leiði vinnu gegn einelti í skólanum, fylgist með nýjum nemendum skólans...*

fyrstu grunnskólaráðgjafarnir tóku til starfa er samt áhugavert að sjá að á verkefnalista þeirra var á sínum tíma efst á blaði „að aðstoða skólastjórn og kennara við að skipuleggja almenna náms- og starfsfræðslu.“

Ekki þarf auðugt hugmyndaflug til að ímynda sér að hér hafi verið stefnt að samfelldu og markvissu námi í þeirri grein til að efla vitund nemenda á tengslum náms og starfs með ýmsum hætti. Með slíku námi yrði öll leiðsögn fyrir eldri nemendur í tengslum við náms- og starfsval markvissari og yngri nemendur fengju áhugaverða innsýn í starfsumhverfi fullorðna fólksins. Þetta hlýtur að hafa verið spennandi tími því möguleikarnir í þessu efni virðast endalausir; samstarf við aðila utan skólanna, tengsl við áhugasvið nemenda og starfsvettvang foreldra, kynningar á atvinnulífi og námsframboði og svo mætti lengi telja.

Allur gangur virðist hins vegar á því

hvernig náms- og starfsfræðslu er sinnt í grunnskólunum og hætt við að fleiri en ég búi við að geta ekki sinnt henni sem skyldi vegna annarra mikilvægra og krefjandi verkefna.

Hér er svo sem ekki við neinn sérstak-

an að sakast en freistandi að spyrja sig hvort kjarni náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla eigi samt ekki að byggja á einmitt þessu, almennri náms- og starfsfræðslu! Með það hefur greinilega verið lagt af stað í upphafi, en í dag er ekki

laust við að maður staldri við, rifji upp ljóðlínu Megasar og spyrji: „Það gleymdist víst eitthvað, var það ekki?“

**Arnar Þorsteinsson er náms- og starfsráðgjafi í Ölduselsskóla**

## Náms- og starfsráðgjöf hjá Námsflokkum Reykjavíkur

„Svo lengi lærir sem lifir,“ segir gamalt máltæki og það er víst að aldrei hefur þetta átt betur við í því þjóðfélagi sem við lifum nú. Breyttir tímar gera það að verkum að þau viðmið sem áður þóttu góð og gild, þegar talað var um nám og störf, hafa tekið miklum stakka-skiptum. Í dag þykir sjálfsagt að einstaklingar, jafnt ungir sem aldnir, fari í nám og/eða skipti um starfsvettvang auk þess sem sí- og endurmenntun eru hugtök sem nauðsynlegt er að temja sér ef fylgja á þróun og breytingum sem eiga sér stað í nútíma samfélagi.

Á kvörðun um nám og starf er ein sú mikilvægasta sem einstaklingur tekur á lífsleiðinni. Í flóknu nútímasamfélagi þar sem ný störf og nýjar leiðir í námi verða stöðugt til getur hins vegar verið erfitt að átta sig á þeim valkostum sem í boði eru. Möguleikarnir eru nær óþrjótandi og það sem helst takmarkar val einstaklinga er skortur á upplýsingum. Til að einstaklingar séu vel upplýstir um þau tækifæri sem bjóðast er mikilvægt að sem flestir hafi aðgang að faglegri ráðgjöf því vel ígrundað náms- og starfsval eykur líkur á betri afköstum í námi og starfi og farsæld í lífinu almennt.

Námsflokkar Reykjavíkur sinna fullorðinsfræðslu og framfylgja félagslegri menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem m.a. kemur fram að: „...Reykjavíkurborg veitir þeim íbúum sem standa höllum fæti annað tækifæri til náms með það fyrir augum að auka lífsgæði þeirra.“ Hlutverk Námsflokka er að hvetja fólk til að auka við menntun sína og hjálpa því að finna námsleiðir við hæfi. Mikil áhersla er lögð á að skapa fullorðnum einstaklingum tækifæri til náms sem henta þeim og þróa námsúrræði sem taka mið af þörfum þeirra.

Námskeið og önnur úrræði á vegum Námsflokka eru búin til og þróuð í samvinnu við aðra sem starfa á sviði



Gunnlaug  
Hartmannsdóttir



Soffía Einarsdóttir

menntunar og félagsþjónustu. Í samvinnu við fræðslufyrirtæki og framhaldsskóla þróa Námsflokkarnir úrræði og veita fullorðnum einstaklingum með sértæka námsörðugleika námsaðstoð. Í vetur bjóða Námsflokkarnir upp á grunnám í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði, sérkennslu fyrir fullorðna auk þess sem unnið er að þróunarverkefnum um ný námstilboð í samvinnu við framhaldsskóla og fleiri aðila. Námsráðgjafar á vegum Námsflokka starfa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og stendur ráðgjöf þeirra öllum borgarbúum til boða.

### Grunnnám

Með aukinni alþjóðavæðingu og tækniþróun gerir vinnumarkaðurinn sífellt meiri kröfur um menntun og lágmarksfærni starfsmanna. Það verður því sífellt erfiðara fyrir ófaglærða að skapa sér starfstækifæri og starfsþróun eingöngu á grundvelli starfsreynslu. Komi til atvinnuleysis reynist þessum hópi erfiðara að koma sér á framfæri en þeim sem meiri menntun hafa.

Rannsóknir hér á landi sýna að talsvert stærri hópur fólks hefur ekki lokið skilgreindu námi á framhaldsskólalastigi en gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Það er því ljóst að full þörf er á að í boði sé nám þar sem fullorðnir einstaklingar geta styrkt stöðu sína með eflingu á

*Starf náms- og starfsráðgjafa hjá Námsflokkunum snýr að því að liðsinna þeim einstaklingum sem til þeirra sækja og vilja kanna möguleika sína í námi og starfi.*

grunnfærni og undirbúa sig til frekara náms í framhaldsskóla.

Námsflokkar Reykjavíkur hafa um árabíl boðið fullorðnum einstaklingum kennslu í námsefni samræmdra greina efstu bekkja grunnskóla. Í vetur er tilhögun námsins með nýju sniði, hætt er hefðbundinni bekkjarkennslu og skiptingu í annir. Hver námsgreinanna fjögurra, stærðfræði, íslenska, enska og danska, eru kenndar í eins konar smiðju þar sem hver og einn nemandi vinnur á eigin hraða undir verkstjórn og leiðsögn kennara. Þar sem námið er einstaklingsmiðað gefst kostur á að hefja nám og ljúka því hvenær sem er á tímabilinu frá lokum ágúst til byrjunar júní. Náms efnið samsvarar því sem kennt er í 8.–10. bekk grunnskóla og er skipt í þrjú þrep. Fyrsta þrepið er styst og auðveldast, en svo þyngjast þau stig af stigi. Nemendur safna vinnu sinni í ferilmöppu sem auðveldar bæði þeim sjálfum og kennurum þeirra að fylgjast með framvindu námsins og framförum nemandans. Nemandi, kennari og námsráðgjafi finna í sameiningu út úr því á hvaða stigi nemandi skuli hefja námið og hvenær hann er tilbúinn að fara á næsta stig hafi hann áhuga á að halda áfram. Próf eru í boði, en nemendur velja hvort þeir taka próf og þá hvenær. Markmið námsins er ekki að standast próf heldur að finna þá innri

gleði sem það veitir að vita meira í dag en í gær og að nýta sér þessa sívaxandi þekkingu í einkalífi og starfi. Það sem reynist fullorðnum nemendum oft erfiðast við að hefja nám að nýju er að hafa aldrei tileinkað sér skynsamlegar leiðir til að læra. Af sömu ástæðu eiga margir foreldrar erfitt með að aðstoða börn sín og leiðbeina þeim í námi. Þeir eiga kannski auðvelt með að setja sig inn í efnið sem börnin læra, þekkja staðreyndir og hafa á þeim skilning, en kunna ekki að leiðbeina börnunum við nám vegna þess að þeir hafa sjálfir ekki tamið sér skipulagða námstækni. Þess vegna munu Námsflokkarnir leggja áherslu á að nemendur læri og nýti sér hvers konar námstækni eins og að setja sér markmið, finna perónulega námsnálgun sína, læra lestartækni, glósutækni, próftækni og annað sem gerir fólk betur í stakk búið til að stunda nám.

### Sérkennsla

Á vegum Námsflokka hefur um árabíl verið starfandi sérkennari sem sérhæfir sig í að aðstoða fullorðna einstaklinga sem eiga í lestrar- og skriftarerfiðleikum. Þjónustan er tvískipt: Annars vegar er um að ræða viðtal þar sem fólk getur fengið greiningu í lestri og ritun. Þegar einstaklingur kemur í viðtal er farið yfir stöðu hans í lestri, skrift og stafsetningu og ráðgjöf veitt um framhald út frá viðtalinu og niðurstöðum prófanna. Hins vegar er um að ræða kennslu í lestri, skrift og stafsetningu fyrir fullorðna. Kennslan fer fram í einkatímum. Farið er í grunnatriði og byggt ofan á það sem viðkomandi hefur þegar tileinkað sér. Algengt er að þeir sem notið hafa sérkennslu í lestri og skrift hjá Námsflokkunum hafi í framhaldinu nýtt sér þá námsmöguleika sem grunnnámið er og hefur það reynst mörgum mikilvægur áfangi í áframhaldandi námi og uppbyggingu í lífinu.

### Náms- og starfsráðgjöf

Í janúar 2006 voru tveir náms- og starfsráðgjafar ráðnir til Námsflokka Reykjavíkur. Er það liður í að framfylgja félagslegri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í samvinnu við Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar er nú boðið upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir hinn almenna borgara honum að kostnaðarlausu á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og er þessi

þjónusta nýlunda í sögu náms- og starfsráðgjafar á Íslandi.

Starf náms- og starfsráðgjafa hjá Námsflokkunum snýr að því að liðsinna þeim einstaklingum sem til þeirra sækja og vilja kanna möguleika sína í námi og starfi. Það felst m.a. í að kynna námsframboð, aðstoða við náms- og starfsval, leggja fyrir áhugasviðskannanir, aðstoða við ferilskrágerð og áætlun um sí- og endurmenntun, kennslu í námstækni og fleira. Ráðgjöfin er opin öllum íbúum Reykjavíkurborgar en fram til þessa hefur mikill meirihluti þeirra sem nýtt hafa sér ráðgjöfina verið langtímaatvinnulaust fólk, öryrkjar og fleiri sem eru notendur á þjónustumiðstöðvunum og er jafnvel vísað til náms- og starfsráðgjafa af félagsráðgjafa sem vinnur að þeirra málum. Gefst þá tækifæri til samstarfs við félagsráðgjafa við úrvinnslu slíkra mála, og er þá unnið samhlíða að því að styrkja félagslega stöðu og aðstoða og hvetja til þátttöku í námi og/eða virkni á vinnumarkaði.

Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í þverfaglegu samstarfi á vegum þjónustumiðstöðvanna og má þar nefna teymi um forvarnir, viðbragðsteymi, vinnuhóp um langtímaatvinnuleysi og teymi um brottfall nema úr framhaldsskólum. Í þessu

### *Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í þverfaglegu samstarfi á vegum þjónustumiðstöðvanna og má þar nefna teymi um forvarnir, viðbragðsteymi, vinnuhóp um langtímaatvinnuleysi og teymi um brottfall nema úr framhaldsskólum.*

samstarfi eru hin ýmsu sjónarmið fagstétta höfð að leiðarljósi og er mikilvægt að fá tækifæri til að koma með sjónarhorn náms- og starfsráðgjafar inn í vinnu sem þessa.

Auk þessa er það hlutverk náms- og starfsráðgjafa að greina þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf á meðal almennings, þ.e. hvaða hópar leita eftir ráðgjöf, hvaða málefni brenna mest á þeim og hvaða úrræða er þörf. Náms- og starfsráðgjafar vinna einnig að þarfagreiningu og eiga frumkvæði að því að þróa nýjar leiðir og námsúrreiði fyrir einstaka hópa. Nýjar námsleiðir og önnur úrræði hafa verið mótuð og framkvæmd, m.a. með samvinnu Námsflokka, þjónustumiðstöðva, grunn- og framhaldsskóla og hefur þverfaglegt starf fagstétta sem þetta sýnt hve góður aðgangur á milli hinna ýmsu fagaðila er mikilvægur.

### Þróunarverkefni

Á vegum Námsflokka er nú unnið að ýmsum þróunarverkefnum þar sem áherslan er á að þróa námsúrreiði fyrir hópa sem ekki finna sér nám við hæfi innan framhaldsskólanna og verður þeim lýst hér í fáum orðum. Verkefni eru m.a. styrkt af menntamálaráðuneytinu og Starfsmenntaráði.

### HVER

#### Hvatning-Velliðan-Efning-Ráðgjöf

HVER er námskeið sem er afrakstur af þverfaglegu samstarfi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Námsflokka og þjónustumiðstöðva borgarinnar. HVER miðar að því að styrkja fólk á aldrinum 18–25 ára sem fest hefur í gildru atvinnuleysis með það fyrir augum að hjálpa því að verða virkir þátttakendur í þjóðfélaginu og finna sér farveg í námi og starfi. Markmið með námskeiðinu er að aðstoða við náms- og starfsval, auka lífsgæði þátttakenda, efla sjálfstraust og félagslega stöðu. Á námskeiðinu er unnið út frá spurningunum; Hver er ég? – Hvað vil ég? – Hvert stefni ég? Námskeiðið hefur verið haldið tvisvar sinnum og er það mat þátttakenda að námskeiðið hafi haft mikil áhrif á líf þeirra og hjálpað þeim og hvatt til að skoða möguleika sína. Flestir þátttakenda eru nú í námi og starfi.

### SPÍRALL

Meginmarkmið þessa verkefnis er að skoða nýjar leiðir fyrir einstaklinga á aldrinum 16–20 ára sem standa höllum fæti ýmist vegna þess að þeir hafa horfið brott frá námi eða ekki náð fótfestu í grunnskóla og af þeim sökum ekki haldið áfram námi að honum loknum. Á þessum aldri fara einstaklingar í gegnum tímabil breytinga þar sem m.a. er verið að leggja grunn að framtíðinni. Þeir læra að axla ábyrgð á eigin lífi og mótun náms- og starfsferils hefst. Jafnframt er þetta viðkvæmur aldur þar sem áhættuþættirnir eru margir og geta þeir haft mikil áhrif á það hvernig framtíð einstaklingar ná að skapa sér. Gengi þeirra í námi er einn þáttur sem hefur mikil áhrif á hvaða leiðir þeir feta í lífinu en rannsóknir sýna að við 24 ára aldur hafa um 40% einstaklinga hér á landi ekki lokið skilgreindu námi á framhaldsskólastigi. Jafnframt að sá hópur sem hverfur burt frá námi sé í meiri áhættu en jafnaldrar gagnvart atvinnuleysi, neyslu vímaefna og fleiri

þáttum. Með öflugum stuðningi og ráðgjöf við val á námi, skóla og/eða starfi má stuðla að því að einstaklingar finni sér nám og störf við hæfi. Mikilvægt er að tryggja að úrræði séu fyrir hendi og er megintilgangur þessa verkefnis að þróa sértækt úrræði þar sem námi og starfi er fléttað saman. Markmiðið er að opna þessum hópi leiðir til að afla sér frekari menntunar og/eða réttinda sem styrkja stöðu hans á vinnumarkaði.

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á:

- Að efla sjálfstraust, byggja upp jákvæða sjálfmynd og sýn á eigin stöðu/færni.
- Að hvetja einstaklinginn til náms eða virkni á vinnumarkaði.
- Að skoða hvaða náms- og starfsmöguleikar henta hverjum og einum best og geta styrkt stöðu hans á vinnumarkaði.
- Að veita stuðning, ráðgjöf og eftirfylgni í námi og starfi.
- Að styrkja félagsfærni og hjálpa einstaklingum að tileinka sér heilbrigða lífshætti.

Unnið er að þróun þessa verkefnis í samvinnu við Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnumiðlun ungs fólks og fleiri aðila. Stefnt er að því að námskeiðið verði í boði á haustönn 2007.

#### SKREF

Í samvinnu við þrjá framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu vinna Námsflokarnir að þróunarverkefninu SKREF, námskeiði sem hefur það að markmiði að auðvelda fullorðnum einstaklingum að hefja nám að nýju. Er hér um að ræða einstaklinga sem horfið hafa frá námi í framhalds-

skóla án þess að ljúka formlegu námi eða þá sem ekki hafa haldið áfram námi að loknum grunnskóla. Námsframboð á framhaldsskólastigi er nokkuð fjölbreytt hér á landi og ólíkt öðrum löndum eru framhaldsskólar opnir öllum aldurshópum. Undanfarin ár hefur aðsókn fullorðinna einstaklinga í nám verið að aukast en mörgum reynist erfitt að hefja nám að nýju eftir hlé. Á það sérstaklega við um þann hóp einstaklinga sem eiga að baki langa sögu um námserfiðleika tengda námslegri og/eða félagslegri stöðu sem hefur orðið til þess að þeir hafa horfið frá námi. Aðgengi fullorðinna að náms- og starfsráðgjöf utan hins hefðbundna skólakerfis hefur verið takmarkað hingað til og því hefur mörgum reynst erfitt að átta sig á hvar á að byrja þegar áhugi vaknar á námi. Oft skortir þessa einstaklinga raunhæft mat á stöðu sinni, væntingar þeirra til námsins verða því óraunhæfar og þeir ætla sér of mikið, sem leiðir til þess að þeir gefast upp og hverfa frá námi. Þá er námsval þeirra oft og tíðum ekki vel ígrundað og hefur það áhrif bæði á væntingar þeirra og áhuga.

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Stuðla að jákvæðu viðhorfi fullorðinna einstaklinga til náms svo og sí- og endurmenntunar.
- Auðvelda fullorðnum einstaklingum að hefja nám í framhaldsskóla með markvissum hætti.
- Aðstoða einstaklinga við að meta með raunhæfum hætti stöðu sína og skoða hvaða leiðir henta þeim í námi.
- Aðstoða einstaklinga við að setja sér raunhæf markmið í námi.

- Meta hvaða stuðning fullorðnir einstaklingar þurfa til að hefja nám.
- Meta námsþarfir fullorðinna einstaklinga og skoða möguleika á nýjum námsleiðum.

Um er að ræða 40 kennslustunda námskeið þar sem lögð verður áhersla á að mynda tengsl við framhaldsskólana og tryggja einstaklingum eftirfylgni og stuðning við upphaf náms og aðstoða þá við að ná markmiðum sínum. Námskeiðið verður í boði á vorönn 2007.

#### HRESS

Tilgangur þessa verkefnis er að þróa nýjar leiðir fyrir nemendur sem standa höllum fæti í námi vegna námslegra, tilfinningalegra og/eða félagslegra erfiðleika við lok grunnskóla og eru af þeim sökum í mikilli brotthvarfshættu í framhaldsskóla. Þetta verkefni er hugsað til þriggja ára og aðilar sem að því standa eru Námsflokkar Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar í samvinnu við Hagaskóla, Vinnuskóla Reykjavíkur og Iðnskólann í Reykjavík. Verkefnið skiptist í þrjá meginhluta. Í I. hluta verður unnið með hóp nemenda í 10. bekk í Hagaskóla sem standa höllum fæti, náms- og/eða félagslega. Í II. og III. hluta verður hópnun boðin sumarvinna hjá Vinnuskóla Reykjavíkur og fylgt eftir í frekara nám, starf eða starfsþjálfun að hausti. Unnið verður með hópinn í þrjú ár en smám saman dregið úr ráðgjöf og eftirfylgni eftir stöðu og gengi hvers og eins og eftir því sem nær dregur sjálfræðisaldri.

Markmið verkefnisins eru:

- Að veita börnum á aldrinum 16–18 ára sömu fagþjónustu hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar og þau hafa fengið í grunnskóla.
- Að vinna gegn brotthvarfi úr námi með markvissri einstaklingsráðgjöf, stuðningi og eftirfylgd.
- Að hvetja nemendur að skyldunámi loknu til frekara náms eða virkni í atvinnulífinu út frá getu þeirra og áhuga.
- Að vinna gegn félagslegum erfiðleikum.
- Að efla félagsfærni og hvetja til þátttöku í tómstundastarfi.

Unnið verður að verkefninu frá hausti 2006 til ársins 2008.

**Gunnlaug Hartmannsdóttir og Soffía Einarsdóttir eru náms- og starfsráðgjafar hjá Námsflokki Reykjavíkur**



# Evrópsk samstarfsverkefni

## Vinnuaðferðir fyrir náms- og starfsráðgjafa Samstarfshópur SPIDERWEB og PPS

Undanfarin sex ár hafa náms- og starfsráðgjafar og aðrir sérfræðingar í skólamállum starfað saman í tveimur evrópskum samstarfsverkefnum sem hafa verið styrkt af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Meginmarkmið með þessum verkefnum hafa verið að koma auga á nemendur í áhættuhópi hvað snertir brotthvarf frá námi og bjóða þeim stuðning varðandi ákvarðanatöku um framtíð sína og menntun. Báðum þessum verkefnum hefur verið stýrt af Háskólanum í Reykjavík, en náms- og starfsráðgjafar frá Háskóla Íslands, Fjölbrotaskólanum í Garðabæ og Mími – símenntun ásamt sérfræðingum frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafa unnið saman og miðlað reynslu og þekkingu á mismunandi sviðum er tengjast verkefnum. Í þessari grein verður þessum samstarfsverkefnum lýst.

### SPIDERWEB

Fyrri samstarfsverkefnið nefnist SPIDERWEB – Support Program in Development Represented on the WEB. Íslensku samstarfsaðilarnir í þessu verkefni voru Anna Sigurðardóttir, Auður R. Gunnarsdóttir, Björg Birgisdóttir, Jón Torfi Jónsson, Kristjana Stella Blöndal, Ragna Ólafsdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir. Evrópsku samstarfsaðilarnir voru frá Finnlandi, Írlandi, Skotlandi, Slóvakíu og Grikklandi. Allir þessir aðilar hafa mikla reynslu af skólamállum og margir hafa víðtæka reynslu af því að vinna með einstaklinga sem eru í áhættuhópi varðandi brotthvarf. Í verkefninu var annars vegar hannað skimunartæki til að greina nemendur í brotthvarfshættu og hins vegar tvö stuðningskerfi sem eiga fyrst og fremst að styrkja nemendur í brotthvarfshættu. Stuðningskerfin heita WATCH – What Alternatives? – Thinking – Coping – Hoping og Viktoría og Viktor. Þau hafa verið prófuð á Íslandi, Írlandi og í Slóvakíu og aðlöguð aðstæðum á hverjum stað til þess að ráðgjafar víðs vegar að úr Evrópu geti nýtt sér kerfin við mismunandi aðstæður. Samdar voru handbækur um stuðningskerfin fyrir náms- og starfsráðgjafa. SPIDERWEB verkefnið hófst haustið 2001 og því lauk þremur árum síðar, árið 2004. Þess má



SPIDERWEB samstarfshópurinn á fundi í Háskólanum í Reykjavík

*Í SPIDERWEB og PPS hafa ráðgjafar víðs vegar í Evrópu nýtt sér nýjar aðferðir til að vinna með einstaklinga í brotthvarfshættu. Sömu aðferðir hafa verið prófaðar við mismunandi aðstæður, t.d. í löndum þar sem lítið brotthvarf er úr framhaldsskólum og háskólum og einnig þar sem brotthvarfið er mikið. Margir náms- og starfsráðgjafar á Íslandi hafa tekið þátt í að prófa þær vinnuaðferðir sem hér hefur verið lýst.*

geta að SPIDERWEB var valið eitt af árangursríkustu verkefnum sem styrkt var af starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins árið 2004.

### PPS – Personal Profile and Support for Learners

Síðara verkefnið ber heitið PPS – Personal Profile and Support for Learners og er það þriggja ára samstarfsverkefni sem hófst haustið 2004. Í því verkefni vinna saman Anna Sigurðardóttir, Björg Birgisdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Sigríður Hulda Jónsdóttir ásamt erlendum samstarfsaðilum. Í PPS er lögð áhersla á að þróa nýja nálgun þ.e. einstaklingsmiðaðar aðferðir til þess að styðja við einstaklinga í brotthvarfshættu. Hér verður meginþáttum PPS verkefnisins lýst.

### Skimunarprófið Námsumhverfið mitt

Skimunarprófið Námsumhverfið mitt er spurningalisti á rafrænu formi sem hægt er að leggja fyrir nýnema í byrjun skólaárs. Skimunarprófið er þróað fyrir

námsráðgjafa til að skilgreina nemendur sem eru í brotthvarfshættu eins fljótt og mögulegt er eftir að þeir hefja nám. Þróun prófsins byggist á fræðilegum grunni á þessu sviði, bæði kenningum og rannsóknum. Þar að auki hefur verið leitað í smiðju fagfólks í skólamállum, svo sem til náms- og starfsráðgjafa, kennara og skólastjórnaenda svo og nemenda. Í skimunarprófinu er spurt um þekktu áhættuþætti sem tengjast brotthvarfi, þ.e. fjölskylduþætti, fyrri reynslu í skóla, viðhorf til núverandi skóla bæði námslega og félagslega, viðhorf til náms og menntunar almennt og einnig sálfræðilega og persónubundna þætti.

### Persónulegur prófíll

Viðtalstækni sem kölluð hefur verið Persónulegur prófíll er útfærsla á viðtalsformi sem náms- og starfsráðgjafar geta nýtt sér þegar verið er að vinna með einstaklinga í brotthvarfshættu. Verkefnið miðar að því að notaðar séu niðurstöður skimunarprófs til þess að finna þá einstaklinga sem eru í brotthvarfshættu en einnig er hægt nota aðrar aðferðir. Meg-



Íslenski PPS samstarfshópurinn í Grikklandi



Vinnufundur ráðgjafa í Slóvakíu

inmarkmið viðtalsformsins felst í því að veita einstaklingum í áhættuhópi stuðning en náms- og starfsráðgjafar þekkja það vel að oft er flókið að vinna með einstaklinga í áhættuhópi á uppbyggilegan hátt. Sú tækni sem notuð er í viðtölunum byggist annars vegar á kenningum William Glassers, þar sem notaðar eru opnar spurningar sem byggja á sálrænum þörfum sem Glasser hefur skilgreint. Hins vegar byggist tæknin á því að fá einstaklinga til þess að segja stuttar sögur um atvik sem þeir hafa upplifað og þá er fræðilegur bakgrunnur sóttur til hugmynda Vance Peavy (constructivist approach) og Norman Amundson.

Í viðtölunum eru teknir fyrir ákveðnir efnisþættir sem kallaðir eru tengsl. Tengslin eru valin út frá rannsóknum á brotthvarfi. Ráðgjafinn hittir viðkomandi einstakling a.m.k. tvisvar, fer yfir tengslin með honum, tekur saman niðurstöður í lokin og finnur heppileg úrræði með honum. Viðtalsformið byggir á skipulegri aðferð til þess að vinna með einstaklinga og fara yfir mikilvæga þætti í umhverfi þeirra bæði í fortíð og nútíð sem geta haft áhrif á ákvarðanatöku þeirra fyrir framtíðina. Náms- og starfsráðgjafar hafa verið að prófa Persónulega prófílinn á Íslandi, Noregi, Spáni og Slóvakíu. Almennt eru ráðgjafarnir ánægðir með viðtalsformið og töldu 87% þeirra sem svöruðu matslistum að formið gagnist vel í vinnu með nemendur í áhættuhópi.

### **Stuðningur við ungmenni í áhættuhópum innan ákveðins bæjarfélags**

Innan PPS er verkefni sem miðar að því

*Meginmarkmið með þessum verkefnum hafa verið að koma auga á nemendur í áhættuhópi hvað snertir brotthvarf frá námi og bjóða þeim stuðning varðandi ákvarðanatöku um framtíð sína og menntun.*

að byggja upp þverfaglegan stuðning við ungmenni sem eiga í erfiðleikum innan ákveðins bæjar- og/eða sveitarfélags. Í Noregi hafa verið byggð upp slík stuðningskerfi innan nokkurra sveitarfélaga. Hér á landi er verið að prófa stuðningskerfið í Garðabæ. Þátttakendur í verkefninu eru ungmenni á aldrinum 16–18 ára en einungis þeim sem „lenda í vanda“ er boðinn stuðningur frá hópi fagmanna innan bæjarfélagsins. Stuðningshópurinn mynda námsráðgjafi frá viðkomandi skóla, fulltrúi frá lögreglu, fulltrúi frá félags- og tómstundamiðstöð, félagsráðgjafi á vegum bæjarins og fulltrúi frá PPS samstarfshópnum. Markmið stuðningsins er að finna nám eða starf við hæfi hvers ungmennis og bjóða þverfaglegan stuðning til lengri tíma.

### **Erlent samstarf**

Það hefur verið mjög fróðlegt og áhugavert að taka þátt í þessum evrópsku samstarfsverkefnum. Hluti verkefnanna felst í því að kynnast aðstæðum samstarfsaðila í öðrum löndum og að kynna eigin aðstæður. Það er einstakt tækifæri að fá að kynnast vinnuaðferðum og vinnuumhverfi erlendra sérfræðinga, kynnast mismunandi menntakerfum í Evrópu og skoða þá möguleika sem eru til staðar í hverju samfélagi. Jafnframt hefur það eflt hvern og einn í samstarfshópnum að

fá að kynnast menningu og sögu þeirra landa sem við höfum verið í nánú samstarfi við þessi ár.

Í SPIDERWEB og PPS hafa ráðgjafar víðs vegar í Evrópu nýtt sér nýjar aðferðir til að vinna með einstaklinga í brotthvarfshættu. Sömu aðferðir hafa verið prófaðar við mismunandi aðstæður, t.d. í löndum þar sem lítið brotthvarf er úr framhaldsskólum og háskólum og einnig þar sem brotthvarfið er mikið. Margir náms- og starfsráðgjafar á Íslandi hafa tekið þátt í að prófa þær vinnuaðferðir sem hér hefur verið lýst. Í stuðningskerfunum hefur verið lögð áhersla á að upplýsa einstaklinga um þá náms- og starfsmöguleika sem þeir geta öðlast í framtíðinni. Þátttakendur fá einnig tækifæri til að efla sjálfsmynd sína, sjálfsstraust og taka frumkvæði. Þannig hefur verið stuðlað að því að kveikja áhuga þeirra og auðvelda aðgang að frekari menntun eða starfi. Eftir því sem fleiri fá tækifæri til menntunar og/eða að starfa við það sem áhugi þeirra beinist að þá aukast líkurnar á að einstaklingar verði ánægðari í þeim störfum sem þeir velja sér. Á þann hátt er hægt að efla mannauðinn í Evrópu.

**Björg Birgisdóttir er verkefnisstjóri og forstöðumaður námsráðgjafar Háskólans í Reykjavík**

# Námshringir

## Hvað er nú það?



Björg Birgisdóttir

*Námshringirnir byggja á grundvallarþáttum hópráðgjafar en þar eru margir samverkandi þættir sem hafa áhrif. Námsráðgjafinn stýrir hópnum og nýtir þekkingu sína til að mynda jákvæð tengsl og sýnir einstaklingum hópsins hlýju og virðingu. Þátttakendur hlusta á aðra og deila reynslu sinni. Þeir setja sig í spor hver annars og gefa ráð.*

**Þegar nemendur flytjast á milli skólastiga þurfa þeir að tileinka sér ný vinnubrögð og stundum breytta lífshætti. Töluverðar breytingar verða á lífi einstaklinga þegar þeir hefja háskólanám og þurfa margir að endurskoða námsvenjur sínar. Sjálfsnám er einn þeirra þátta sem er mikilvægur í háskólanámi og því nauðsynlegt að nemendur geti beitt sig þeim sjálfsgöllum sem til þarf.**

Í námsráðgjöf Háskólans í Reykjavík er lögð áhersla á að styðja nemendur í upphafi náms til þess að ná strax góðum tókum á náminu. Námsstærniámskeið eru því haldin í byrjun hvers skólaárs. Jafnframt stendur nemendum til boða að taka þátt í Námshring sem er fámennur hópur nemenda sem hittist undir leiðsögn námsráðgjafa. Námshringir eru í boði fyrir sérhverja námsleið innan skólans. Hópurinn

hittist vikulega og námsráðgjafi fer yfir mikilvæga þætti varðandi námið svo sem námsvenjur og skipulag. Einstaklingar skoða sjálfa sig, bæði þá þætti sem geta haft áhrif á nám og námsframvindu og einnig utanaðkomandi þætti svo sem lífsstíl, fjárhag og heilsufar. Námshringirnir byggja á grundvallarþáttum hópráðgjafar en þar eru margir samverkandi þættir sem hafa áhrif. Námsráðgjafinn stýrir hópnum og nýtir þekkingu sína til að mynda jákvæð tengsl og sýnir einstaklingum hópsins hlýju og virðingu. Þátttakendur hlusta á aðra og deila reynslu sinni. Þeir setja sig í spor hver annars og gefa ráð. Í framhaldi af því upplifa þeir létti og samkennd sem getur verið mjög

áhrifamikil. Námsráðgjafi er í samstarfi við eldri nemendur og þátttaka þeirra er stór þáttur í Námshring. Þeir koma inn í hópinn, miðla reynslu sinni og

benda á mikilvæg atriði í námskeiðum annarinnar. Þeir verða oft góðar fyrirmyndir þar sem þeir miðla upplýsingum um vinnubrögð og aðferðir á jákvæðan og persónulegan hátt.

Við námsráðgjöf Háskólans í Reykjavík starfa nú þrjú námsráðgjafar, Björg Birgisdóttir, Karen Björnsdóttir og Lóa Hrönn Harðardóttir. Starf þeirra felst að töluverðu leyti í fræðslu og uppbyggjandi starfi með nemendum. Haldnir eru margir Námshringir á hverju ári í Háskólanum í Reykjavík og hafa flestir þátttakendur aukið námshæfni sína og ástundun. Eins og flestir námsráðgjafar þekkja fer stór hluti vinnutímans í einkaviðtöl við nemendur. Hópráðgjöf er kjörið tækifæri fyrir námsráðgjafa til að brjóta upp vinnufyrirkomulagið, að vinna með fleiri í einu og miðla á þann hátt reynslu og þekkingu ráðgjafans.

**Björg Birgisdóttir er forstöðumaður námsráðgjafar Háskólans í Reykjavík**

*Í námsráðgjöf Háskólans í Reykjavík er lögð áhersla á að styðja nemendur í upphafi náms til þess að ná strax góðum tókum á náminu.*

Það sem hjálpaði mér mest við Námshringinn var að heyra frá eldri nemendum og sjá hvernig þeir fóru að í náminu. Það var farið í almenna námstækni eins og glósu- og lestrartækni. Við höldum einnig dagbækur sem hjálpaði mér að sjá hvernig ég var að verja tímanum og þannig gat ég skipulagt mig betur. Þetta og fleira aðstoðaði mig við að ná betri tókum á náminu.

*Steingrímur E. Jónsson nemandi í lagadeild*



Það er krefjandi að byrja í háskólanámi og því mikilvægt að endurskoða tímastjórnun sína og námstækni. Námshringurinn er frábært framhald af

námstærniámskeiði og þátttakan í honum styrkti mig mikið við upphaf háskólagöngu minnar. Hópumræður, markmiðasetning, reynslusögur og ráðleggingar eldri nemenda sem náð hafa góðum árangri í há-



skólanámi er mjög upplífandi og hvetjandi. Í Námshring gefst einnig einstakt tækifæri til að stofna gott tengslanet við samnemendur. Ég tel að þeir sem hafa tók á því að taka þátt í Námshring ættu ekki að láta það tækifæri fram hjá sér fara. Það styrkti mig sem námsmann og mun eflaust styrkja fleiri.

*Sæunn Elsa Sigurðardóttir nemandi í viðskiptadeild í háskólanámi með vinnu*

# Hin evrópska vídd

## Kynning á Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Helsta markmið Evrópusambandsins er að verða ein stór heild þar sem fólk, vörur, peningar og upplýsingar flæða fyrirhafnarlaust yfir landamæri. Þetta er ekki auðvelt í álflu sem oft hefur átt í innbyrðis (oft blóðugum) átökum og þar sem efnahagslegir og félagslegir hagsmunir þegnanna hafa síður en svo alltaf farið saman. Það sem gerir hugsjónirnar um eina stóra og samhenta heild enn erfiðari er að jafnvel þeir sem feta vilja brautina saman, eru langt frá því sammála um hversu hratt eigi að fara eða hvaða skófatnað skuli nota. Sú stefna hefur því verið sett í öndvegi að þegnarnir réðu að mörgu leyti ferðinni með því að nýta sér þá kosti sem einn stór markaður býður upp á og þrýsti með því á eigin stjórnvöld að auka samvinnuna.

En þegnarnir nýta sér ekki þjónustu sem þeir vita ekki af, sérstaklega ekki ef þeir telja sig þegar hafa allt sem þá vantar í tíninu heima. Því hefur verið farin sú leið að reyna að auka menntun (sérstaklega ungs) fólks í öðru landi en fæðingarlandinu. Til dæmis er boðið upp á stutt námskeið, hluta starfsréttinda og fullt háskólanám sem neminn getur síðar nýtt sér í heimalandi sínu, eða í þriðja landi ef hann kys. Násmennirnir færa ekki bara heim með sér þá formlegu þekkingu sem þeir hafa aflað sér heldur einnig þekkingu á almennu lífi í námslandinu og þeim tækifærum sem þar er boðið upp á. Ríkisstjórn Íslands hefur kosið að taka þátt í þessu samstarfi og Íslendingum er því kleift að sækja hluta af sinni menntun, eða hana alla, til annarra landa Evrópu. Margir þeirra vita hins vegar lítið um alla þá möguleika sem í boði eru, hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla og hvað þakinn kostar. Þar gegna náms- og starfsráðgjafar lykilhlutverki.

Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er ætlað að „miðla evrópskri vídd“ í náms- og starfsráðgjöf. Það sem felst í þessu er einkum að auka flæði upplýsinga milli Íslands og annarra Evróplanda svo að náms- og starfsráðgjafar geti veitt skjólstæðingum sínum nægilegar og réttar upplýsingar um þá valkosti sem þeir eiga á erlendri grund og hvernig þeir geta borið sig eftir þeim.



Dóra Stefánsdóttir

Þetta á ekki síst við um nemendur sem fara vilja í nám sem ekki er boðið upp á á Íslandi eða vilja bæta við þann námsgrunn sem þeir hafa náð hér heima. Sambærilegar miðstöðvar eru í öllum hinum Evrópulöndunum og eiga starfsmenn þeirra mikil og góð samskipti sín á milli og senda hver öðrum upplýsingar og góð ráð. Á Evrópumíðstöðinni er einnig hægt að fá hagnýtar upplýsingar um allt það er viðkemur dvöl í Evrópu, til dæmis varðandi atvinnuleyfi, dvalarleyfi eða aðrar almennar upplýsingar. Starfsmenn Evrópumíðstöðvanna senda bæklinga og upplýsingar til evrópska samstarfsnetsins um íslenskar aðstæður, svo sem menntun, vinnumarkað, og íslenskt þjóðfélag og fá sambærilegar upplýsingar sendar að utan. Rafræn upplýsingamiðlun eykst stöðugt og vinnur evrópska samstarfsnetið að margvíslegum upplýsingaveitum á Netinu. Til dæmis rekur það sameiginlega heimasíðu allra

Evrópumíðstöðva þar sem meðal annars má finna hvað helst er á döfinni varðandi starfsráðgjöf í Evrópu ([www.euroguidance.net](http://www.euroguidance.net)).

Eitt af meginverkefnum Evrópumíðstöðvarinnar er að taka þátt í og stuðla að þátttöku náms- og starfsráðgjafa í evrópskum samstarfsverkefnum innan Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunarinnar. Evrópumíðstöðin hefur stýrt þremur stórum samstarfsverkefnum og náð að virkja stóran hóp í þá samvinnu.

Reglulegar heimsóknir náms- og starfsráðgjafa eru í gegnum Akademia-áætlunina og fara 4–5 íslenskir ráðgjafar í heimsóknir til annarra landa árlega og einir 10–15 erlendir ráðgjafar heimsækja Ísland. Slíkar heimsóknir þjóna bæði því markmiði að menn sjái af eigin raun hvernig gestgjafarnir standa að málum og einnig því mjög mikilvæga markmiði að náms- og starfsráðgjafar kynnist hver öðrum og geti í framhaldi af því haldið áfram samskiptum. Þeir sem hafa farið í slíkar heimsóknir eru sammála um að gagnið hafi verið ótvírætt því þótt sjaldnast sé hægt að yfirfæra beint hvernig staðið er að málum í öðrum löndum, koma menn heim fullir af ferskum hugmyndum og líta eigið starf öðrum augum.

Með þessari grein langar mig fyrst og fremst að hvetja alla náms- og starfsráðgjafa til þess að kynna sér það sem er boði, annaðhvort með því að hafa samband við mig (sími: 525 4290, netfang: [ds@hi.is](mailto:ds@hi.is)) eða með því að fara á vefinn okkar, [www.euroguidance.is](http://www.euroguidance.is).

Dóra Stefánsdóttir er verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar



# Kynjasjónarmið

## í náms- og starfsráðgjöf



Ragnheiður Bóasdóttir

Hér mun ég kynna meistaraverkefni mitt í náms- og starfsráðgjöf sem ég lauk í júní 2005. Það ber yfirskriftina *Þróun náms- og starfsráðgjafar í anda jafnréttis* og var leiðbeinandi minn dr. Þorgerður Einarsdóttir en umsjón hafði dr. Guðbjörg Vilhjámsdóttir.

### Yfirlit

Ég fjalla um sögu og þróun starfsstéttar náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Starfs svið náms- og starfsráðgjafa er skoðað í ljósi þróunar jafnréttismála og bendi ég á mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafar hafi kynjasjónarmið að leiðarljósi. Helstu starfsþættir í starfslýsingum náms- og starfsráðgjafa eru kynjuð fyrirbæri og því er nauðsynlegt að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við allt nám og starfssvið náms- og starfsráðgjafa.

Ég skoðaði jafnréttisáætlanir ríkisstjórnar Íslands frá árinu 1998 og sérstaklega verkefni menntamálaráðuneytisins í viðkomandi jafnréttisáætlunum. Þau lýsti ég upp af sjónarhóli kynja- og jafnréttisfræða og kom auga á kerfislægt viðnám sem birtist í framsetningu efnis og orða af hálfu ríkisstjórnarinnar og menntamálaráðuneytisins.

Ég lýsi erlendri fyrirmynd af skipuriti fyrir skipulagningu á þjónustu náms- og starfsráðgjafa í skólum og legg til að ef hafist verður handa við slíka skipulagningu, verði samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða fléttuð inn í þá vinnu.

### Helstu niðurstöður

#### Sérstaða náms- og starfsráðgjafar

Menntun náms- og starfsráðgjafa er það sérhæfð að sérstaða fagstéttarinnar er afgerandi. Fagstéttin er enn í mótun en vinnur að því að fá lögverndun á starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og einnig eru siðareglur nýsamþykktar. FNS

*Ef litið er til þeirra rannsókna og fræða sem liggja fyrir um mun á einstaklingum, ólíka hugsun um nám og störf hjá stúlkum og piltum og rótgróin samfélagsleg kynjakerfi, er lag fyrir fagstétt náms- og starfsráðgjafa að eiga frumkvæði að hagnýtingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í námi og störfum.*

er öflugt fagfélag og umræður hafa verið um stofnun sérfélags.

### Kynjasjónarmið

Nám og störf náms- og starfsráðgjafa þarf að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmiðum. Samfélag okkar er gegnsýrt af sýnilegum og ósýnilegum kynjakerfum og þekking á þeirri sögu er óumflýjanleg þegar unnið er með einstaklingum í ráðgjöf. Þá staðfesta niðurstöður nýlegra íslenskra rannsókna að þörf er á þekkingu á kynjafræðum svo náms- og starfsráðgjöf megi gera báðum kynjum jafn hátt undir höfði.

### Orð og efndir stjórnvalda

Ríkisstjórn Íslands tók upp orðfæri samþættingar kynjasjónarmiða í jafnréttisáætlunum sínum árið 1998 með það að markmiði að innleiða þá hugmyndafræði sem þar liggur að baki. Þegar áætlanirnar í jafnréttismálum og einstök verkefni menntamálaráðuneytisins eru skoðuð nánar, kemur í ljós kerfislægt viðnám sem birtist í ómarkvissri framsetningu í riti og litlum efndum á markmiðum sem sett voru fram. Það er því fá fordæmi að

finna og litið frumkvæði af hálfu stjórnvalda í samþættingu kynjasjónarmiða þrátt fyrir fyrirheit þar um.

### Framtíð náms- og starfsráðgjafar

Mikilvægt er að gefa drjúgan tíma í að kortleggja stöðu starfsstéttar náms- og starfsráðgjafa í dag og undirbyggja framtíðaráform þeirra á Íslandi. Í slíkri vinnu þarf að taka afstöðu til þátta eins og námsleiðarinnar í Háskóla Íslands, starfslýsinga, lögverndunar starfsheitis náms- og starfsráðgjafi, starfsemi fagfélags eða stéttarfélags, stéttar- og fagimyndar og stuðnings yfirvalda.

### Samþætting kynjasjónarmiða

Jafnréttishugsun út frá samþættingu kynjasjónarmiða er nýr sjónarhóll sem fólk þarf æfingu í að standa á. Nýr gluggi opnast sem víkkar sjóndeildarhringinn. Ef litið er til þeirra rannsókna og fræða sem liggja fyrir um mun á einstaklingum, ólíka hugsun um nám og störf hjá stúlkum og piltum og rótgróin samfélagsleg kynjakerfi, er lag fyrir fagstétt náms- og starfsráðgjafa að eiga frumkvæði að hagnýtingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í námi og störfum.

Ég vil þakka stjórn FNS fyrir það tækifæri að kynna verkefni mitt hér og jafnframt vil ég óska félaginu hjartanlega til hamingju með afmælið. Megi FNS vaxa og dafna hér eftir sem hingað til.

Ragnheiður Bóasdóttir er náms- og starfsráðgjafi í Fjölbautaskólanum við Ármúla



# Viðfangsefni í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi á degi náms- og starfsráðgjafar

Í Valhúsaskóla er verið að innleiða heimanámskerfið NemaNet fyrir nemendur í 8.–10. bekk. Það byggist á því að námsmenn fá til yfirráða svæði á veraldarvefnum sem er sérstaklega hannað til þess að halda utan um glósur og aðra vinnu nemenda.

Í haust hafa bekkirnir farið hver af öðrum ásamt náms- og starfsráðgjafa skólans í heimsókn í Námsstofuna á Eiðistorgi til að fá aðgang að Nemanetinu og kennslu í að nota það. Í Námsstofunni hefur Ásta Krístrún náms- og starfsráðgjafi, höfundur NemaNets, tekið á móti hópnum og nemendurnir hafa fengið leiðsögn um markvissar náms- og lestraráðferðir sem eru undirstaða þess að þeim nýtist kerfið að fullu.

Í tilefni af degi náms- og starfsráðgjafar var rætt við 9. bekkina sem voru gestir í Námsstofunni um hvernig hægt væri að leysa vandamál og hindranir sem koma upp í námi. Athyglinni var beint að stöðu náms- og starfsráðgjafa þegar hann fær

til sín nemendur með sígild umkvörtunarefni sem tengjast árangri í námi. Til að virkja unglingana voru þeir beðnir um að setja sig í spor náms- og starfsráðgjafa og velta fyrir sér hvaða ábendingar þeir mundu gefa nemendum sem til þeirra leituðu. Hvernig tækju þeir á málum ef nemendur kvörtuðu yfir einbeitingarleysi við lestur námsbóka, erfiðleikum við að muna námsefni eða yfir því að eiga í vandræðum með að koma frá sér þekkingu sinni á prófum eða við ritgerðasmíð? Það stóð ekki á svörum og nemendur komu með margar góðar hugmyndir og heilræði. Þá voru þeir beðnir um að líta í eigin barm og íhuga hvort þeir nýttu sér eigin ráð í námi sínu. Mikið var rætt



Ásta Krístrún Ragnarsdóttir



Rannveig Óladóttir

um hvernig alls kyns áreiti og kvaðir frá umhverfinu geta torvelað námið.

Þessi umræða kveikti hugmyndir fyrir næsta dag náms- og starfsráðgjafar að ári. Skemmtileg leið til að kynna innviði starfsins gæti falist í að bjóða nemendum að setjast við ráðgjafaborð og gerast náms- og starfsráðgjafar um stund. Það gæti eflaust einnig hrundið af stað gagnlegum bollalaggingum um eigin vinnubrögð, því líklega lærum við mest og best af því að kenna öðrum.

**Ásta Krístrún Ragnarsdóttir er náms- og starfsráðgjafi í Námsstofunni og Rannveig Óladóttir er náms- og starfsráðgjafi í Valhúsaskóla**

## Verkefni NEMA flutt í Námsstofuna Eiðistorgi

Verkefni og aðstaða Nema hafa tekið miklum breytingum á því ári sem er að líða. Fyrst ber að varpa ljósi á staðhætti og greina frá flutningi fræðslu- og ráðgjafarstofunnar á Seltjarnarnes. Sveitarfélagið bauð nýsköpunarverkefnið velkomin af miklum höfðingsskap og skaut skjólshúsi yfir starfsemina allt fyrsta ár aðlögunartímans. Þá skal greint frá nýju heiti og kennimerki regnhlífarinnar sem geymir verkefnið, en henni var við flutninginn fundið nafnið Námsstofan.

Á Seltjarnarnesi hafa nafngiftir tengdar starfsemi fræðslu og menningu tilhneigingu til að taka á sig endinguna stofa, samanber minja-

safnið Nesstofa sem er í næsta nágrenni Gróttu.

Þá er stutt á milli orðanna nema og nám, enda eru þau af sama stofni og fela í sér sömu merkingu. Þegar farið var að sjá til sólar eftir rúmlega fjögurra ára þrautagöngu og baráttu fyrir lífi nýsköpunarverkefnanna NemaCode og NemaNet, þótti við hæfi að „yngja upp“ með nýju nafni og ásýnd. Þar sem farið er að minnast á sólaruppkomu verkefnanna er ástæða til að upplýsa lesendur um innihald og stöðu þeirra.

### NemaCode

Áhugasviðsgreiningin Ideas er nú veflæg,

ekki síst fyrir tilstuðlan styrks frá Leonardo-áætlun Evrópusambandsins árið 2003. Það voru Þjóðverjar, Bretar og Tékkar sem komu að NemaCode verkefninu sem stóð í eitt ár. Það sýndi sig að þátttaka í svo yfirgripsmiklu verkefni sem gerir ráð fyrir miklu mótframlagi styrkþega, reynist litlum sprotaaðilum á við Nema þung í skauti. Af þeim sökum var ákveðið að láta staðar numið þegar þeim áfanga var náð að koma Ideas í veflægan búnað, en í upphafi stóð til að þróa fleiri veflæga þætti inn í heildarlausnina NemaCode.

Sá hluti verkefnisins, sem ekki náðist að ljúka meðan á samstarfinu stóð, er því



enn á borði Námsstofunnar og miðar vel. Um er að ræða stoðefni sem samkvæmt NemaCode aðferðinni vegur þungt í faglegri beitingu áhugasviðsgreininga. Stoðefnið felst meðal annars í veflægri starfsferilsgreiningu, veflægri fræðslu um Riasec-NemaCode og veflægum æfingum sem ætlaðar eru til að tryggja innsæi og skilning þeirra sem gangast undir áhugasviðsgreiningu.

Með slíkum veflægum lausnum er ráðþeginn fær um að framkvæma á eigin spýtur flest það sem ella lendir í verkahring ráðgjafans. Við það gefst ráðgjöfum meira ráðrúm í viðtölum til að ræða það sem snýr að ráðþeganum sjálfum.

Þeir ráðgjafar sem nýta áhugasviðsgreiningar að staðaldri, þekkja flestir hve miklum tíma og orku er varið í að greina frá fræðilegum forsendum áhugasviðsgreininga, svo renna megi stöðum undir túlkunina sem síðan tekur við.


Með vefefninu gefst ráðgjafa þannig kostur á að helga sig túlkuninni, umræðunni um niðurstöður og hvernig ráðþeginn geti nýtt sér þær í framhaldinu.

### NemaNet

Veflæga heimanámskerfið NemaNet byggir á námskenningunni sem birtist í bókinni *Lærum að nema* (Ásta Krístrún Ragnarsdóttir, Mál og menning 2004). Kerfið hefur verið í þróun síðastliðin fjögur ár. Á þeim árum hefur átt sér stað byltingarkennd framför í þróun vefforrita sem segja má að hafi jafnharðan gert fyrstu útgáfur NemaNets að tæknilegum forminjum.

Fjármögnun forritunar og tæknilegrar nýsköpunar er langt frá því að vera auðsótt þegar kemur að mjúkum málaflokki mannglegra þarfa. Litlir sprotar eiga þar undir högg að sækja og tími sem betur væri varið í faglegar endurbætur á til að fuðra upp í lýjandi styrkja- og fjármagnsleit. En koma tímar, koma ráð!

*Námsstofan sinnir auk þróunarvinnu, NemaCode og NemaNet námskeiðahaldi fyrir bæði fagfólk og ráðþega, fyrirlestrum og ráðgjöf.*



Skjámynd af vinnuborði NemaNets

Síðastliðið vor fékkst styrkur frá Alþingi sem hélt lífi í verkefninu og í byrjun apríl lítur splunkuný útgáfa á NemaNeti loks dagsins ljós. Þessi nýja útgáfa tekur mið af viðbrögðum þróunarnotenda undanfarinna ára og státar af allri nýjustu tækni og vísindum vefsins. Það þýðir að unnt er að bæta kerfið og endurnýja eftir því sem tækninni fleygir fram og kröfur notenda kalla eftir.

### Auður efri ára, NemaCode og NemaNet námskeið og ráðgjöf

Námsstofan sinnir auk þróunarvinnu, NemaCode og NemaNet námskeiðahaldi fyrir bæði fagfólk og ráðþega, fyrirlestrum og ráðgjöf. Þriðja verkefnið sem stofan sinnir er námskeiðið „Auður efri ára“, sem hefur verið þróað fyrir fólk sem undirbýr sig fyrir lok launastarfs. Námsstofan vinnur hér í samstarfi við Símennt Háskólans í Reykjavík, en síðastlið vor

var einnig gert samkomulag um þátttöku HR í hinum veflægu þróunarverkefnum, NemaNet og NemaCode.

Áherslan í námskeiðinu „Auður efri ára“ er á aukna sjálfsþekkingu, heilsu og greiningu verkefna við hæfi á efri árum. Hér nýtist NemaCode og greining áhugasviða einkar vel.

Það er ólýsanleg ánægja að verða vitni að því þegar þátttakendur fá niðurstöður í hendur sem birta þeim staðfestingu á því hvaða verkefni áttu heima öll árin innan áhugasviðsmengis þeirra og hver ekki. Það er svo sannarlega góður grunnur til að vinna áætlun um hámarksnýtingu árána fram undan.

Og að lokum eru innan hópsins 60+, eins og hópurinn er gjarnan nefndur, margir sem huga að frekara námi ánægjunnar vegna og þá eru hæg heimatökin á Námsstofunni til að veita þeim NemaNet í „bónus“.

Sjá nánar á: [www.namsstofan.is](http://www.namsstofan.is).

**Ásta Krístrún Ragnarsdóttir er náms- og starfsráðgjafi í Námsstofunni**



# Brautryðjendastarf

„Ég lauk námi vorið 1981 og byrjaði starf mitt við Háskóla Íslands í júlí sama ár. Þá var þar bara tómt borð. Það var ekki einu sinni skrifstofa, það var ekki neitt. En ég var svo heppin að Nemendaskráin var að hefja sinn feril og verið að spá í hvernig ætti að halda utan um upplýsingar um nemendur í tölvum. Það var líka brautryðjendastarf og þó að starfsfólkið þar væri ekki fagaðilar í námsráðgjöf var mér mikill styrkur af samstarfinu. Ég fékk tækifæri til að skilgreina nýjan vettvang sem ég skipti gróflega í þrjá flokka: Hvernig á að aðstoða fólk við að finna sig? Hvernig er hægt að koma fólk á sporið svo það læri með bestum árangri? Í þriðja lagi voru svo persónuleg mál sem voru mjög samofin réttindamálum námsmanna. Réttindaþátturinn öðlaðist með tímanum sjálfstætt líf þegar kom að stefnumótun í málefnum nemenda með sérþarfir sem með tímanum varð mjög fyrirferðarmikill þáttur í starfi námsráðgjafans.

Mér varð ljóst strax í upphafi að námsráðgjafinn er alltaf nemandans megin. Hann verður alltaf að vera málsvari hans og sá sem horfir á skólann og það sem þar gerist með augum nemandans. Ef halla fer á stöðu nemandans, hugsanlega af völdum kerfisins, þarf námsráðgjafinn að vera málsvari hans. Í fyrstu fann ég mikla orku fara í það að sigla milli skers og báru, að ógna ekki akademíunni og kennaravettvanginum á meðan ég talaði máli nemandans. Annað var að vinna innan dyra við ráðgjöfina, að hafa stoðgrind og vinna á faglegum nótum. Síðan var verkefnið að takast á við heiminn fyrir utan. Það er ekki öllum gefið að gera það í svona nýju samhengi og mér fannst það verulega krefjandi.“

Ásta segir að viðfangsefnin hafi ekki breyst svo mjög á þeim tíma sem hún var við Háskóla Íslands. Aðstaða og tæki þróuðust og farið var að nota áhugasviðsgreiningar þegar annar ráðgjafi bættist við. Ásta var ein í sex ár en 1987 fékk hún fyrsta liðsaukann. Það var í rektorstíð Sigmundar Guðbjarnarsonar sem Ásta



Heiðursfélagarnir Ásta Krístrún Ragnarsdóttir og dr. Gerður G. Óskarsdóttir á 25 ára afmælishátíð FNS

*Mér varð ljóst strax í upphafi að námsráðgjafinn er alltaf nemandans megin. Hann verður alltaf að vera málsvari hans og sá sem horfir á skólann og það sem þar gerist með augum nemandans.*

segir hafa verið mjög framsýnan.

„Eitt er að vera faglegur brautryðjandi og annað að vera pólitíkus. Það að ryðja braut í fagi sem þessu er mjög pólitískis eðlis. Í raun var ég yfirmyglari í stöðuveitingum því ég var stöðugt að reyna að fá einhvern inn í hlutastarf, til verkefnavinnu og festa síðan viðkomandi í starfi og stöðu. Þannig gekk þetta þar til komnir voru fimm námsráðgjafar. Árið 1998, þegar ég lauk starfi, var ég komin með sama stöðugildafjölda og er í dag. Um leið var ég búin að virkja nemendur í náms- og starfsráðgjöf og gera samning við deildina um að fá nemendur til að taka að minnsta kosti hálfu starfsþjálfun sína hjá okkur. Þannig vorum við alltaf með lærlinga, eins og læknar á spítöllum. Þetta gagnaðist bæði deildinni og okkur, því þá var erfitt að fá pláss í starfsþjálfun og hægt að sinna fleirum sem leituðu til námsráðgjafarinnar í háskólanum.“

*Hvaða tæki gagnast námsráðgjafanum best?*

„Námsráðgjöfin gengur út frá því að athafnir okkar séu drifnar áfram af ánægju. Höfum við ánægju af því sem við erum að fást við, þá gerum við hlutina betur. Námsráðgjafar nýta sér spurningalista, mælitæki sem byggja á ákveðnu líkani og út frá því er hægt að greina hvaða þættir í umhverfinu, hvaða athafnir og viðfangsefni veita hverju okkar ánægju. Þetta eru í raun eins konar mengjafræði, þú fellur undir ákveðin mengi sem tvinnast saman og mynda ákveðinn kóða. Þú kóðar bæði einstaklinginn og með sama tæki má kóða verkefni í umhverfinu. Síðan þarf að máta kóðana saman sem er oft mjög gefandi og gagnlegt.“

Í náminu í Þrándheimi var Ásta hjá ströngum prófessor sem var gjörsamlega andvígur áhugasviðsgreiningum og sagði að markvisst og vel upp byggt viðtal væri margfalt marktækara og árangursríkara en tölfræðilegar leiðir.

„Ég kom því heim með mikinn fyrirvara á mér í þessum efnunum. Þá mæti ég hinum prófessornum, Dr. Carol Pazandak sem

**Ásta Krístrún Ragnarsdóttir varð fyrsti sérmenntaði námsráðgjafinn á Íslandi þegar hún hóf störf við Háskóla Íslands árið 1981. Hún var heiðruð fyrir brautryðjendastarf á sviði námsráðgjafar á afmælis-**

**hátíð Félags náms- og starfsráðgjafa árið 2006. Ásta byggði upp starf Námsráðgjafar Háskóla Íslands í sautján ár en stýrir nú Námsstofunni þar sem hún sinnir þróunarstarfi, ráðgjöf og námskeiðahaldi.**

segir að enginn sé námsráðgjafi nema hann hafi tölfraeðileg mælitæki. Hægt og bítandi fékk ég hana til að þjálfa mig og þá námsráðgjafa sem störfuðu hjá mér í að beita áhugasviðsgreiningum og að endingu vorum við allar komnar með þessa þekkingu. Ég hélt aftur á móti alltaf í gömlu nálgunina, viðtalið. Ferlið í heild má ekki byggja einvörðungu á tölfraeðilegum staðreyndum. Það verður líka að taka viðtalsformið og persónulega upplýsingaöflun inn í myndina. Á því byggir kenningin mín, NemaCode sem ég hef mótað og þróað undanfarin ár og fengið sterka jákvæða svörun á.“

Ásta fékk Evrópustyrk til að vinna með NemaCode í þremur löndum. Áhugasviðsgreining er lögð fyrir nemendur á vefnum, síðan fylgir tveggja tíma prógram í kjölfarið til fræðslu og undirbúnings að taka við niðurstöðunum, tengja saman það tölfraeðilega og það persónulega.

Starf námsráðgjafans snýst mjög um að bæta árangur nemenda í námi og til þess hefur Ásta þróað sérstakt kerfi. Það byggði hún upp í „einsemdinni“ í Háskólanum í gegnum þúsundir viðtala við nemendur í leit að aukinni færni til að nema.

„Ég var búin að móta líkan sem ég beitti alltaf í sambandi við alla mína leiðsögn í sambandi við námsárangur. Þegar ég hætti í Háskólanum skrifaði ég bók um þetta líkan sem heitir *Lærum að nema* og kom út fyrir þremur árum. Síðan hef ég verið, ásamt bónda mínum, í Námsstofunni að vinna að því að gera líkanið að veflægum tækjabúnaði sem er í rauninni rafræn stílabók eða glósubók. Hún er notuð til að greina námsbókina og fella inn í ákveðnar heimasíðugrindur á forsendum sem nemandinn sjálfur telur mikilvægastar. Þetta tæki heitir NemaNet.“

Nemandinn les bókina og veiðir úr henni það sem hann telur mikilvægast og setur inn á grindurnar. Hann býr hlekki fyrir kafla og undirþemu þeirra og færir í kerfið það sem oft er skrifað á litlu gulu minnismiðana.

„Þegar við fórum af stað fyrir fjórum

árum skönnuðum við og greindum fjölmargar náms- og vefþjónustur nemenda. Við höfum enn ekki komið auga á neitt á þessum stóru skólavefsvæðum sem má kalla vinnuborð námsmannsins. Það má finna upplýsingaveitur frá kennara til nemenda, upplýsingar um stöðu nemandans í skólanum, skilyrði og próftöku og svo framvegis, en hvergi fundum við nokkuð í líkingu við þetta sem er þannig algerlega íslenskt hugvit.“

*Þú hefur markað þér sess á þessu nýja*

*Mér sviður að sjá nemendur sem eru komnir í níunda og tíunda bekk, fólk sem er á leiðinni út í lífið og hefur aldrei verið kennt á námsbók. Það er alveg sérstakt fag að læra á bók.*

*sviði en starf náms- og starfsráðgjafans er óskaplega vítt.*

„Þegar ég var í Háskóla Íslands var ég stöðugt að sinna nemendum sem komu beint úr framhaldsskóla. Þegar ég hætti störfum í Háskólanum fór ég að sinna nemendum á öllum skólastigum. Mín sýn er sú að það skiptir í raun engu máli á hvaða skólastigi nemendurnir eru, það eru sömu hlutirnir sem verið er að fást við. Nú er ég til dæmis að vinna verkefni með NemaNet í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi, sem er á unglingastigi, og það er stórkostleg reynsla. Ég geri ekki greinarmun á aldri ráðþega, nemandi er nemandi og ráðþegi er ráðþegi.“

*Hvað er mest aðkallandi í faginu?*

„Mér sviður að sjá nemendur sem eru komnir í níunda og tíunda bekk, fólk sem er á leiðinni út í lífið og hefur aldrei verið kennt á námsbók. Það er alveg sérstakt fag að læra á bók. Þegar búið er að koma sér upp verklagi sem getur verið míglegt og slappt og stærsta hindrun fyrir því að maður nái árangri, þá er erfitt að leggja það til hliðar og taka upp eitthvað nýtt. Ég hef fundið fyrir því á grunnskól-

astiginu að því fyrr því betra. Áttunda-bekkingarnir koma með risastór augu og athygli og þörf fyrir leiðsögn. Þeir eru tilbúnir í slaginn en í tíunda bekk eru nemendur farnir að umla og fussa. Það er ekki fyrr en þeir eru að fara í próf sem þeir eru tilbúnir að hlusta. Ég tel að það þurfi að byrja snemma. Ef við tileinkum okkur rétt verklag í námi í grunninn, þá er það eins og að læra að hjóla. Þú kannt það allar götur síðan.“ Best segir Ásta að unnið væri að því að kenna NemaNet frá níu ára aldri, krökkum sem eru farin að fá námbækur sem þarf að læra á.

Nú starfar Ásta á eigin vegum og segist sumpart hafi þannig lent í svipaðri stöðu og þegar hún var að hefja starf sitt við Háskóla Íslands. Komin á ákveðinn punkt að nýju þar sem aftur þarf að brjóta ísinn. Henni finnst undarlegt hve lítið er um að námsráðgjöf sé veitt utan skólans. Þó að hægt sé að fá viðtöl við einstaka hér og þar sé það ekki sýnilegt. Og Ásta spyr hvornig þetta megi vera því það henti ekki alltaf að fara inn í skólana. Sumir hafi brennt brýr að baki sér, séu feimnir við að leita þangað og aðrir séu utan skóla og viti ekki hvert þeir eigi að leita.

„Eftir allan þennan tíma hef ég reynslu og innsæi um hvað gagnast nemendum. Þess vegna ver ég miklum tíma og kröftum í að þróa lausnir sem ég veit að virka. Það fer hinsvegar mikill tími í að sannfæra ýmsa aðila um að þetta sé eitthvað sem skiptir máli. Mér finnst sú iðja ekki eins spennandi og fyrir tuttugu og fimm árum! Ég er hugsjónakona, elska þetta starf og nýt þess að finna að leiðsögn mín virkar fyrir fólk. Það gefur mér mikið en núna vil ég helst taka slaginn innan frá, þróa aðferðir og miðla á forsendum þarfa hvers og eins.“

---

**Viðtalið vann: Anna Kristín Jónsdóttir, verkefnisstjóri MA-náms í blaða- og fréttamennsku, félagsvísindadeild Háskóla Íslands**

# ViTal – forrit

## les texta og nýttist vel í námi

ViTal er tölvuforrit (talgevill), sem les texta upphátt úr tölvu. Talgevillinn sem hér um ræðir les íslensku (röddin Snorri) og ensku (röddin Header, Roger). Einnig getur talgevillinn lesið fleiri tungumál en því fylgir aukinn kostnaður. ViTal les í hvaða forriti sem er, hvort sem lesa á texta af netinu eða í Word, Power Point o.s.frv. Forritið getur ýtt undir sjálfstæðari vinnubrögð nemenda sem ná ekki sjálfvirkum, fyrirhafnarlausum lestri og góðum leshraða.

Þegar skrifa á texta í tölvunni getur forritið lesið það sem skrifað er jafnóðum og þrýst er á lykilorðið. Hægt er að láta lesa hvern staf fyrir sig, orð eða heilar setningar. Velja má alla þessa þrjá kosti og raða þeim saman eftir hentugleikum. Þetta hjálpar einstaklingum með slaka hljóðkerfisvitund (sjá orðskýringu), fólki sem á erfitt með að sundurgreina hljóð (bókstafi) orðanna, átta sig á röð þeirra, gera greinarmun á stuttu og löngu sérhljóði, (á undan einföldum eða tvöföldum samhljóða), hörðum og linum samhljóðum (b/p d/t g/k) og hljómlíkum stöfum (v/f þ/ð ö/au). Þeir sem eru með slakan orðaforða eiga líka í erfiðleikum með lesskilning og það hjálpar þeim lítið að fá lesefnið sitt uppleið.

Nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur og stafsetningu geta með hjálp ViTals unnið verkefni á tíma sem hentar þeirra eigin vinnuhraða, einir og óstuddir. Þetta eflir sjálfstæði og sjálfmynd nemandans sem ekki verður lengur háður aðstoð og stuðningi annarra, heldur tekst á við verkefni á sínum eigin forsendum og eflir um leið lestrargetu og

úthald við lestur. Forritið getur breytt upplifun nemandans og verkefnunum frá því að vera: „Við fengum einkunnina ...“ yfir í „Ég fékk einkunnina ...“

Skólinn getur einnig hjálpað einstaklingunum að nálgast námsefni með því að skanna inn bækur og verkefni á tölvutækt form þegar ekki er hægt að nálgast efnið annars staðar.

Notandinn getur stjórnað leshraða forritsins eftir þörfum og með tilliti til tilgangs lestrarins og þyngdar lesefnisins. Námsefni þarf oft að lesa hægar en bloggsgíður eða annað skemmtiefni. Einnig er hægt að stjórna því hve lengi röddin bíður á milli orða og setninga.

*Nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur og stafsetningu geta með hjálp ViTals unnið verkefni á tíma sem hentar þeirra eigin vinnuhraða, einir og óstuddir.*

Fyrir nemendur sem eru með hægán nefnuhraða (sjá orðskýringu) hentar þessi kostur vel því að sjálf orðin eru lesin hratt, en hægt er að lengja biðina milli þeirra.

ViTal les texta og það sem er skrifað eins lengi og forritið er opið og einnig meðan það sést á forritsglugganum/upphafsslá sem er neðst á tölvuskjánum.

Forritið sjálf er sænskt að uppruna. Mörgum gæti fundist það vera galli en fyrir þá sem eiga í erfiðleikum með ensk-



Ingunn Hlín Jónasdóttir

una getur þetta verið ágætur kostur, því að sænskan er mun líkari íslensku en enskan.

Sjálf er ég lesblind og nota forritið í námi mínu við Háskóla Íslands. Ég nota það til að lesa allan lestexta, bækur, greinar og glærur og til að lesa fyrir mig verkefni sem ég vinn að hverju sinni. Námsráðgjöf Háskóla Íslands sér um að láta skanna allt

námsefni á tölvutækt form svo að nám mitt og annarra nemenda með lestrar- og námserfiðleika verði viðráðanlegra.

Þau sem vilja kynna sér forritið nánar geta hafa samband við Ingunni Hlín Jónasdóttur. Netfangið er [ihj@hi.is](mailto:ihj@hi.is) og síminn er 699 8841.

### Orðskýringar

Nefnuhraði er sá tími sem það tekur að nefna hluti, bókstafi, liti eða önnur áreiti sem birtast með endurteknum hætti sjónum viðkomandi manneskju. Hægur nefnuhraði er eitt einkenni lesblindu (dyslexíu) og tengist einkum þeim tíma sem það tekur að færa sig milli áreitanna.

Hljóðkerfisvitund vísar til almennrar hæfni við að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orðanna. Þetta er meðal annars vitund viðkomandi manneskju um að orð eru samansett úr stökum hljóðum sem hægt er að greina í talmáli.

Ingunn Hlín Jónasdóttir er nemi í Háskóla Íslands og umboðsaðili fyrir ViTal tölvuforritið

*Víð þökkum stuðninginn*

KVENNASKÓLINN  
Í REYKJAVÍK

VERKMENNTASKÓLINN  
Á AKUREYRI



# Hugleiðingar á afmælisári

Það var árið 1991 að ég kynntist Félagi námsráðgjafa þegar ég kom heim frá námi og hóf störf sem námsráðgjafi í þremur grunnskólum. Þetta haust hafði menntamálaráðuneytið veitt sérstakt fjármagn til að ráða í fimm stöðugildi námsráðgjafa við grunnskóla. Þessi ráðstöfun var áreiðanlega að undirlagi Gerðar Óskarsdóttur sem starfaði sem sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu í ráðherratíð Svavars Gestssonar. Fyrir voru tveir eða þrír starfandi námsráðgjafar í grunnskólum.

Það kom mér á óvart hversu lifandi og öflugt starf var í þessu litla félagi. Félagsmenn störfuðu á öllum skólastigum auk nokkurra sem störfuðu annars staðar. Mikill metnaður var lagður í árlegt endurmenntunarnámskeið og fræðslufundi félagsins að ógleymdum dásamlegum jólafundum. Auk þess voru félagsmenn virkir í alls konar samstarfshópum sem voru meira eða minna sjálf-sprottin af brýnni þörf einyrkjanna til að komast í fagleg tengsl við aðra sem sinntu sama starfi. Starfið innan grunnskólanna var í sífelldri mótun fyrstu árin þar sem hefðir voru litlar, starfslýsingar engar og engin yfirvöld sem reyndu að stýra starfinu.

Þegar ég lít til baka yfir farinn veg þau fimmtán ár sem ég hef verið félagsmaður, hefur mér fundist starf þessa félags einkennast af metnaði faghópsins, ánægjulegri samveru þegar tækifæri gefast og löngun til að festa fagið í sessi. Eftirminnilegust eru mörg metnaðarfull og bráðskemmtileg endurmenntunarnámskeið þar sem áhersla var lögð á að fá úrvals fyrirlesara og koma þá fyrst upp í hugann stórnöfn eins og Peavy, Amundson, Monk, Gerður Óskarsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Baldvin Steindórsson. Það sem gerði þessi endurmenntunarnámskeið svo eftirminnileg og sérstök var auk fyrirlesara virkni og starfsgleði þátttakenda í hóp-vinnu. Guðrún Sederholm sem var formaður félagsins á undan mér kenndi mér þá lexíu að á námskeiðum hjá félaginu yrði að gæta þess vel að hafa kaffitíma og matartíma skipulagða þannig að fólki liði vel, fengi gott að borða og ekki síður

tíma til að ræða saman. Ég hef sannfærst æ betur um að þetta voru mikilvæg sannindi og þessi sérkenni endurmenntunar okkar verða að fá að halda sér. Þetta er svo ólíkt því sem ég upplifi á endurmenntunarnámskeiðum annars staðar, þar sem fólk fær helst ekki kaffihlé, heldur verður að taka kaffið með sér í sætin sín því að ekki er tími til samræðna og fræðslan fer allt of mikið fram með fyrirlestrum og lítilli virkri þátttöku þeirra sem endurmenntunina sækja.

Það var skemmtileg reynsla að vera formaður í félaginu og enn sem fyrr fannst mér jákvæðni og starfsgleði einkenna starf innan stjórnar jafnt sem utan. Það er óvenjulega auðvelt að fá fólk til að vinna góð verk í þessu félagi. Ég hef síðan fylgst með því full aðdáunar hvernig nýir formenn koma til starfa öflugir og glaðbeittir með duglega meðstjórnendur. Í minni formannstíð unnum við meðal annars að því að fá fulla aðild að norrænu samstarfi með þátttöku í stjórn. Í því samstarfi fann ég líka fyrir því hversu sterk við stöndum bæði menntunarlega og faglega.

En hvers vegna eru námsráðgjafar svona glaðir, skemmtilegir og jákvæðir þegar þeir koma saman til að ræða málin, endurmennta sig eða vinna að félagsstörfum? Ég vil tengja það sjálfmynd þessa faghóps, sem ég held að sé sterk og jákvæð. Við erum þó nokkuð ánægð með starfið okkar og ekki síður okkur sjálf sem starfsmenn. Tengist þetta e.t.v. líka þeirri starfshugsun að leita lausna og leiða ef vandi er á ferð fremur en að leggjast í eynd og volæði?

Gífurleg þróun og efling hefur átt sér stað frá árinu 1991. Félagsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt. Náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum hefur fjölgað mjög og sama má segja um félagsmennina sem starfa á vinnumiðlunum. Háskólum hefur fjölgað og í þeim öllum starfa félagsmenn okkar. Stærsti þátturinn í þessari þróun hefur verið uppbygging náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum. Þegar Gerður



Sigrún Ágústsdóttir

Óskarsdóttir tók við embætti fræðslustjóra árið 1996 rúllaði boltinn af stað. Undir forystu Gerðar var fljótlega tekin ákvörðun um að ráða námsráðgjafa við alla grunnskóla sem voru með unglingastig. Fljótlega fylgdu nágrannasveitarfélögin á eftir. Þessi vöxtur er vissulega afleiðing pólitískra ákvarðana, en hún hefur haldið áfram jafnt og þétt vegna þess að þeir sem starfa í faginu hafa sýnt og sannað að sú þjónusta sem náms- og starfsráðgjafar veita er mikilvæg og árangursrík.

Námsbrautin okkar í Háskóla Íslands hefur vaxið og dafnað í öruggum höndum Guðbjargar Vilhjálmsdóttur. Það var stór áfangi þegar námið hófst formlega haustið 1990. Námið hefur þróast og námsbrautin eflast jafnt og þétt. Nemandur eru farnir að útskrifast úr fjarnámi og nú hefur námið lengst og sá möguleiki opnast að útskrifast með MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf. Það má búast við eflingu í faginu eftir því sem fleiri útskrifast með MA-gráðu og rannsóknir eflast enn frekar.

Náms- og starfsráðgjafar eru ekki lengur frumkvöðlar sem eru að byggja upp nýtt og vaxandi fag. Núna hafa þeir fest sig í sessi og sannað tilverurétt sinn og eru hópur sem nýtur virðingar í starfi. En við lifum ekki af ánægju og virðingu einni saman. Íslenskt samfélag metur störf sem felast í þjónustu við fólk ekki mjög mikils þegar laun eru annars vegar. Það á einnig við um okkar starf. Það er endalaust verkefni fram undan við að vinna að bættum launakjörum í félaginu. Umræða þarf að fara fram um það hvar náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum eigi að vera í stéttarfélagi með samningsrétt sinn. Áfram þarf að vinna að því að fá lögverndun á starfsheiti okkar og meta þarf miklu betur til launa en nú er gert það framhaldsnám sem náms- og starfsráðgjafar stunda. Fjölga þarf náms- og starfsráðgjöfum þannig að takmarkið náist að einn námsráðgjafi verði fyrir 300 nemendur á öllum skólastigum. Handleiðsla sem æ fleiri náms- og starfsráðgjafar njóta á að vera sjálfsagður hlutur fyrir alla.

Ég sé framtíðina í björtu ljósi. Okkar bíða mörg og flókin verkefni og við erum

sérfræðingar í að vinna með fólki, meðal annars að því að leita lausna. Ég hef þá trú að ef okkur tekst að vinna að þessum verkefnum með gömlu og góðu starfs- gleðinni og jákvæðu hugarfari þá vinnist áfram áfangasigarar. Við þurfum að passa vel upp á hópinn okkar sem stækkar svo ört. Sameiginleg endurmenntunarnám- skeið á tveggja til þriggja ára fresti eru nauðsynleg til að stilla saman strengina, efla tengslin milli þeirra sem starfa á mi- smunandi skólastigum og annars staðar og blása í okkur krafti.

Ég óska öllum félagsmönnum til ham- ingju á þessum tímamótum og óska fé- laginu alls góðs í framtíðinni.

---

Sigrún Ágústsdóttir er náms- og starfsráðgjafi í Réttarholtsskóla



„Hann er búinn að vera hér mjög lengi.  
En enginn veit hver starfslýsing hans er.“

## Vinnumiðlanir á Íslandi

Eftir að Vinnumálastofnun tók til starfa árið 1997 hafa vinnumið- lanir verið opnaðar í öllum lands- fjórðungum. Þær eru staðsettar í Reykjavík, á Akranesi, Ísafirði, Blöndu- ósi, Akureyri, Egilsstöðum, í Árborg og Reykjanesbæ. Vinnumiðlanir hafa það meginhlutverk að aðstoða ein- staklinga í atvinnuleit og atvinnurek- endur við að útvega hæft starfsfólk í samræmi við hæfniskröfur sem eru gerðar. Margir einstaklingar skrá sig í atvinnuleit með það í huga að skipta um starf þegar hentugt starf býðst. Atvinnurekendur óska eftir starfs- fólk til lengri eða skemmri tíma, heil- ar stöður eða hlutastörf sem krefjast lítillar eða mikillar menntunar.

Það er hægt að nálgast starfsem- ina á veffanginu [www.vinnu- malarstofnun.is](http://www.vinnu- malarstofnun.is) þar sem allar vinnu- miðlanir á landinu eru á svörtum borða ofarlega á blaði. Þegar smellt er á við- komandi vinnumiðlun opnast síða með ýmsum gagnlegum upplýsingum, meðal annars um störf í boði og fleira. Á öllum skrifstofum Vinnumálastofnunar starfar náms- og starfsráðgjafi sem aðstoðar fólk við leit að starfi eða námi innanlands og utan. Einnig er boðið upp á aðstoð við gerð ferilskrár eða atvinnuumsóknar auk undirbúnings undir starfsviðtal auk þess sem víða er boðið upp á áhugasviðs- greiningu.

Atvinnuleitendur eru stærsti viðskipta-



Ketill G. Jósefsson

hópurinn. Það er venjan að gera starfs- leitaráætlun við ráðþegann þar sem hug- myndir hans um hvernig skuli staðið að atvinnuleitinni koma fram. Markmiðið er að atvinnuleitandinn sé virkur í leit að starfi. Hjá vinnumiðlun sem hér eftir nefnist Vinnumálastofnun (samkvæmt nýjum lögum um atvinnuleysisstrygging- ar frá 1. júlí 2006) er góð aðstoða fyrir fólk til að sinna starfsleit. Þar er meðal annars aðgangur að tölvu og síma sem er atvinnuleitendum að kostnaðarlausu.

Ýmis úrræði standa atvinnuleitend- um til boða eins og nám eða námskeið sem auka kunnáttu og færni viðkomandi einstaklings og styrkja hann út á vinnu- markaðinn. Þá eru líka til önnur úrræði sem náms- og starfsráðgjafar vinna að í samræði við atvinnurekendur. Þar má nefna starfskynningu sem er stutt ólaun- uð viðvera á vinnustað og starfsþjálfun sem er tímabundin þjálfun og þátttaka

*Náms- og starfsráðgjöf ætti að vera sjálfsögð og aðgengileg öllum í nútímasamfélagi. Það þarf að tryggja þennan aðgang frá bernsku til fullorðinsára, frá skóla til atvinnulífs.*

í starfsemi á vinnustað allt frá 3–6 mán- aða. Sérstök verkefni eru fyrir þá sem sýna frumkvæði til atvinnusköpunar.

Atvinnurekendur eru annar stærsti hópurinn sem leitar til vinnumálastofnu- nar og þar skiptir máli fyrir náms- og starfsráðgjafann að vera í sambandi við gott vinnuafli sem er í leit að starfi eða langar til að skipta um starf. Vinnuveit- endur geta sent inn verkbeiðnir á Net- inu líkt og atvinnuleitendur senda inn atvinnuumsóknir (sjá [www.vinnu- malarstofnun.is](http://www.vinnu- malarstofnun.is)).

Náms- og starfsráðgjöf ætti að vera sjálfsögð og aðgengileg öllum í nútíma- samfélagi. Það þarf að tryggja þennan aðgang frá bernsku til fullorðinsára, frá skóla til atvinnulífs.

---

Ketill G. Jósefsson er forstöðumaður Vinnumálastofnunar Suðurnesja

# Náms- og starfsráðgjafar rækta mannauð

## Um samstarf Félags náms- og starfsráðgjafa og Samtaka iðnaðarins

Félag náms- og starfsráðgjafa og Samtök iðnaðarins hafa átt farsælt og frjótt samstarf mörg undanfarin ár. Hæst ber samstarf um IÐUNA upplýsingavef um nám og störf sem Samtökin hleyptu af stokkunum árið 2000. Náms- og starfsráðgjafar hafa notað IÐUNA í störfum sínum og bent ungu fólki á að þar megi finna góðar upplýsingar um möguleika til náms og starfa.



Ingi Bogi Bogason

*Við hjá Samtökum iðnaðarins teljum að störf náms- og starfsráðgjafa séu afar mikilvæg í samfélagi nútímans. Náms- og starfsráðgjafar eru einmitt í lykilstöðu til að koma á ákjósanlegu stefnumóti nemenda og náms. Með þekkingu sinni gefa náms- og starfsráðgjafar ungu fólki ráð um nám sem er í samræmi við áhuga þess og hæfileika.*

Spyrja má hvers vegna Samtök iðnaðarins ýttu úr vör IÐUNNI upplýsingavef um nám og störf. Ástæðan er fremur einföld. Af öllum þeim auðlindum, sem fyrirtæki reiða sig á, er mestur skortur á góðu starfsfólki. Samtök iðnaðarins töldu að með því að upplýsa ungt fólk kerfisbundið um möguleika til menntunar og starfa myndu fleiri læra til þess sem þeir hafa áhuga á og vinna við það sem hugur þeirra stendur til. Einnig fá fyrirtæki fleira áhugasamt og dýrmætt starfsfólk en ella.

IÐUNNI var ýtt úr vör aldamótaárið og hefur verið starfrækt óslitið síðan. Um þetta leyti fjölgaði háskólastudentum hratt, eða um 63% árin 2000–2005. Frá þeim tíma hafa hugmyndaauðgi, frumkvæði og menntun verið talin meðal lykiltríða í fyrirtækjarekstri.

Upplýsingar á IÐUNNI varða ekki einungis nám og störf í iðnaði heldur var frá upphafi gerð tilraun til að kortleggja öll störf í atvinnulífinu og allt nám sem leiðir beint eða óbeint til tiltekinna starfa. Vefurinn einskorðast ekki við einstök skólastig heldur leitast hann við að lýsa störfum í öllum atvinnuvegum.

Fljótlega sömdu Samtök iðnaðarins við Félag náms- og starfsráðgjafa um að félagið endurskoðaði efni vefjarins og upplýsti félagsmenn, sem flestir starfa í skólum landsins, um gagnsemi hans. Samningurinn var endurnýjaður reglulega og hefur verið báðum að miklu gagni.

Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi talið að það sé hlutverk yfirvalda menntamála að reka upplýsingastarfsemi í anda IÐUNNAR. Samtökin hafa margsinnis átt fundi með menntamálaráðuneytinu í því skyni að kalla eftir ábyrgð stjórnvalda á þessari þjónustu. Erindum hefur verið tekið ljúflega en áhugi reynst lítill þegar átt hefur til að taka.

Í þessu ljósi tóku Samtök iðnaðarins ákvörðun um það fyrir allnokkru að takmarka umfang IÐUNNAR upplýsingavefjar við þær greinar sem helst snerta iðnaðinn. Eins eru áætlanir um að draga úr umsvifum vefjarins en leggja aukna áherslu á þá þætti sem mestrar hylli njóta, Nám og störf og Spurt og svarað.

Vorið 2006 tók til starfa IÐAN fræðslusetur sem er sameiginlegt endurmenntunarfélag byggingar-, málm-, prentiðnaðar og hótél- og veitingagreina. (Sjá nánar: [www.idan.is](http://www.idan.is)). Samkomulag hefur tekist við IÐUNA fræðslusetur um að starfrækja IÐUNA upplýsingavef.

Staðreynd er að fyrirtæki verða ekki öflugri en það fólk sem starfar hjá þeim. Þessi misserin er mikill hörgull á vel menntuðu og hæfu starfsfólki í ólíkar starfsgreinar. Nefna má að bygginga- og verktakaiðnað skortir iðnaðarmenn til fjölmargra starfa og upplýsingatækniðnaður og sprotafyrirtæki eru á höttunum

eftir tækni- og verkfræðimenntuðu fólki.

Mikill vöxtur er í atvinnulífinu. Í raun má segja að atvinnulífið í heild gangi gegnum róttækt umbreytingarferli um þessar mundir. Fyrirtæki setja fram metnaðarfulla framtíðarsýn og setja sér háleit markmið sem hafa nánast allar forsendur til að verða að veruleika. Það eina sem of oft hamlar því að framtíðarsýnin nái fram að ganga er einmitt menntun og færni starfsfólks.

Við hjá Samtökum iðnaðarins teljum að störf náms- og starfsráðgjafa séu afar mikilvæg í samfélagi nútímans. Náms- og starfsráðgjafar eru einmitt í lykilstöðu til að koma á ákjósanlegu stefnumóti nemenda og náms. Með þekkingu sinni gefa náms- og starfsráðgjafar ungu fólki ráð um nám sem er í samræmi við áhuga þess og hæfileika. Atvinnulífið er einmitt á höttunum eftir áhugasömu og hæfileikaríku fólki, fólki sem nýtur þess sem það gerir.

Samtök iðnaðarins óska Félagi náms- og starfsráðgjafa allra heilla á 25 ára afmælinu. Við þökkum gott samstarf á liðnum árum og erum reiðubúin að vinna að nýjum verkefnum með félaginu á komandi árum.

**Ingi Bogi Bogason er sviðsstjóri menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins**

*Við þökkum stuðninginn*



# Hvað gerir þú? Við hvað starfar þú?

Hvað gerir þú? Við hvað starfar þú? Þetta eru mjög algengar spurningar og oft er það svo að við skilgreinum okkur út frá starfsheiti okkar. Ég hef verið að velta því fyrir mér undanfarið hvað það þýðir fyrir mig að vera náms- og starfsráðgjafi og hvernig ég endurspegla mig í því starfsheiti. Ég fór að leika mér að því (við gerum það ekki nógu mikið og oft!) að skrifa niður starfsheitið lóðrétt og finna orð sem ég taldi að lýsti mér sem fagmanni, starfsumhverfi mínu og fagmennsku starfs míns. Það mætti segja að þetta væri mitt „credo“. Hér sjáid þið afrakstur leiksins og þanka minna.

**Nám** – Í upphafi starfsheitis okkar er grundvallarundirstaða míns sjálfs sem fagmanns – námið sjálf. Ég lauk diplóma frá Háskóla Íslands í námsráðgjöf árið 1995 auk meistaráráðu í ráðgjafarsálfræði frá Bandaríkjunum 1999. Ég naut mín mjög vel í náminu við Háskóla Íslands og var það mjög góður tími. Mikilvægar undirstöður eru lagðar í fagnami okkar þar sem fagmynd hvers og eins þroskast. Ég tel það mikið gæfuspor fyrir fagstétt náms- og starfsráðgjafa á Íslandi að meistaranám sé hafið við Háskóla Íslands. Með meistaranáminu gefst auk-ið svigrúm til að leita dýpra ofan í fræðin auk þess sem rannsóknir eru lykill að framþróun í greininni.

**Árangur** – Mér finnst mjög mikilvægt að ég skynji eða sjái árangur af starfi mínu, bæði hvað varðar ráðþega mína og sjálfa mig. Það er einstaklega ánægjuleg tilfinning að sjá þegar árangur hlýst af þeim ráðum, aðferðum eða leiðum sem ég býð ráðþegum mínum þegar þeir koma til mín í náms- og starfsráðgjöf. Stundum er það nú svo að árangurinn lætur bíða eftir sér eða er mér ekki sýnilegur. Ráðþeginn kemur e.t.v. aðeins í eitt skipti en þá er mikilvægt að skilja við viðkomandi og kveðja á þann hátt að hann hafi í hendi sér tæki, tól og hugsanir sem að gefa honum eða henni tækifæri til að ná árangri. Persónulegur árangur felst í því að sjá gott verk komast í gagnið – að sjá hugmynd verða að veruleika.

**Metnaður** – Hér vísa ég til þess að hafa metnað fyrir faginu og sjálfum sér sem fagmanni. Það hjálpar til að setja



Jónína Kárdal

*Ég held að það sé hverju okkar hollt að staldra við og íhuga hvað það þýðir að bera starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Hvað er ég að segja með starfi mínu og hverju vil ég koma á framfæri?*

sér ákveðin markmið – að skipuleggja ákveðin skref varðandi starfsferil sinn og verkefni og leggja metnað sinn í að láta áætlunina ganga upp.

**Símenntun** – Náms- og starfsráðgjafar ættu öðrum fremur að gera sér grein fyrir mikilvægi símenntunar, ekki einungis fyrir ráðþega okkar heldur okkur sjálf. Ég tel að þessi þáttur geti orðið útundan í amstri dagsins eða að við séum stundum ekki nægilega meðvituð um þau tækifæri sem að bjóðast til símenntunar. Menntun krefst einbeitingar og tíma og það getur verið svo að við teljum okkur ekki hafa tíma til að stunda símenntun vegna anna eða álags í starfi og einkalífi. Símenntun er þó einmitt tæki sem gerir okkur að enn hæfari og færari fagmönnum. Símenntun er tæki til að kynnast nýjungum í fagi okkar og getur tekið á sig margar myndir. Símenntun, í mínum huga og í sinni víðustu mynd, getur verið spjallið sem maður á við samstarfsmann.

**Samvinna** – Það er mín reynsla að náms- og starfsráðgjafar séu einstaklega samvinnufúsir og opnir fyrir hugmyndum og umræðum af ýmsum toga. Þetta er mjög mikilvægt í fagstétt sem okkar, því að starfið byggir á samvinnu okkar í milli og milli annarra fagstétta. Það er mikilvægt að hlúa að samvinnu og þeim afrakstri sem það gefur.

**Trúnaður og traust** – er grundvöllur ráðgjafarsambandsins sem við eigum með ráðþega okkar. Ráðþeginn treystir okkur fyrir því sem hann er að glíma við og að við höldum trúnað við hann innan ramma starfs okkar. Við þurfum einnig að bera traust til okkar sjálfra. Mér dettur einnig í hug tækifæri og tengsl. Á þeim tímamótum sem FNS stendur nú á tel ég

að það séu margs konar tækifæri sem hægt er að nýta sér. Mikill meðbyr er til staðar í samfélaginu á Íslandi með náms- og starfsráðgjöf. Ég held að við eigum einnig að búa til tækifæri – tækifæri sem leiða til breytinga, tækifæri til að kynna starf okkar. Að vera óhrædd að stökkva þegar tækifærið býðst. Tengslanet náms- og starfsráðgjafa þarf að vera öflugt. Þar má annars vegar nefna tengsl við aðrar fagstéttir sem vinna að sama marki – þ.e. að styðja við einstaklinga og hins vegar tengslanet við yfirvöld og sveitarstjórnir til að sjónarmið náms- og starfsráðgjafa heyrast.

**Alúð** – Það er nauðsynlegt að sýna alúð í starfi, bera virðingu fyrir hverjum og einum sem til manns leitar, virðingu fyrir manneskjunni og þeim vanda og verkefnum sem viðkomandi stendur frammi fyrir. Að sinna starfinu með alúð.

**Rannsóknir** – eru tæki til framþróunar. Ég tel eins og áður sagði að með meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands muni verða mikil framþróun í okkar faggrein. Mikil þörf er á íslenskum rannsóknnum um allt það er snertir náms- og starfsráðgjöf. Rannsóknir munu styrkja stöðir fagsins og styðja við uppbyggingu þess. Ég tel einnig mikilvægt að hver og einn félagsmaður fylgist með nýjustu rannsóknnum í gegnum fagtímarit, innlend og erlend, og sé aðili að erlendum náms- og starfsráðgjafarfagfélögum. Framlag íslenskra rannsókna í náms- og starfsráðgjöf er framlag til alþjóðasamfélagsins.

**Fagmennska og færni** – Hér er eitt lykilaatriðið í starfi náms- og starfsráðgjafa. Að starfa ávallt í anda fagmennskunnar og vera í stakk búinn til að sníða ráðgjaf-

arlausnir að hverjum og einum ráðþega. Að vera fær um að leysa margþætt verkefni og nota til þess ýmiss konar tæki, hvort sem það eru mælitæki eða æfingar. Að vita hvers konar fagmaður maður er, hvar styrkur okkar liggur og hvað má betur fara.

**S**amvera – Mér hefur fundist mikilvægt í mínu starfi að geta átt samverustundir með kollegum mínum, bæði samstarfsfólki og félögum í FNS. Samvera er bæði skemmtileg og dýrmæt vegna þess að það er hægt að ræða um hluti sem hvíla á manni, það er hægt að hlæja að skemmtilegum uppákomum og það er hægt að láta gamminn geisa og skiptast á skoðunum. Ég fræðist um starf annarra kollega um leið og hægt er að slaka á og njóta góðrar stundar. Ég held að ég ætli að gefa mér meiri tíma til að eiga samverustundir með félögum mínum í FNS. Með samverunni eignast maður einnig góða vini.

**R**áðþegi – Ef það væri ekki fyrir ráðþegann þá hefði ég og fleiri náms- og starfsráðgjafar lítið að gera! Fram til þessa hafa ráðþegar mínir verið þeir sem hafa verið í menntakerfinu og ég þar af leiðandi lifað og hræst í þeim heimi. Mér finnst nauðsynlegt að aðgengi ráðþega að náms- og starfsráðgjöfum einskorðist ekki við menntakerfið heldur eigi það að vera sem víðast í samfélaginu. Náms- og starfsráðgjöf er þörf öllum þeim sem eru að velta fyrir sér að breyta til í lífi sínu eða betrubæta.

**A**nægja – Ef að ég hefði ekki ánægju af starfi mínu sem náms- og starfsráðgjafi væri ég löngu hætt! Uppspretta ánægjunnar er sú að geta leitt gott af sér, geta sinnt því sem lýtur að áhugasviði manns í starfi og verið í kringum og starfað

með skemmtilegu og áhugaverðu fólki. Ánægjan felst í að takast á við ólík verkefni, sjá þau til lykta leidd og upplifa það að maður hafi lært eitthvað nýtt.

**D** (Draumar) – Þar sem ekkert íslenskt orð byrjar á ð-i breyti ég því í d. Draumar! Draumar eru drifkraftar. Það er gott að láta sig dreyma um hluti – að leyfa huganum að reika og sjá fyrir sér framtíðina, detta niður á góðar hugmyndir og sjá fyrir sér lausnir. Hvað ef ég...? Hvernig verður staðan ef ég...? Draumar lyfta manni upp og gefa manni kraft til að framkvæma – að láta draumana rætast. Draumar mínir snúast um það að gera starf mitt betra, í sem víðustum skilningi og njóta hvernar stundar í starfi.

**G**ildi og gagn – Ég tel að starf mitt og starfsheiti feli í sér ákveðnar birtingarmyndir þeirra gilda sem ég vil halda í heiðri. Ég vil vera ráðþegum mínum til gagns. Ég vil trúá því að sérhver einstaklingur hafi tækifæri til að breyta þannig að hann eða hún nái árangri eða markmiðum sínum. Ég vil að starf mitt sé ákveðið framlag til breytinga. Að sinna starfi mínu af heilindum og standa undir því nafni sem starfsheitið náms- og starfsráðgjafi felur í sér.

**J**ákvæðni – Ég tel að það skipti afskaplega miklu máli fyrir mann sem fagmann og persónu að hafa jákvætt hugarfar og láta jákvæðnina leiða mann áfram.

**A**fl – Ég skynja að starf mitt sem náms- og starfsráðgjafi og faggreinin getur verið afl – afl sem hefur áhrif til breytinga. Ég trúí því að þekking fagstéttarinnar geti verið afl sem leiði til breytinga fyrir íslenskt þjóðfélag – að með því að njóta og hafa aðgang að náms- og starfsráðgjöf muni það efla einstaklinginn til að framkvæma það sem hugur hans stendur til

og verði jafnframt samfélaginu til góðs.

**F**élagsskapur – Félagsskapurinn sem FNS býður upp á er mjög mikilvægur. FNS býður upp á vettvang þar sem kollegar geta hist og rætt málin, glaðst á góðri stund en ekki síst fylkt sér um sam-eiginleg hagsmunamál. FNS gefur félagsmönnum tækifæri til að hafa bein áhrif á málefni sem snerta fagið og standa vörð um hagsmuni þess. Sú reynsla sem fólst í því að vera formaður FNS verður mér ógleymanleg. Fyrir það fyrsta þá kynntist ég mjög mörgum einstaklingum – kynntist félagsmönnum betur og öðru fagfólki. Ég fékk tækifæri til að kynna hagsmunamál FNS og hitta áhrifamenn og konur. Ég var mjög stolt af því á ferðum mínum erlendis að segja frá félaginu okkar og hvað tekist hefur að áorka innan FNS.

**I**ðkun fags – Þetta tengist símenntuninni og þeirri skyldu okkar sem fagmanna að viðhalda þekkingu okkar, standa vörð um menntun okkar og fagímýnd.

Hér hafið þið það! Ég held að það sé hverju okkar hollt að staldra við og íhuga hvað það þýðir að bera starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Hvað er ég að segja með starfi mínu og hverju vil ég koma á framfæri? Félag náms- og starfsráðgjafa hefur svo sannarlega átt sinn þátt í því að móta mig sem fagmann og fyrir það ber að þakka. Ég óska okkur öllum innilega til hamingju með 25 ára afmælið. Ég hlakka til að eldast með félaginu og taka áfram þátt í eflingu þess og starfi.

---

Jónína Kárdal er náms- og starfsráðgjafi við Námsráðgjöf Háskóla Íslands

*Við þökkum stuðninginn*



# Nemendapjónusta

## Menntaskólans á Egilsstöðum

Náms- og starfsráðgjafar halda upp á aldarfjórðungsafmæli. Við slík tímamót er við hæfi að horfa yfir farinn veg, skoða stöðuna í dag og huga jafnframt að framtíðinni. Starf náms- og starfsráðgjafa er í sífellri þróun og mikið vatn er runnið til sjávar síðan náms- og starfsráðgjafar héldu innreið sína í íslenska skóla.

Ég hóf störf sem náms- og starfsráðgjafi árið 1990. Síðan hefur starfið þróast og breyst mikið og tekur í raun sífellt mið af þeim nemendahópi sem stundar nám hverju sinni. Við lifum á tímum mikilla breytinga sem óneitanlega gera vart við sig í störfum okkar. Vinnumarkaður hefur breyst mjög á undanförunum árum og sífellt aukast kröfur um menntun. Fjölmörg ný störf hafa orðið til og fjölmargar nýjar námsleiðir þróast, bæði innan framhaldsskóla- og háskólastigsins. Hátt brottfall hefur verið úr íslenskum framhaldsskólum og er það mikið áhyggjuefni. Við eigum ekki að sætta okkur við svo mikið brottfall, því að sá sem hverfur úr námi áður en hann lýkur skilgreindu framhaldsskóla- prófi hefur ekki sömu tækifæri og aðrir hvað varðar störf og aðgang að fjölbreyttu námsframboði háskólastigsins. Stór hluti starfs okkar náms- og starfsráðgjafa felst einmitt í því að varna því að nemendur falli brott með því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Náms- og starfsráðgjafar aðstoða einstaklinga við að finna leiðir í fjölbreyttu umhverfi náms- og starfsmöguleika út frá hæfileikum, styrkleikum og áhugasviði hvers og eins. Náms- og starfsráðgjafar leitast einnig við að þróa og veita úrræði þegar nemendur eiga við annmarka að stríða sem á einhvern hátt geta verið hindrun í námi. Starf náms- og starfsráð-



Sigrún Harðardóttir

gjafa mótast mjög eftir áherslum í skólastarfi hvers skóla og því má segja að það geti verið blæbrigðamunur á starfinu eftir skólum. Þeir skólar sem til dæmis bjóða upp á nám á almennri braut eru með annars konar nemendahópa en þeir skólar sem bjóða einungis upp á hinar hefðbundnu bóknámsbrautir.

Áherslur innan skóla hafa þannig hugsanlega meiri áhrif á mótun starfsins en staðsetning skóla, hvort hann er í dreifbýli eða þéttbýli.

Í Menntaskólanum á Egilsstöðum er boðið upp á fjölbreytt nám og stuðning við nemendur. Í boði er nám á öllum bóknámsbrautum til stúdentsprófs, listnám, starfsnám í íþróttum og nám á almennri braut. Einnig er boðið upp á hraðbraut fyrir þá nemendur sem gengur vel í námi. Í skólanum er lögð rík áhersla á að sinna öllum nemendum. Samkvæmt lögum á þeim að standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Í því sambandi gegnum við náms- og starfsráðgjafar lykhillutverki. Það er enginn aðili innan skólanna sem hefur betri sýn yfir þarfir nemenda og vitneskju um óskir þeirra um aðstoð og úrræði. Það erum við sem getum haft mikið um það

*Náms- og starfsráðgjafar aðstoða einstaklinga við að finna leiðir í fjölbreyttu umhverfi náms- og starfsmöguleika út frá hæfileikum, styrkleikum og áhugasviði hvers og eins. Náms- og starfsráðgjafar leitast einnig við að þróa og veita úrræði þegar nemendur eiga við annmarka að stríða sem á einhvern hátt geta verið hindrun í námi.*

að segja hvernig stoðkerfi skólanna lítur út. Stoðkerfi skólanna virðist sífellt verða viðameira og það segir okkur að þörf fyrir úrræði hefur aukist með tilkomu fjölbreyttari samsetningu nemendahópa. Að ganga illa í námi er talinn vera einn helsti áhættuþáttur varðandi brottfall. Hvaða námsumhverfi og stuðning þurfa nemendur sem gengur illa í námi? Hvernig komum við til móts við nemendur með sértæk námsvandamál, dyslexíu og ADHD? Reynsla okkar í Menntaskólanum á Egilsstöðum er sú að samstarf ólíkra faghópa þurfi að koma til.

Haustið 2005 var Nemendapjónusta ME sett á laggirnar. Markmið hennar er að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu og stuðning við nemendur og stuðla að því að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og að allir nemendur nái árangri í námi. Innan Nemendapjónustu skólans starfa umsjónarkennarar, námsráðgjafi, skólafélagsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sérkennari og forvarnarfulltrúi. Gott samstarf hefur verið við grunnskóla á Austurlandi í tengslum við greiningar nemenda og höfum við í auknum mæli verið að fá þær með umsóknum. Að auki er öllum nýnemum boðið að fylla út sjálfsmatslista þar sem nemendur meta sjálf-

*Við þökkum stuðninginn*





*Menntaskólinn á Egilsstöðum*

ir líðan sína, félagslega stöðu og gengi í námi. Er þetta gert til að geta komið sem best til móts við þarfir nemenda. Nemendapjónustan hefur útfært reglur varðandi þjónustu sem samþykktar hafa verið innan skólans. Þær reglur samanstanda af fjölbreyttum úrræðum sem í boði eru fyrir nemendur sem eiga við leshamlanir að stríða, ADHD, sálfélagsleg vandamál, fatlanir og langvarandi veikindi. Þegar úrræði hefur verið ákveðið er gengið frá skriflegu samkomulagi á milli nemanda og Nemendapjónustu. Í því samkomulagi er tilgreint hver þáttur nemandans sjálfs er og úrræði skólans. Afrit samkomulags fer síðan til allra kennara viðkomandi

nemanda.

Við náms- og starfsráðgjafar erum í lykilaðstöðu í því hlutverki að útfæra stoðkerfi í hverjum skóla og finna út hvað þarf að vera í boði af úrræðum og þjónustu.

Brottfall úr skóla er bæði persónulegur vandi og vandi alls samfélagsins. Það má ætla að ódýrara geti verið fyrir þjóðfélagið að auka sértæk úrræði innan framhaldsskólanna og stuðla þannig að því að fleiri geti lokið skilgreindu námi. Samstarf náms- og starfsráðgjafa og ólíkra faghópa er lykilatriði í uppbyggingu heildstæðrar þjónustu innan skólanna með hag nemenda og líðan í fjölskyldum þeirra að

leiðarljósi. Með slíku samstarfi getum við náms- og starfsráðgjafar séð til þess að um samfellda og uppbyggjandi þjónustu geti verið að ræða innan skólanna sem byggir á fjölbreyttum úrræðum til handa nemendum. Starf okkar mun halda áfram að þróast og breytast í takt við þá nemendur sem við erum að veita stuðning og ráðgjöf hverju sinni. Samstarf okkar við aðra fagaðila gerir ekkert annað en að bæta og auka þá þjónustu sem hægt er að veita innan skólanna.

---

**Sigrún Harðardóttir er verkefnisstjóri Nemendapjónustu Menntaskólans á Egilsstöðum**



# Atvinnutengt nám

## Samstarfsverkefni Vinnuskóla Reykjavíkur og Menntasviðs Reykjavíkur

Frá árinu 1994 hafa á hverju skólaári um 60–80 nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur uppfyllt hluta af stundaskrá sinni með þátttöku á vinnumarkaði. Í þessu greinarkorni er reynt að svara þeirri spurningu hvað atvinnuþátttaka með skólagöngu felur í sér fyrir nemendur.

### Skilningur fyrir avinnutengdu námi

Skólamönnum hefur lengi verið ljóst að það á ekki við alla að stunda bóknám. Atvinnutengda náminu er ætlað að koma til móts við þessa nemendur. Það kom snemma í ljós að markhópur verkefnisins voru unglingar með eðlilega greind en með greiningu eins og lesblindu. Þessir nemendur áttu það sameiginlegt að vera haldnir miklum námsleiða.

Árið 1994 var staða skólastjóra Vinnuskólans gerð að heilsársstöðu. Í þeirri ákvörðun fólst meðal annars á ásetningu að efla tengsl milli grunnskóla og vinnumarkaðar.

### Lagagrundvöllur fyrir atvinnuþátttöku nemenda

Í lögum um grunnskóla stendur að tíma- bundin atvinnuþátttaka sé heimil að því tilskildu að hún sé í samstarfi við skóla og falli inn í stundaskrá nemanda sem hluti af valfögum.

Upphaflega voru nemendur kallaðir Innherjar sem stunduðu atvinnu meðfram námi í kjarnagreinum. Þá varð einnig til hópur sem kallaðist Útherjar en það voru nemendur sem voru ekki í skóla. Útherjaverkefnið var afar erfitt viðfangs og vandamál einstaklinga í því voru svo stór að brátt var það lagt niður. Árið 2001 var nafninu á verkefninu breytt í Starfstengt nám og fimm árum síðar var því aftur breytt í Atvinnutengt nám.

### Markhópur

Þegar kennari verður var við mikinn skólaleiða hjá nemanda og mætingar og námsframvinda er komin á óásættanlegt stig, er eðlilegt að kanna hvort viðkomandi nemandi fái einhverja lausn með þátttöku í atvinnutengda náminu.

Þegar öll úrræði hafa verið fullreynð í skólanum getur nemendaverndarráð í samráði við foreldra sent inn umsókn til Vinnuskólans um atvinnutengt nám. Í



Dofri Örn Guðlaugsson

framhaldi af því er haldinn inntökufundur þar sem verkefnisstjóri atvinnutengds náms og kennsluráðgjafi þjónustumiðstöðvar hverfisins fara yfir stöðu nemandans ásamt náms- og starfsráðgjafa skólans.

### Einstaklingsmiðuð stundaskrá

Að loknu mati á líðan og námslegri stöðu nemanda er sett saman stundaskrá sem tekur mið af áhuga hans. Stundaskráin er að stærstum hluta byggð á kjarnafögnum vegna samræmdu prófanna og atvinnuþátttöku sem byggir á áhuga og vali nemandans. Slík einstaklingsmiðuð stundaskrá léttir álagi á nemandanum hvað varðar bóknámið. Góður árangur verkefnisins birtist best í svokölluðu jákvæðu brottfalli þegar nemendur hætta í atvinnutengda náminu og einhenda sér í undirbúning fyrir samræmdu prófin og taka þau til að eiga möguleika á framhaldsskólagöngu.



Nemandi í atvinnutengdu námi við vinnu á hundaleikskóla

*Náms- og starfsráðgjafi skólans fylgist með líðan og ástundun nemandans í skólanum en verkefnisstjóri í vinnunni. Þeir standa saman að því að hvetja nemandann til dáða.*

### Áhugi og val nemanda á vinnustað

Verkefnisstjóri tekur viðtal við nemandann. Í framhaldi af því er nemandinn ráðinn til vinnu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur sem hefur milligöngu um vinnu hans á óskavinnustaðnum. Nemandinn velur sér starfsvettvang með tilliti til framtíðaráforma um menntun og/eða áhugamál. Verkefnisstjóri finnur besta vinnustaðinn fyrir nemandann. Nemandinn fær laun frá Vinnuskólanum og skrifar undir samning þar sem hann staðfestir vilja sinn til að leggja sig fram um að breyta viðhorfi sínu til náms og takast á við námsefni vetrarins.

### Eftirfylgni

Náms- og starfsráðgjafi skólans fylgist með líðan og ástundun nemandans í skólanum en verkefnisstjóri í vinnunni. Þeir standa saman að því að hvetja nemandann til dáða. Að vori fær nemandinn vitnisburð frá Vinnuskólanum og vinnustaðnum um atvinnuþátttökuna.

### Samstarfsaðilar verkefnisins

Samstarfsaðilar að atvinnutengdu námi eru Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, þar sem Vinnuskóli Reykjavíkur starfar, Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar og Menntasvið Reykjavíkurborgar. Vinnuskóli Reykjavíkur stýrir framkvæmd verkefnisins og umsjón með framkvæmdinni hefur verkefnisstjóri, Dofri Örn Guðlaugsson.

Frekari upplýsingar og eyðublöð er að finna á [www.vinnuskoli.is](http://www.vinnuskoli.is), undir fyrir-sögninni Atvinnutengt nám.

**Dofri Örn Guðlaugsson er verkefnisstjóri Atvinnutengds náms hjá Vinnuskóla Reykjavíkur**

# Aldrei of seint

að ganga menntavegin



[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]



# Stiklað á störu í máli og myndum

## Stiklað á störu

15 ár eru nú liðin síðan gefið var út afmælisrit Félags náms- og starfsráðgjafa. Hér á eftir getur að líta nokkrar myndir úr starfi félagsins frá þeim tíma.

Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi við Kennaraháskóla Íslands tók saman



Guðrún Á. Stefánsdóttir starfaði sem formaður Norræna samtaka náms- og starfsráðgjafa á árunum 1999–2003. Áhrslur í starfseminni voru einkum þær að styrkja tengslanet á milli norrænu landanna.



Stjórnarfundur norræna samtaka náms- og starfsráðgjafa í Gautaborg í Svíþjóð 1998. Fyrir enda borðsins situr Lars Torkild Björn sem leiddi samtökin um árabíl.



Dr. Norman Amundson og kona hans Jeanette á góðri stund eftir að hafa haldið námskeið fyrir íslenska náms- og starfsráðgjafa árið 2001.



Hópráðgjöf í heilan dag. Náms- og starfsráðgjafanemar ásamt Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur í lok með nendum í Borgarholtskóla sem nutu ráðgjafar um áframhaldandi nám eða störf.



Ragnheiður Bóasdóttir og Elva Huld Haraldsdóttir eru fyrstu náms- og starfsráðgjafarnir sem útskrifast með MA-próf í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands

Jónína Kárdal formaður FNS á árunum 2003–2006 við undirritun samnings milli Samtaka iðnaðarins og FNS um að náms- og starfsráðgjafar haldi áfram að svara fyrirspurnum um nám og störf á síðunni [www.idan.is](http://www.idan.is)



Janet Lenz og Robert Reardon héldu námskeið hér á landi í notkun Self Directed Search, SDS. Námskeiðið ver skipulagt af Námsmatsstofnun og FNS. Þau starfa við University of Tallahassee í Flórída og eru leiðandi í skilvirkri náms- og starfsráðgjafarþjónustu fyrir háskólaumhverfi.



Dr. Norman Amundson er einn af þeim fræðimönnum á sviði náms- og starfsráðgjafar sem leiðbeint hafa íslenskum ráðgjöfum. Hér sést hann leiðbeina á námskeiði um hópráðgjöf. Á myndinni eru Arnfríður Ólafsdóttir, Norman Amundson, Auður R. Gunnarsdóttir, Anna Sigurðardóttir, Davíð Óskarsson, Lena Rist, Toby S. Herman og Sólveig Karvelsdóttir.



Undirbúningsnefnd fyrir norræna ráðstefnu náms- og starfsráðgjafa sem haldin var á Íslandi árið 1998. Á myndinni eru Anna Sigurðardóttir, Þórdís Guðmundsdóttir, Anna Kristín Halldórsdóttir og Marín B. Jónasdóttir. Marín er fyrsti náms- og starfsráðgjafinn sem útskrifaðist úr diplómanámi í námsráðgjöf frá Háskóla Íslands.



Árið 2002 gáfu Björk Einisdóttir, Inga Jóna Þórsdóttir, Ingveldur Sveinbjörnsdóttir og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir upplýsingar um nám og störf þegar Íðan, upplýsingaveita um nám og störf, var opnuð. Náms- og starfsráðgjafar hafa verið í samstarfi við Samtök iðnaðarins um rekstur Íðunnar.

# 25 ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa



Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent heldur fyrirlestur á IAEVG ráðstefnu í Lissabon 2005.



Útskriftarhópur 2004. Fyrstu nemendurnir sem útskrifast úr fjarnámi í náms- og starfsráðgjöf.



Ágústa Ingbórsdóttir, Sif Einarsdóttir, Mark Savickas og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir á góðri stund eftir velheppnaðan dag náms- og starfsráðgjafa, 20. október 2006.



Tíu ára afmælishátíð náms í náms- og starfsráðgjöf. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Arnfríður Ólafsdóttir, Ágústa Ingbórsdóttir, Gissur Pétursson, Anna Kristín Halldórsdóttir, Aðalsteinn Eiríksson og Gerður Óskarsdóttir.



Nemendur í vettvangsnámi fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum árið 2004.



Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur, dósent í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, voru veittar tvær viðurkenningar á árinu 2006 fyrir störf sín að menntun náms- og starfsráðgjafa og stefnumótun á sviðinu. Á myndinni sést Guðbjörg hjá viðurkenningarskjöldum á skrifstofu sinni í Odda. Efri skjöldurinn er alþjóðleg viðurkenning NCDA (National Career Development Association) en neðri skjöldurinn veitti Félag náms- og starfsráðgjafa henni á Degi náms- og starfsráðgjafa.

# Náms- og starfsráðgjafar á ferð og flugi



Líney Árnadóttir



Sigrún Þórisdóttir

Náms- og starfsráðgjafar hjá þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar á landsbyggðinni hafa unnið mikið uppbyggingarstarf í þjónustu við full-orðna atvinnuleitendur og fólk sem er að huga að námi. Þetta hefur verið krefjandi og skemmtilegt verkefni en í mörgu frábrugðið störfum náms- og starfsráðgjafa í þéttbýli vegna þess hve þjónustusvæðin eru stór og þjónustupegarnir búa dreift.

Hér á Norðurlandi vestra hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp faglega náms- og starfsráðgjöf og auðvelda aðgengi fólks að þjónustunni. Ráðgjafarnir bjóða viðtöl og námskeið í öllum þéttbýliskjörnum í umdæminu. Í viðtölunum er markmið ráðgjafarinnar að virkja ráðþega til að marka sér stefnu til næstu framtíðar hvað varðar nám og störf og er ánægjulegt að finna að eftirspurnin eftir ráð-

gjöfinni hefur aukist. Ráðgjafarnir eru jafnframt í stöðugum samskiptum við atvinnulíf. Það gerir þeim kleift að hafa góða yfirsýn yfir starfsemi í hverri atvinnugrein fyrir sig. Með púlsinn á árstíðarbundnum sveiflum á vinnumarkaðinum og þekkingu á þeim störfum sem fyrir hendi eru geta þeir upplýst ráðþegann um vinnumarkaðinn.

Að sama skapi eru ráðgjafarnir í nánú sambandi við þær stofnanir sem bjóða upp á menntun fyrir fullorðna. Með auknu framboði á fjarmenntun hafa möguleikar landsbyggðarfólks til að sækja sér menntun stóraukist og hefur það jákvæð áhrif á búsetu á landsbyggðinni. Ráðgjafarnir hafa einnig skipulagt fjölmörg námskeið fyrir atvinnuleitendur, boðið upp á áhugasviðsgreiningar, sérhönnuð starfsvalsnámskeið og ýmis önnur úrræði. Árlega hafa þeir tekið þátt í viku símenntunar til að kynna þjónustu sína og nú hefur náms- og starfsráðgjöf fest rætur sem raunhæfur valkostur fyrir fullorðna og stendur öllum til boða.

Líney Árnadóttir er forstöðumaður og Sigrún Þórisdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnumálastofnun á Norðurlandi vestra

*Við þökkum stuðninginn*



BÆJARSKRIFSTOFUR  
SELTEYRNARNESS

 **málning ehf.**  
-það segir sig sjálft-



# Framtíðin er í okkar höndum

KTÓCVTUTUR



*Framtíðin felst í hátækni*

*- Sjá ná nær um áskorun*

*til líkindámerinnar stofnu SI*

# SI

**Samtök Iðnaðarins**

# Dagur náms- og starfsráðgjafar

20. október 2006

Á fundi stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa á síðasta ári var ákveðið að haldið yrði upp á Dag náms- og starfsráðgjafa 20. október ár hvert. Tilgangurinn væri að vekja athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita í hinum ýmsu skólum, stofnunum og fyrirtækjum. Einnig að kynna strauma og stefnur í þessari fræðigreini. Með þessu móti er ætlunin að beina athygli þjóðarinnar að stöðu náms- og starfsráðgjafar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menntun og atvinnulíf.

Í ár var þessi dagur haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn með glæsibrag. Í tilefni dagsins var ákveðið að fyrir hádegi yrði staðið að kynningu á starfi náms- og starfsráðgjafa, sem starfa vítt og breitt um þjóðfélagið, innan þess vettvangs sem viðkomandi náms- og starfsráðgjafi starfar. Fagráð (grunn-, framhalds- og háskóla auk atvinnulífsins) voru sett á laggirnar til að koma með hugmyndir að því hvernig best væri að kynna starfið á þeirra vettvangi. Einnig voru gefin út dreifildi þar sem fram komu helstu hlutverk náms- og starfsráðgjafa, veggspjald og bókamerki til að kynna daginn. Vert er að geta þess að menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Vinnumálastofnun, Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar og Heimili og skóli hafa auk þess styrkt félagið dyggilega til að gera þennan dag að veruleika.

Víða var haldið upp á daginn með ýms-um hætti. Í grunnskólum stóðu náms- og starfsráðgjafar að kynningu á starfi sínu



Dr. Mark Savickas

í ákveðnum bekkjardeildum eða kynntu starfið út á við með því að dreifa bæklingum og öðru kynningarefni. Í framhaldsskólum og háskólum landsins var meðal annars sendur út tölvupóstur þar sem hlutverk og tilgangur náms- og starfsráðgjafar var kynnt. Vinnumálastofnun sem starfrækir vinnumiðlanir á átta stöðum víðsvegar um landið var með kynningu á þjónustu, námskeiðum og ýmsum öðrum úrræðum fyrir atvinnurekendur og atvinnuleitendur. Einnig var viðtal á rás 2 Ríkisútvarpsins við Gunnlaugu Hartmannsdóttur náms- og starfsráðgjafa sem starfar hjá þjónustumiðstöðinni í Árbæ og viðtal í Morgunblaðinu og á rás 1 Ríkisútvarpsins við formann félagsins, Ágústu Ingbórsdóttur.

Eftir hádegi var haldið málþing í Norræna húsinu í tilefni dagsins sem bar yfirskriftina Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla (sjá dagskrá hér fyrir aftan). Erindin voru mjög fróðleg, skemmtileg og komu inn á ýmis málefni sem tengjast náms- og starfsráðgjöf. Fjöll-uðu þau meðal annars um mikilvægi þess að til staðar sé „haldgott kerfi sem leiðbeinir ungum nemendum í gegnum frumskóg tækifæranna“ (Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir: Á degi náms- og starfsráðgjafa, sjá: <http://www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/nr/3743>). Guðbjörg Vilhjálmsson dóttir fjallaði meðal annars um endurskoðun MA-náms í náms- og starfsráðgjöf, mikilvægi þess að efla starfsþjálfun og að stofna tímarit náms- og starfsráðgjafa. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, fjallaði í erindi sínu um breytingar á vinnumarkaði og aðkomu náms- og starfsráðgjafa í að finna úrræði fyrir þennan hóp, og Eiríkur Jónsson, formaður K.Í. ræddi lögverndun starfsins og kom þar fram að þau mál væru nú á borði menntamálaráðherra. Aðalfyrirlesari dagsins var Dr. Mark Savickas sem er bandarískur fræðimaður á sviði náms- og starfsráðgjafar. Savickas er áhrifamikill á sviði starfsþróunarfræða og sálarfræði starfs. Hann er ötull og eftirsóttur fyrirlesari og var það því mikill heiður fyrir náms- og starfsráðgjafa á Íslandi að fá hann í heim-sókn. Fyrirlestur hans bar heitið „Starfsval sem ferli sjálfssköpunar“ (Occupational choice as a process of self-construction).





Fyrirlesarar sem fluttu erindi á málþinginu

Kynnti hann aðferð er hann notar og nefnist söguaðferð (narrative career theory). Áherslan í ráðgjöfinni er að hlusta á sögu ráðþegans. Hlutverk ráðgjafans er að finna þemu í frásögninni og nýta þau til að aðstoða ráðþegann við að byggja upp sjálfs-

mynd og sjálfstraust til að gera honum kleift að takast á við breytingar í lífinu. Ingi- björg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ræddi um ráðgjöf á vinnumarkaði. Að lok- um sögðu tveir ráðþegar frá reynslu sinni

af ráðgjöf. Voru erindi þeirra mjög fróðleg og skemmtileg.

Loks má geta þess að dr. Guðbjörg Vil- hjálmsdóttir, dósent í náms- og starfs- ráðgjöf við Háskóla Íslands, fékk heiðurs- viðurkenningu fyrir frumkvöðlastarf á



## Dagskrá málþings

13:00–13:10 **Setning málþings** Ágústa Elín Ingbórsdóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa

13:10–13:30 **Ávarp menntamálaráðherra** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra

13:30–14:30 **Occupational choice as a process of self construction** Dr. Mark Savickas, prófessor og deildarforseti í Atferlisvísindadeild, Northeastern Ohio Universities College of Medicine

14:30–14:50 **Nýtt alþjóðlegt vottunarkerfi menntunar náms- og starfsráðgjafa og endurskoðun MA-námsins**

Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf HÍ

14:50–15:10 Kaffihlé

15:10–15:30 **Styrkleiki og færni til þátttöku** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar

15:30–15:50 **Ráðgjöf í fortíð og framtíð** Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands

15:50–16:10 **Náms- og starfsráðgjöf út á vinnustaðina** Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslu- miðstöðvar atvinnulífsins

16:10–16:20 **Að þora að taka skrefið** Selma Jóhannesdóttir, verkstjóri

16:20–16:30 **Topp ráðgjöf, topp náungi** Eyjólfur Gíslason, nemandi í framhaldsskóla

16:30 Dagskrárlok – Léttar veitingar



sviði náms- og starfsráðgjafar.

Málþingið var mjög vel sótt, um 110 þátttakendur skráðu sig í gestabók og á þinginu kom vel fram sú mikla samstaða sem ríkir meðal félagsmanna. Má

því segja að vel hafi tekist til á fyrsta degi náms- og starfsráðgjafa til að vekja athygli almennings og stjórnvalda á stöðu stéttarinnar og gildi náms- og starfsráðgjafar fyrir alla menntun og atvinnulífið.

**Guðrún Björg Karlsdóttir, Ingibjörg Bragadóttir og Inga Jóna Þórsdóttir tóku saman**



Viðtal við Emil Björnsson

## Þekkingarnet Austurlands

**Rætt við Emil Björnsson verkefnisstjóra og náms- og starfsráðgjafa hjá Þekkingarneti Austurlands um Þekkingarnetið og þær breytingar sem hafa orðið á starfsemi þess.**

*Hvað er Þekkingarnet Austurlands?*

Þekkingarnet Austurlands er sjálfseignarstofnun, fræðslustofnun sem stofnuð var í júní 2006 og byggði á grunni Fræðslunets Austurlands sem stofnað var haustið 1998. Markmið með stofnun þess var að efla menntun á Austurlandi og styrkja þar með atvinnu og byggð í fjórðungnum. Frá upphafi sinnti Fræðslunetið jöfnum höndum símenntun, þ.e. námskeiðum fyrir fólk og fyrirtæki, auk þess að miðla námi frá hinum ýmsu háskólum. Fræðslunetinu og síðan Þekkingarnetinu er ætlað að vera bakhjarl og „hreiður“ fjarnema og þjónustustofnun sem veitir námsfólki þjónustu og eins konar akademískt umhverfi. Með stofnun Þekkingarnetsins (ÞNA) þá var einni stoðinni enn bætt við starfseminar þar sem ÞNA er ætlað að efla og styrkja rann-

sóknarstarfsemi á Austurlandi. Þannig má segja að starfsemi Þekkingarnetsins sé þrífætt, námskeiðahald fyrir almenn- ing og fyrirtæki, miðlun háskólanáms og rannsóknir.

Þekkingarnetið er í eigu samtaka sveitarfélaga á Austurlandi og framhaldsskóla á Austurlandi, flestra háskóla í landinu og samtaka launþega og vinnuveitenda. Þekkingarnetið er á margan hátt hliðstæð stofnun og fræðslumiðstöðvar sem starfa umhverfis landið og tengjast í samtökum sem nefnist Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

*Hvernig nær Þekkingarnetið að þjóna jafnviðfæðmu landsvæði og Austurland er?*

Markmiðið með stofnun Þekkingarnetsins liggur í nafni þess þar sem grunnhugmyndin með skipulagi þess og starfsemi er nethugsun, net sem nær til alls Austurlands. Aðalstarfstöðin er í Háskólanámssetrinu að Vonarlandi á Egilsstöðum en auk þess er Þekking-

arnetið með starfsstöðvar í framhaldsskólum í Neskaupstað og á Hornafirði og grunnskólum á Vopnafirði, Fáskrúðsfirði og Djúpavogi. Síðan mun „netið“ tengja saman rannsóknar- og fræðasetur í Nýheimum á Hornafirði, Búlandi í Neskaupstað og væntanlegt þekkingarsetur að Vonarlandi á Egilsstöðum auk fleiri fræðasetra.

Fastir starfsmenn ÞNA verða sjö í lok árs 2006 en auk þess starfa tugir leiðbeinenda á hinum ýmsu námskeiðum sem haldin eru á vegum Þekkingarnetsins og samstarfsaðila þess. Á starfssvæði Þekkingarnetsins eru um tvö hundruð nemandur í fjarnámi á háskólastigi og þátttakendur á námskeiðum ÞNA og samstarfsaðila eru mörg hundruð á hverri önn.

*Hvernig kom það til að þú varðst ráðinn námsráðgjafi hjá Fræðslunetinu?*

Fljótlega eftir stofnun Fræðslunetsins varð ég framkvæmdastjóri þess. Eftir margra ára vinnu í almenna skólakerfinu voru það mikil viðbrigði að fara að



starfa fyrir og með fullorðnu fólki, með allt aðrar þarfir, vonir og væntingar en almennt gerist meðal „venjulegra“ nemenda. Ég fann að þetta starf féll mér afar vel í geð. Vöxtur Fræðslunetsins var hins vegar gríðarlega hraður og peningaleg velta þess tvöfaldaðist á milli ára fyrstu árin. Þá sá ég að ég myndi vera óhæfur maður í framkvæmdastjórnastarfið þar sem ég hef lítinn áhuga á peningum en meiri áhuga á fólki og fræðslumálum og sagði sjálfum mér upp. Þetta var vorið 2003. Þá ákvað stjórn Fræðslunetsins að bæta við ráðgjafa til að vinna sérstaklega með einstaklingum og fyrirtækjum við fræðslu og ráðgjöf. Ég taldi mig vita um ágætan mann í ráðgjafastarfið og var ráðinn í það. Og eftir því sem ég best veit er ég fyrsti náms- og starfsráðgjafinn sem starfar með þessum hætti á landsbyggðinni, þ.e. utan hins almenna skólakerfis.

*Hvernig er svo ráðgjöf ÞNA háttað?*

Það má segja að allir starfsmenn Þekkingarnetsins sinni ráðgjöf með einum eða öðrum hætti. Auk almennrar upplýsingar og ráðgjafar er bókasafns- og upplýsingafræðingur starfandi hjá Þekkingarnetinu svo og tveir náms- og starfsráðgjafar. Starf okkar ráðgjafanna er mjög fjölbreytilegt og kannski hægt að draga það saman í þrjá aðalflokka.

Ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana felst meðal annars í því að greina þörf fyrir fræðslu og menntun og þá er gjarnan beitt svokallaðri „markvissri aðferða-

*Eftir því sem ég best veit er ég fyrsti náms- og starfsráðgjafinn sem starfar með þessum hætti á landsbyggðinni, þ.e. utan hins almenna skólakerfis.*

fræði“. Í framhaldi af slíkri greiningarvinnu er síðan byggð upp fræðsluáætlun sem oftast felur í sér einhvern pakka af námskeiðum sem eru sett upp með skipulögðum hætti. Þá er farið í fyrirtæki og stofnanir með námskynningar og boðið upp á einstaklingsviðtöl. Þessi þáttur starfseminnar mun koma til með að eflast verulega, meðal annars fyrir atbeina Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem styrkir slík verkefni sérstaklega.

Í persónulegri ráðgjöf felst meðal annars það að veita einstaklingsviðtöl, námsráðgjöf af ýmsum toga, upplýsingar um nám, ráðgjöf vegna námsvandamála sem og persónulegra vandamála, aðstoð við verkefnavinnu, upplýsingar um styrki og hvaðeina sem nöfnum tjáir að nefna þegar þarf að aðstoða fólk.

Í þriðja lagi felur menntun náms- og starfsráðgjafa það í sér að fólk með slíka menntun hentar ágætlega til að kenna á margvíslegum námskeiðum svo sem samskiptanámskeiðum, námskeiðum um gerð starfsferilskráa, sjálfsefningu og viðtalstækni svo nokkuð sé nefnt.

*Hvernig finnst þér svo til hafa tekist?*

Þegar Fræðslunetið var stofnað á sínum tíma (1998) þá var lagt af stað í ákveðna óvissuferð. Þá var starfandi símenntunar-

miðstöð á Suðurnesjum og í Reykjavík, en að öðru leyti höfðum við sem unnum að stofnun þess engar fyrirmyndir sem hægt var að fara nákvæmlega eftir, hvorki innlendar né erlendar. Þess vegna varð Fræðslunetið frá upphafi einstök stofnun sem sinnti bæði símenntun og háskólanámi jöfnum höndum, var sjálfseignarstofnun með breiða eignaraðild. Síðan kemur Þekkingarnetið vorið 2006 og viðbót við starfið sem er rannsóknarþátturinn. Ég hef alla tíð verið sannfærður um að það skipulag sem er á Þekkingarnetinu, nethugsun og sjálfseignarstofnun, býður upp á mikinn sveigjanleika og möguleika á að veita öfluga þjónustu um okkar víðfeðma og fámenna landshluta, þjónustu sem aðrar fræðslumiðstöðvar eru að veita á sínum starfssvæðum. Ég held að ég vitni bara í einn ágætan menntamálaráðherra sem lýsti því yfir þegar verið var að ræða fjármál fræðslumiðstöðvanna við hann að hann teldi hið opinbera vera að fá mikla og góða þjónustu fyrir lítið fé. Þekkingarnetið svínvirkar og mun stöðugt eflast!

**Viðtalið unnu: Ásdís Birgisdóttir og Valgeir Magnússon náms- og starfsráðgjafar**



Emil og Elísabet fjarnemi við KHÍ sýsla við pappíra



Hin ýmsu andlit viðmælanda...



# Hugleiðingar um framtíðarskipan menntunar náms- og starfsráðgjafa

Nú standa fyrir dyrum miklar breytingar í menntun náms- og starfsráðgjafa. Í fyrsta lagi skal telja áform um skiptingu Háskóla Íslands í 6–8 skóla og sameiningu við Kennaraháskóla Íslands. Þar blasa þrjú möguleikar við um staðsetningu MA-náms í náms- og starfsráðgjöf og verður það verkefni næstu mánaða að vega þá og meta: a) að vera áfram í félagsvísindaskóla, b) að flytja námið í uppeldisvísindaskóla, og c) að flytja námið í heilbrigðisvísindaskóla og fylgja þá sálfræði og félagsráðgjöf (ef það verður ofan á að þær greinar flytjist þangað). Eftir því sem næst verður komist verður ákvörðun um skólaskiptinguna tekin á næsta vormisseri og ljóst er að verði kostir b eða c ofan á verður um mikla breytingu að ræða fyrir náms- og starfsráðgjafastéttina. Þegar þetta er ritað erum við kennararnir í náminu rétt að hefja umræður um þetta mikilvæga mál og ræða við kennara í öðrum greinum.

## Heildstætt tveggja ára MA-nám í náms- og starfsráðgjöf

Önnur breyting sem stendur fyrir dyrum er endurskoðun MA-námsins í heildstætt tveggja ára nám og þarf að hugsa hana út frá spurningunni: Hvernig tryggjum við hæfni náms- og starfsráðgjafa? Þessi spurning snýr jafnt að okkur sem stöndum að MA-náminu og að fagstétt náms- og starfsráðgjafa. Að mínu mati er svarið við henni þrjúþætt:

- Öflug fyrsta flokks menntun: MA-nám og doktorsnám
- Lögverndun
- Gæðavottun

Hér skal stuttlega fjallað um hvern þessara þátta. Sem stendur er MA-námið metið til 60 eininga í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn er diplómanám í náms- og starfsráðgjöf (30e) og síðari hlutinn rannsóknarnám til MA-gráðu (30e). Þannig hefur nemi í náms- og starfsráðgjöf val um að ljúka diplómunni eða halda áfram til MA-gráðu. Þessi skipan námsins hefur verið við lýði frá haustinu 2004, en fram undan er að vinna að námskrá heildstæðs tveggja ára náms, þannig að allir



Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

náms- og starfsráðgjafar hafi MA-gráðu. Allnokkrir námsráðgjafar sem luku náminu þegar það var ýmist 32 einingar eða 34 einingar, þ.e. árs diplómunám, hafa komið í námið og lokið MA-gráðu. Hér skal notað tækifærið til að hvetja enn fleiri til að koma og efla rannsóknarfærni sína, gera spennandi rannsókn á starfsvettvangi sínum og ljúka MA-gráðu um leið. Eftir að heildstætt 60 eininga MA-nám er orðið að veruleika er óvíst nema að um 15 einingar fáiast metnar af fyrra námi, en nú fáast 30 einingar metnar. Ég hvet því alla þá náms- og starfsráðgjafa, sem hyggjast á annað borð ljúka MA-gráðunni að drífa sig og sækja um það.

Að móta heildstætt tveggja ára nám mun byggja á tvennu. Í fyrsta lagi mati og greiningu á núverandi námi út frá hæfnistöðlum og síðan hönnun nýs náms út frá hæfnistöðlum og stefnumótun á sviðinu. Það liggur beinast við að nota hæfnistaðla Alþjóðlegu náms- og starfsráðgjafasamtakanna (ANS), þó að fleiri hæfnistaðlar komi auðvitað til greina og verði skoðaðir. Hæfniþáttagreining ANS byggði á könnun meðal um 700 náms- og starfsráðgjafa í 38 löndum. Þessir hæfniþættir voru samþykktir á allsherjarþingi Alþjóðlegu náms- og starfsráðgjafarsamtakanna árið 2003.

Hæfniþáttum ANS er skipt í kjarna-hæfni og sérhæfða hæfni og eru sem hér segir í lauslegri þýðingu:

### Kjarnahæfni

- Framfylgir góðu siðferði og siðareglum fagstéttar.
- Er málsvari og leiðtogi ráðþega í námi,

*Það hefur lengi verið hagsmunamál stéttar náms- og starfsráðgjafa að starfið verði lögverndað. Við sem stöndum að námi náms- og starfsráðgjafa erum reiðubúin að ganga til slíks samstarfs við stjórnvöld. Okkur er ljóst að það tryggir gæði náms í náms- og starfsráðgjöf og er aðhald fyrir okkur öll til að vinnubrögð náms- og starfsráðgjafa séu fagleg.*

starfsþróun og einkamálefnum.

- Er vitandi um og virðir ólíkan uppruna ráðþega og getur átt árangursrík samskipti við ólíka hópa.
- Samþættir kenningar og rannsóknir við framkvæmd námsráðgjafar, starfsþróunar, ráðgjafar og kennslufræðilegrar ráðgjafar.
- Byr yfir færni til að hanna, framkvæma og meta inn grip og áætlanir í náms- og starfsráðgjöf.
- Er vitandi um getu sína og takmarkanir.
- Er fær um að tjá sig á skilmerkilegan hátt við starfssystkin og ráðþega í samræmi við þekkingarstig þeirra á tungumálinu.
- Þekkir upp færðar og áreiðanlegar upplýsingar um nám, starfsþjálfun, strauma í atvinnulífi og á vinnumarkaði og um félagsleg málefni.
- Er næmur fyrir áhrifum félagslegs og menningarlegs uppruna á sig og aðra.
- Er fær um skilvirka samvinnu í teymi fagmanna.
- Þekkir ferli ævilangrar starfsþróunar.

### Sérhæfð hæfni

Sérhæfð hæfni náms- og starfsráðgjafa getur síðan verið á einhverju eftirtalinnna sviða:

#### Mat á vanda og þörfum ráðþega

Í þessu felst að náms- og starfsráðgjafinn geti notað viðeigandi greiningartæki og undirbúið tilvísun til sérfræðinga.

#### Námsráðgjöf

Hér er vísað í hæfni náms- og starfsráðgjafa til að aðstoða nemendur þannig að þeir nýti hæfileika sína sem best í námi, komist yfir námsörðugleika og aðstoði við námsval og sjálfskönnun. Hér er

einnig talað um hæfni náms- og starfsráðgjafa til að starfa með foreldrum og kennurum að framþróun nemenda í námi.

#### *Starfsþróun*

Undir starfsþróun falla ellefu hæfnipættir, svo sem það að þekkja til þeirra verkefna sem einstaklingar þurfa að leysa á starfsþróunarferlinu og þekkja til bæði innri og ytri áhrifspátta á þessa þróun. Þá þurfa náms- og starfsráðgjafar að búa yfir hæfni til að aðstoða einstaklinga við að setja sér markmið, kanna áhuga sinn og gildi og aðstoða við að vinna úr starfsupplýsingum úr gagnaböndum.

#### *Ráðgjöf*

Hæfni í að veita ráðgjöf út af persónulegum málum ráðþega.

#### *Upplýsingastjórnun*

Hér er átt við hæfni til að miðla upplýsingum um nám og störf.

#### *Samráð og verkefnarekstur*

Hér er átt við þá hæfni að geta átt gott samstarf við aðra aðila og stofnanir og útskýra vel stöðu mála þannig að verkefni sem varða nemendur vinnist í þeirra þágu og um þau náist samstaða margra aðila.

#### *Rannsóknir og mat*

Hér er átt við rannsóknarhæfni og hæfni til að nýta niðurstöður rannsókna í náms- og starfsráðgjöfinni.

#### *Stjórnun og rekstur áætlana*

Hér er átt við þá hæfni að skipuleggja náms- og starfsráðgjöfina í formi áætlunar, þannig að í upphafi sjáist hvernig hún skuli bæði framkvæmd og metin.

#### *Stofna til formlegs samstarfs innan sveitarfélags*

Hér er átt við þá hæfni að koma á tengslaneti stofnana í bæjar- eða sveitarfélagi, átta sig á þörfum íbúanna og setja fram áætlanir í framhaldi af slíkri þarfagreiningu.

#### *Aðstoða fólk við að finna störf*

Hér er átt við þá hæfni að auðvelda fólk atvinnuleit og vera jafnframt í góðu samstarfi við stefnumótunaraðila og menntastofnanir.

Sjá nánar á vefsíðunni [www.IAEVG.org](http://www.IAEVG.org).

Fyrstu skrefin í mati og greiningu á því sem nú er verið að gera í náminu hlýtur því að vera að skoða að hvaða marki við erum að þjálfva nemendur í hverjum hæfnipætti. Hönnun nýrra námskeiða hlýtur að byggja á því sem við gerum vel nú þegar, setja sumt til hliðar og bæta við nýjum þáttum, ef við komumst að því að aðstæður hér á landi kalli á aðra hæfnipætti. Dæmi um slíkt gætu verið skipulagðar aðgerðir til að fyrirbyggja

brottfall eða hópráðgjöf við þá sem eru í áhættuhópum hvað brottfall varðar.

En hvaða ytri forsendur þyrftu að vera fyrir hendi til að hrinda í framkvæmd heildstæðu tveggja ára námi? Í fyrsta lagi þarf að gefa okkur sem stöndum að þessu námi svigrúm til að vinna þessa þróunarvinnu á skipulagi og hönnun nýs MA-náms. Fyrsta hindrunin á þeirri braut er að fjárveitingar til námsins eru allt of lágar. Þær eru litlu meiri en til almenns fræðilegs BA-náms, þar sem unnt er að kenna í mun stærri hópum og um litla verklega þjálfun er að ræða. Ef t.d. kennaranám fengi fjárveitingar eftir sama reiknistuðli og náms- og starfsráðgjafanám væri það nám næstum helmingi ódýrara en það er í dag. Þessi staða stendur náminu fyrir þrífum.

Ennfremur vantar þjálfunarver til að þjálfva nemendur í viðtölum og hópráðgjöf. Við þurfum að efla starfsþjálfunina og einnig samstarf við erlenda háskóla. Efling starfsþjálfunar er verkefni sem verður að vinna í samstarfi við fagstétta, því það hlýtur að vera hagur okkar allra að þar takist sem allra best til. Sú hugmynd hefur verið lengi í umræðunni að meginþungi starfsþjálfunar verði á kandidatemisseri, þannig að meginhluti fjórða misseris væri í formi starfsþjálfunar í einni stofnun. Fagstéttin getur einnig gert ýmislegt fleira til að styðja við menntun og rannsóknir. Að mínu mati væri það einkum tvennt sem myndi skipta sköpum um fræðilega framþróun: að stofna tímarit og að stofna íðorðanefnd sem myndi skilgreina fagleg hugtök í fræðunum og gefa út orðaskrá. Þetta yrði til að samhæfa orðanotkun og auðvelda faglega umræðu. Til dæmis eru allt of margar þýðingar í gangi um starfsmannagerðirnar sex í kenningu Johns Holland.

Til að efla enn frekar rannsóknarhæfni á sviði náms- og starfsráðgjafa er orðið brýnt að einhverjir meistaranemar hefji doktorsnám, því við verðum að byggja upp öflugt rannsóknarsamfélag í kringum náms- og starfsráðgjöf.

#### **Lögverndun**

Það hefur lengi verið hagsmunamál stéttar náms- og starfsráðgjafa að starfið verði lögverndað. Í lögum um lögverndun annarra hjálparstétta, svo sem félagsráðgjafa og sálfræðinga, kemur fagnámið alltaf við sögu, ýmist með beinum eða óbeinum hætti. Við sem stöndum að námi náms- og starfsráðgjafa erum reiðubúin að ganga til slíks samstarfs við

stjórnvöld. Okkur er ljóst að það tryggir gæði náms í náms- og starfsráðgjöf og er aðhald fyrir okkur öll til að vinnubrögð náms- og starfsráðgjafa séu fagleg.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að nám í náms- og starfsráðgjöf hefur nokkra sérstöðu í samanburði við nám af þessu tagi erlendis. Sérstaðan felst í því að í einu og sama náminu menntum við námsráðgjafa sem starfa í skólum og starfsráðgjafa sem starfa við símenntun og á vinnumiðlunum, en þetta er aðskilin menntun erlendis. Þessi sérstaða kom til af tveimur ástæðum að mínu mati. Í fyrsta lagi því að við hönnun náms í námsráðgjöf á níunda áratugnum var lögð jöfn áhersla á persónulega ráðgjöf og náms- og starfsráðgjöf. Í öðru lagi má nefna að þegar Evrópusambandið fór að styðja í verulegum mæli við þessa starfstétt í tengslum við fjórfrelsið sem það byggir á (þ.á m. frelsi persónunnar) óx aðstoð við símenntun og ævilanga náms- og starfsráðgjöf við fullorðna. Við Íslendingar fórum ekki varhluta af þeirri þróun og það var tiltölulega auðvelt að aðlaga nám í námsráðgjöf að menntun starfsráðgjafa, þar sem sýnin á störf og atvinnulíf hafði verið áhersluatriði í náminu. Ég hef tekið eftir því að þetta nám hefur vakið nokkra athygli á erlendum vettvangi fyrir þessa sérstöðu sína. Erlendir kollegar okkar standa aftur á móti víða frammi fyrir því verkefni að fá þá sem starfa að námsráðgjöf í skólum og hina sem starfa að starfsráðgjöf við fullorðna til að starfa saman og jafnvel skilja hvor aðra.

#### **Gæðavottun**

Ég leyfi mér að lokum að varpa fram hugmynd sem varð til í samræðum mínum við dr. Mark Savickas prófessor, þegar hann sótti okkur heim nú á haustdögum. Hugmyndin er einfaldlega sú að nefnd á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa votti nám í náms- og starfsráðgjöf, sem síðar er undirstaða lögverndunar starfsins. Sama nefnd endurnýi gæðavottorð félagsmanna á tveggja ára fresti og verði þar byggt á því að félagsmenn hafi verið í endurmenntun í a.m.k. 30–40 tíma á tímabilinu. Þetta eigi líka við um kennara í náms- og starfsráðgjöf.

---

**Guðbjörg Vilhjálmstöttir er dósent í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands**

# Foreldrar eru auðlind

## Hverju hafa náms- og starfsráðgjafar að miðla til foreldra?

Í hvers konar samfélagi búum við? Er Ísland barnvænt samfélag? Þessum spurningum er oft varpað fram en svörin eru ekki svo augljós. Nýlegar kannanir sýna okkur að aðstæður barnafjölskyldna á Íslandi eru á þann veg að mikill meirihluti mæðra og feðra eru útvinnandi og vinna langan vinnudag. Fjölskyldumynstrið er orðið fjölbreyttara en áður. Skólastarfið hefur einnig tekið breytingum, m.a. hefur skólaárið lengst og dagleg viðvera barna aukist. Fjölbreytni nemendahópsins er mun meiri nú en áður með fjölgun nemenda með sérþarfir í almennum grunnskólum svo og fleiri nýjum Íslendingum.

Ljóst er að uppeldishlutverk skólans hefur aukist undanfarið og skólinn þarf því að huga að því hvort hann komi til móts við þarfir nútíma fjölskyldna eða hvort skipulag hans miðist enn við ástandið eins og það var fyrir um 20 árum. Sýnt hefur verið fram á að foreldrar sem vinna úti, einstæðir foreldrar, þeir sem búa eða starfa langt frá skólanum og feður almennt taka minni þátt í samstarfi en aðrir. Skólinn þarf að skipuleggja samstarfið miðað við þarfir þessa hópa sem í raun telur mikinn meirihluta íslenskra foreldra (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006).

### Margvíslegar hindranir

Margar hindranir draga úr virkni foreldrasamstarfs og auk tímaleysi foreldra og skólastarfsfólks má meðal annars nefna fordóma og þekkingarleysi. Í okkar litla samfélagi eru ýmsir foreldrar því miður haldnir fordómum gagnvart skólanum, meðal annars vegna neikvæðrar reynslu af eigin skólagöngu og sumt skólastarfsfólk er haldið fordómum gagnvart foreldrum. Fordómar stafa af þekkingarskort og því er mikilvægt að skapa virka umræðu um ávinning foreldrasamstarfs, bæði í samfélaginu og í hverju skólasamfélagi fyrir sig. Foreldrar og skólar þurfa að taka höndum saman um að móta það skólasamfélag sem hent-



Elín Thorarensen

ar okkar hraða nútímasamfélagi og setja í sameiningu fram markmið foreldrasamstarfs.

### Samstarf skilar árangri

Rannsóknir sýna að samstarf hefur alltaf jákvæð áhrif á skólastarf. Áhrif foreldrasamstarfs eru margvísleg og má þar nefna betri líðan barna í skóla, aukinn áhugi nemenda, betri námsárangur, aukin sjálfstraust nemenda, betri ástundun, minna brottfall, jákvæðara viðhorf foreldra og nemenda til skólans og aukinn skilning kennara á aðstæðum barnsins (Epstein, 1995). Nýleg íslensk rannsókn sýnir að í grunnskólum þar sem agavandamál eru minnst, eru viðhorf til foreldra mjög jákvæð og mikil áhersla lögð á öflugt foreldrasamstarf (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Foreldrasamstarf er samkvæmt rannsóknum einnig öflug forvörn sem stuðlar að samstöðu milli foreldra og skilar sér

*Skólinn þarf að fræða foreldra um hlutverk sitt og skyldur sem skólaforeldri. Er þetta sífellt að verða mikilvægara, ekki síst þar sem aukin áhersla á einstaklingsmiðað nám kallar á meira samstarf við foreldra.*

meðal annars í aukinni virðingu fyrir útvistartíma og minni neyslu vímuefna (Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2005)

Í aðalnámskrá grunnskóla er rætt um mikilvægi samstarfs og þar segir:

Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999).

Eru ekki allir skólar að vinna eftir þessu leiðarljósi þar sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt fram á mikilvægi og ávinning af foreldrasamstarfi? Eðli samstarfs í hverjum skóla ræðst að miklu leyti af því hvaða sýn skólastjórinn hefur á samstarf og það hafa rannsóknir staðfest. Skólastjórinn er leiðtogi og hans viðhorf verða ríkjandi viðhorf í skólanum og móta það hvaða augum kennarar líta samstarf. Foreldrar hafa sjaldan frumkvæði að samstarfi. Þeir koma og fara og því verður ábyrgðin á því að viðhalda samstarfi að liggja hjá skólanum (Berger, 1995). Kennarar leika samt lykilhutverk varðandi það hve góð samskiptin eru þar sem hið daglega starf hvílir einkum á þeirra herðum og án samstarfsvilja þeirra gengur það ekki upp (McCaleb, 1997). Samstarf



Singstar kvöld hjá nemendum og foreldrum í 8. bekk Hrafnagilsskóla

*Tvær áhugasamar stúlkur í Hofstaðaskóla lesa náttúrufræði*



verður aldrei öflugt nema samstaða náist um mikilvægi þess meðal starfsmanna skólans. Margir skólar standa sig vel í foreldrasamstarfi en margir geta gert betur og sumir þurfa virkilega að skoða hvernig staðið er að þessum málum og hvaða augum litið er á samstarf.

### Leiðsögn og fræðsla

Hvert er hlutverk náms- og starfsráðgjafa þegar foreldrasamstarf er annars vegar? Getu þeir átt þátt í að skapa jákvæð viðhorf til foreldrasamstarfs með því að vera talsmenn öflugs forvarnarstarfs þar sem heill og hamingja nemenda er höfð að leiðarljósi og litið er á foreldra sem bandamenn og virka þátttakendur í skólasamfélaginu? Fræðimenn hafa bent á að mikilvægt sé að auka ábyrgð nemenda á eigin námi en ekki síður að auka meðvitund foreldra um hlutverk þeirra og ábyrgð á menntun barna sinna. Foreldrar verða að gera sér grein fyrir að þeir móta viðhorf barna sinna til menntunar og að þeir eru einir um að fylgja eftir og styðja barnið alla skólagöngu þess. Foreldrar þurfa að ýta undir og hlúa að námsáhuga barna sinna en sterk tengsl eru á milli slíks stuðnings og árangurs í námi (Epstein, 1995). Öflugt foreldrasamstarf eykur skilning foreldra á þessu mikilvæga hlutverki sínu. Skólinn þarf að fræða foreldra um hlutverk sitt og skyldur sem skólaforeldri. Er þetta sífellt að verða mikilvægara, ekki síst þar sem aukin áhersla á einstaklingsmiðað nám kallar á meira samstarf við foreldra. Rannsóknir sýna að ef foreldrar þekkja ávinning samstarfs þá eru þeir mun líklegri til að sinna því en ella (Deslandes, 2001).

Að mínu mati gegna náms- og starfsráðgjafar mikilvægu hlutverki í samstarfi heimilis og skóla. Þeir eru oft lykilmenn við að koma á tengslum milli foreldra og skóla í einstaklingsmálum og geta þar oft stutt við bakið á nemendum og foreldrum í „glímu“ þeirra við kerfið. Þeir geta

einnig verið sá fagaðili innan skólans sem hefur þekkingu á mikilvægi samstarfs og geta því leiðbeint um uppbyggingu þess og þróun. Einnig hafa náms- og starfsráðgjafar miklu að miðla til foreldra sem auðveldar þeim að styðja við börn sín, og má þar nefna náms- og prófatækni, fræðslu um ýmislegt er tengist uppeldi svo og náms- og starfsfræðslu sem sífellt verður mikilvægari með auknu vali nemenda. Margir foreldrar þekkja lítið til þess skólakerfis sem börn þeirra dvelja í mikinn hluta dagsins. Til þess að þeir geti tekið aukinn þátt í lífi barna sinna og staðið að baki þeim þegar kemur að mikilvægum ákvarðanatökum er snerta náms- og starfsval þurfa þeir upplýsingar frá fagfólki og þar reynir á náms- og starfsráðgjafa, bæði í grunn- og framhaldsskólum.

### Elín Thorarensen er náms- og starfsráðgjafi



*Nemendur í 6. bekk Hofstaðaskóla kryfja fiska úr Víflsstaðavatni*

### Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Berger, E.H. (1995). *Parents as partners in education: Families and schools working together*. New Jersey: Merrill.
- Deslandes, Rollande (2001). *A vision of home-school partnership: Three complementary conceptual frameworks*. Sótt 8. nóvember 2006 á <http://www.familiesmatter.org.au/visionhome-school.pdf>
- Epstein, J.L. (1995). School/family/community partnerships: Caring for the children we share. *Phi Delta Kappa*, 76(9), 701–712.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir (2005). *Kynjamunur í skólastarfi: Umhverfi og aðstæður*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu um Drengjamenningu.
- Ingibjörg Auðunsdóttir (2006). *Árangursríkt samstarf: Þróunarverkefni um bætt samstarf heimila og skóla*. Óbirt M.Ed.-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2006). *Gullkista við enda regnbogans. Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- McCaleb, S.P. (1997). *Building communities of learners: A collaboration among teachers, students, families and community*. New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates Publishers.

# Vettvangsnám

## náms- og starfsráðgjafa 2005–2007

Á þessu skólaári og því síðasta hefur farið fram vettvangsnám náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Skólaárið 2005–2006 bauð Nefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara í samstarfi við EHÍ og Félag náms- og starfsráðgjafa á Íslandi ráðgjöfum á framhaldsskólastigi upp á vettvangsnám sem fram fór í fjórum lotum, tveimur á hvorri önn. Um var að ræða 80 klst. nám, þ.e. 10 klst. kennslu í hverri lotu auk 10 klst. heimavinnu. 19 náms- og starfsráðgjafar skráðu sig í námið en 17 luku því. Á þessu skólaári eru 37 náms- og starfsráðgjafar á grunnskólastigi skráðir í nám af sama tagi.

Markmið námsins er að efla þátttakendur í starfi sem sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf. Námið tekur til hinna tveggja meginviða náms- og starfsráðgjafar, þ.e. aðstoðar við einstaklinga vegna persónulegra mála annars vegar og fræðsluþáttar starfsins hins vegar. Fjallað er um nýja strauma í faginu og þátttakendur unnu að útfærslu nýjunga í starfi. Kennsla fer fram í fyrirlestur, vinnuhópum og umræðum. Heimanám felst í lestri, gerð verkefna og aðlögun nýjunga að starfi. Í náminu gefst einnig dýrmætt tækifæri fyrir þátttakendur að efla kynni og miðla þekkingu og reynslu innan hópsins.

Meðal kennara veturinn 2005–2006

var Carmen Croonquist, forstöðumaður náms- og starfsþróunarþjónustu Wisconsin háskóla, River Falls. Fjallaði hún um ferilmöppur (careers portfolios) og leiðbeindi um notkun þeirra. Ferilmöppu má skilgreina sem safn gagna sem bregður ljósi á tilgang einstaklingsins, lífsspeki hans og markmið í lífinu. Einnig á styrkleika, persónueinkenni, hæfileika, reynslu, afrek, þekkingu, hæfni, menntun og þjálfun. Eitt helsta gildi ferilmöppu er að hún er tæki einstaklingsins til að skilgreina hver hann er og hvernig hann vill kynna sig út á við. Bæði vinnuferlið við að byggja upp gagnasafnið og mappan sjálf, efla sjálfmynd og sjálfsöryggi auk þess sem hún varpar ljósi á sterkar hliðar, árangur og afrek. Hún ýtir undir frekari þroska einstaklingsins og getur eftir framfarir hans á



Ingveldur Sveinbjörnsdóttir

mörgum sviðum lífs og starfs. Halldór Sig. Guðmundsson, félagsráðgjafi, fjallaði um AS-EBA-kerfið. Hér er um að ræða staðlað matstæki sem nýlega hefur verið þýtt á íslensku og tekur til margra þátta svo sem hegðunar, samskipta og líðanar. Tækið er ætlað fagstéttum sem vinna með fólk á öllum aldri enda eru matslistarnir gerðir fyrir fólk frá 1½ árs til 90 ára. Hér er um að

*Því meiri og fjölbreyttari menntun sem einstaklingurinn aflar sér því betur stendur hann að vígi í samkeppninni um draumastarfið.*

er um að ræða staðlað matstæki sem nýlega hefur verið þýtt á íslensku og tekur til margra þátta svo sem hegðunar, samskipta og líðanar. Tækið er ætlað fagstéttum sem vinna með fólk á öllum aldri enda eru matslistarnir gerðir fyrir fólk frá 1½ árs til 90 ára. Hér er um að

ræða mjög gagnlega viðbót við þau mælitæki sem náms- og starfsráðgjafar hafa til að styðjast við í starfi sínu.

Gylfi Dalmann Aðalsteinson, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Harpa Björg Guðfinnsdóttir, MA í mannauðsstjórnun og Lárus Blöndal deildarstjóri vinnumarkaðsdeildar Hagstofu Íslands, fræddu þátttakendur um vinnumarkaðinn. Ljóst er að vinnumarkaður

fram tíðarinnar er óræður. Hraði þróunar á vinnumarkaði gerir það að verkum að erfitt er að spá fyrir um það hvar framboð starfa verður mest. Hins vegar er óhætt að fullyrða að menntun er lykillinn að vinnu- markaði fram tíðarinnar. Því meiri og fjölbreyttari menntun sem einstaklingurinn aflar sér því betur stendur hann að vígi í samkeppninni um draumastarfið. Því staðfastari sem hann er að þróa áfram þekkingu sína, auka við reynslu sína, efla samskiptaleikni og ýmsa innri þætti því eftirsóttari verður hann á vinnumarkaði fram tíðarinnar.

Sálfræðingarnir Auður R. Gunnarsdóttir og Ragna Ólafsdóttir kynntu sjálfstyrkingarnámskeiðið Viktoría og Viktor sem er hluti af Evrópuverkefninu Spiderweb, styrkt af Leonardo da Vinci áætluninni. Leiðbeindu þær þátttakendum um að greina lágt sjálfsmat nemenda og hvernig það hefur áhrif á líðan og árangur í námi. Einnig voru kenndar aðferðir





*Ljóst er að vinnumarkaður  
fram tíðarinnar er óræður.  
Hraði þróunar á vinnumark-  
aði gerir það að verkum að  
erfitt er að spá fyrir um það  
hvar framboð starfa verður  
mest.*

við að efla sjálfsmat nemenda með nálgun hugrænnar atferlismeðferðar. Þátttakendur fengu tækifæri til að setja sig í spor nemenda og vinna með sjálfsmat, þróun þess, styrkleika og veikleika og takast sjálfir á við verkefni sem lúta að eflingu sjálfsmats. Einnig var leiðbeint um eðli og skipulag hópráðgjafar með áherslu á hlutverk leiðbeinanda og tekin dæmi um hamlandi og hvetjandi þætti í hópráðgjöf.

Kristjana Stella Blöndal, aðstoðarforstjóðumaður Félagsvísindastofnunar, fjallaði um nýjustu niðurstöður rannsókna á brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum. Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi, fjallaði um rannsókn sína á stjúp-tengslum og gildi þess fyrir náms- og starfsráðgjafa að hafa innsýn í eðli slíkra tengsla. Ágústa Ingbórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, fjallaði um rannsókn sína á námsgengi ungs fólks með athyglisbrest.

Hún fjallaði einnig um hópráðgjöf.

Í október sl. hófst vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa á grunnskólastigi á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Námið er fjármagnað af menntamálaráðuneytinu og Verkefna- og námsstyrkjasjóði KÍ. Fyrsta lotan er að baki. Hinn kunnir bandaríski fræðimaður, Mark Savickas, prófessor við sálfræðideild Læknaskóla Northeastern Ohio University og við Kent State University, hélt fyrirlestur um þróun námsferils nemenda á grunnskólaaldri og gaf innsýn í kenningu sína, *The theory of career construction*, en þar er meðal annars fjallað um túlkun einstaklinga á viðburðum ævi sinnar og hvernig slík túlkun tengist framvindu náms- og starfsferils hvers og eins. Óhætt er að segja að mikill fengur hafi verið fyrir þátttakendur í náminu að fá tækifæri til að fræðast af þessum áhrifamikla fræðimanni sem hefur verið

leiðandi á sviði ráðgjafarsálarfræði á undanförunum tveimur áratugum.

Í fyrstu lotunni fjölluðu einnig þrír náms- og starfsráðgjafar um náms- og starfsfræðslu á grunnskólastigi. Guðrún Kristinsdóttir beindi sjónum að náms- og starfsfræðslu í 1.–7. bekk og tengingu hennar við námskrár í lífsleikni. Guðrún Snorradóttir kynnti náms- og starfsráðgjöf í 8.–10. bekk og Valborg E. Baldvinsdóttir fjallaði um notkun og gildi ferilmappa. Meðal þess sem fjallað verður um í seinni þremur lotunum ná nefna ASEBA-kerfið, samskipti í skólum, einkenni stjúp-tengsla, rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar og sjálfstyrkingarnámskeiðið Viktoría og Viktor.

Ljóst er að aldrei áður hafa menn staðið frammi fyrir jafn fjölbreyttum og áhuga-verðum valkostum á sviði menntunar og starfa en einmitt nú, valkostum sem eru stöðugt í þróun. Jafnframt verður í





auknum mæli vart við þörf fyrir aðstoð við einstaklinga vegna ýmissa persónulegra vandamála sem oft stafa af hraða nútímans, aukinni samkeppni og kröfum um aðlögun fólks að breyttum aðstæðum. Í þessu sambandi er sérfræðipækning náms- og starfsráðgjafa ómissandi og hana þarf að efla jafnt og þétt eftir því sem samfélagið þróast og nýjungar koma fram í faginu. Gildi náms af því tagi

*Gildi náms af því tagi sem hér um ræðir er því ótvírætt, bæði fyrir einstaka þátttakendur, ráðþegana sem þeir þjóna og fyrir eflingu náms- og starfsráðgjafar í landinu.*

sem hér um ræðir er því ótvírætt, bæði fyrir einstaka þátttakendur, ráðþegana sem þeir þjóna og fyrir eflingu náms- og

starfsráðgjafar í landinu.

Umsjón með vettvangsnáminu hefur Ingveldur Sveinbjörnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Kvennaskólann í Reykjavík.

**Ingveldur Sveinbjörnsdóttir er náms- og starfsráðgjafi við Kvennaskólann í Reykjavík**

## Náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu

Árið 2006 voru gerðir samningar við símenntunarmiðstöðvar um land allt um framkvæmd náms- og starfsráðgjafar á vinnustað. Byggt er á tilraunaverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og Mímir-símenntun unnu í samstarfi við Starfsafli – Starfsmennt samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, og Eflingu – stéttarfélag. Náms- og starfsráðgjafar munu fara á vinnustaði sinna svæða þar sem þeir kynna ráðgjöfina og veita einstaklingsviðtöl um nám og störf. Áhersla er lögð á að hvetja fólk til virkrar símenntunar. Ráðgjöfin er fjármögnuð til þriggja ára. Með þessari framkvæmd er Ísland komið í



Fjólá María Lárusdóttir

röð fremstu þjóða hvað varðar þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk á vinnumarkaði.

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur frá upphafi leitað leiða við að byggja upp náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með stutta skólagöngu sem er markhópur FA.*

### Aðdragandi


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur frá upphafi leitað leiða við að byggja upp náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með stutta skólagöngu sem er markhópur FA. Það er liður í því að hvetja fólk til náms og upplýsa það um námsmöguleika. Í tilraunaverkefninu Námsráðgjöf á vinnustað, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mímir-símenntun unnu í samstarfi við Starfsafli – Starfsmennt samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins og Eflingu-stéttarfélag (sjá umfjöllun í Gátt 2004), var lögð sérstök áhersla á að færa ráðgjöfina til fólksins með samstarfi við ýmis fyrirtæki. Af þeim 441 einstaklingi sem kynning á ráðgjöfinni náði til komu 35% í viðtal á vinnustað. Þetta hlutfall gaf sterklega til kynna að áhugi og þörf markhópsins

fyrir náms- og starfsráðgjöf væri til staðar og að finna þyrfti hentuga leið til að gera hana aðgengilega og varanlega fyrir þennan hóp.

Hinn 15. nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við endurnýjun kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Í yfirlýsingunni er kveðið á um aukin framlög til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála, m.a. með því að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með litla formlega menntun. Ákveðið var að koma á laggirnar einstaklingsmiðaðri náms- og starfsráðgjöf á vegum símenntunarmiðstöðvanna um land allt. Hlutverk FA í þessu verkefni er, samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið 2006, að þróa aðferðafræði og miðla sérfræðipækningu með handleiðslu og kennslu (sjá [www.frae.is](http://www.frae.is)). Um er að ræða veigamikil samstarfsverkefni sem fjármagnað hefur verið til þriggja ára.



Kynningarefni fyrir náms- og starfsráðgjöf á vinnustað



Fræðsluaðilar veita náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum á 10 stöðum á landinu

## Þessir fræðsluaðilar veita náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum

1. Mímir – símenntun, Reykjavík
2. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
3. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
4. Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
5. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
6. Þekkingarsetur Þingeyinga
7. Þekkingarnet Austurlands
8. Fræðslunet Suðurlands
9. Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð
10. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

### Framkvæmd

Náms- og starfsráðgjafar símenntunarmiðstöðvanna fara í heimsóknir á vinnustaði þar sem þeir kynna ráðgjöfina og veita einstaklingsviðtöl. Ráðgjöfin beinist fyrst og fremst að fólki með stutta formlega skólagöngu. Vinnuferlið er eftirfarandi:

1. Ráðgjafi hefur samband við fyrirtæki
2. Samkomulag um framkvæmd ráðgjafarinnar í fyrirtækinu
3. Kynning fyrir starfsmenn
4. Starfsmönnum gefst tækifæri til að skrá sig í einstaklingsviðtöl
5. Viðtalstímar skipulagðir í samráði við yfirmenn
6. Viðtöl á vinnustað eða í húsakynnum símenntunarmiðstöðva
7. Eftirfylgni og úrvinnsla

Við ráðningu ráðgjafa hefur verið lögð áhersla á að fá menntaða náms- og starfsráðgjafa til starfa þar sem fagþekking þeirra nýtist vel. Á þessum nýja vettvangi gefst ráðgjöfunum einnig tækifæri til að þróa með sér nýja færniþætti í nýju vinnuferli, þar sem reynir meðal annars á færni ráðgjafanna sem eins konar sölumanna. Koma þarf á samstarfi við fyrirtækin og sannfæra stjórnendur og starfsmenn um gagnsemi ráðgjafarinnar. Afar brýnt er að geta fært rök fyrir því hvernig þjónustan getur gagnast fyrirtækinu, því margir gætu talið að ætluin með henni væri að hvetja starfsmenn úr vinnu og aftur inn í formlega skólakerfið. Hins vegar miðar ráðgjöfin fyrst og fremst að því að hvetja fólk til þess að vera virkt í eigin símenntun og færniuppbyggingu í starfi og einkalífi. Taka þarf

tillit til þess að staður og stund er eign fyrirtækisins. Það hefur sýnt ráðgjafanum traust til að nálgast starfsmenn sína með ákveðinn boðskap sem sátt þarf að ríkja um. Tilgangur ráðgjafarinnar getur þannig falið í sér ávinning fyrir bæði fyrirtæki og starfsmenn þess.

### Áherslur í ráðgjöfinni

Í ýmsum OECD-skýrslum hefur náms- og starfsráðgjöf verið dregin fram sem lykilþáttur í því ferli að virkja fólk í símenntun. Í skýrslu OECD Career Guidance and Public Policy: Bridging the Gap (2004) er stefnumótendum meðal annars bent á mikilvægi þess að þróa kerfi þar sem fólk fær þjálfun í að stýra eigin starfsþróun (*career management*). Hagsmunir einstaklingsins felast í því að ráðgjafinn leiðbeini honum út frá þeim stað sem hann er staddur á og byggji ráðgjöfina á því markmiði að draga fram styrkleika og finna leiðir til frekari færniuppbyggingar. Áherslur í ráðgjöfinni eru því upplýsingamiðlun, fræðsla og leiðsögn sem miðar að því að leiðbeina einstaklingnum við að auka sjálfsþekkingu sína, þekkingu á námsmöguleikum og færni í að velja sér hentugar leiðir í símenntun.

Ráðgjafarnir leggja sig fram um að

kynna sér fræðsluþarfir og fræðslustefnu fyrirtækjanna sem þeir sækja heim til að geta upplýst starfsmenn um möguleika til starfsþróunar. Jafnframt geta þeir meðal annars upplýst um ýmsar óformlegar námsleiðir sem sérstaklega eru sniðnar að þörfum fólks á vinnumarkaði og möguleika á styrkjum til náms.

### Ísland í broddi fylkingar

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað er nýjung sem felur í sér að náms- og starfsráðgjafar standa upp frá skrifborðunum og fara í fyrirtækin með þjónustu sem allir verða að eiga rétt á, en hafa ekki getað sótt sér hingað til, meðal annars vegna staðsetningar hennar, tímasetningar og skorts á upplýsingum um gagnsemi hennar. Um er að ræða marksækna nálgun með áherslu á upplýsingamiðlun og hvatningu til virkrar símenntunar. Íslenskir stefnumótendur hafa hér lagt mikilvægt lóð á vogarskálarnar svo að þekkingarstig þjóðarinnar geti eflst í takt við aðrar Evrópuþjóðir.

**Fjóla María Lárusdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**



Náms- og starfsráðgjafar fræðsluaðilanna ásamt framkvæmdastjórum

# 25 ára afmælishátíð

## Félags náms- og starfsráðgjafa



*Félag náms- og starfsráðgjafa fagnaði aldarfjórðungsafræmli sínu í desember 2007.*

*Af því tilefni var haldin afmælishátíð 15. desember í Tónlistarhúsinu Ými, Reykjavík.*

Veislustjóri var Ketill G. Jósefson, náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnuálastofnun Suðurnesja. Hátíðardagskráin var mjög vegleg og vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum. Erindi fluttu Ágústa Elín Ingþórsdóttir, formaður FNS, Áslaug H. Jónsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra, f.h. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur,

menntamálaráðherra, Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra, dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrverandi sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar, dr. Sif Einarsdóttir, dósent HÍ, dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor HÍ, Fjóla María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Guðrún Snorradóttir, verkefnisstjóri, Ungmenna-



# Afmælishátíð



félagi Íslands og Svandís Ingimundardóttir, fyrrverandi formaður.

Auk þess flutti Guðbergur Bergsson, skáld, erindi í tilefni dagsins og Jóna Fanney Svavarsdóttir, sópran, Erlendur Þór Elvarsson, tenór og Vilhelmina Ólafsdóttir, píanóleikari fluttu tónlistaratriði.

Á afmælishátíðinni voru þrjú einstaklingar heiðraðir með þeim hætti að gera

þá að heiðursfélögum í FNS. Þessir þrjú einstaklingar hafa lagt fram drjúgan skerf til þróunar náms- og starfsráðgjafar hér á landi.


Fyrst ber þar að telja Ástu Kr. Ragnarsdóttur sem var fyrsti sérmenntaði námsráðgjafi á Íslandi og byggði upp frá grunni stærstu námsráðgjafarstarfsemi landsins, Námsráðgjöf Háskóla Íslands.

Þetta brautryðjendastarf Ástu lagði mikilvægan grunn að því sem á eftir fór í þessu fagi. Hún hefur unnið samfleytt í 25 ár í faginu og hefur á síðustu árum sinnt merku nýsköpunarstarfi varðandi námslag og áhugasviðsgreiningar.

Í annan stað heiðraði félagið dr. Gerði G. Óskarsdóttur sem varð fyrst Íslendinga til þess að ljúka mastersnámi í náms-



# Afmælishátíð



ráðgjöf. Hún kenndi fyrstu námskeiðin í námsráðgjöf við Háskóla Íslands, stýrði fyrsta átaki menntamálaráðuneytisins í námsráðgjöf, gaf út starfslýsingar til notkunar í náms- og starfsráðgjöf, ásamt því að skipuleggja stórauðna námsráðgjöf í grunnskólum Reykjavíkur.

Þriðji heiðursfélaginn dr. Carol H. Pazandak, bandarískur prófessor, á sviði sálfræðiráðgjafar og náms- og starfsráðgjaf-

ar, við Háskólann í Minnesota var fengin af Háskóla Íslands til að koma hingað á vormisseri 1984 og fjalla um námsráðgjöf og kenna. Hún beitti sér m.a. fyrir þýðingu fyrstu áhugasviðsprófanna á íslensku og var hvatamaður að gerð annarra hjálpargagna í náms- og starfsráðgjöf. Æ síðan hefur Carol verið mikill stuðningsmaður náms- og starfsráðgjafar hér á landi.

Ásta Krístrún, Carol og Gerður unnu saman fyrstu tillögur að fyrirkomulagi náms í náms- og starfsráðgjöf hér á landi.

Í lok dagskrár var boðið upp á léttar veitingar við undirleik tónlistartríós.

**Guðrún Björg Karlsdóttir og Ingibjörg Bragadóttir tóku saman**



# Afmælishátíð

## Guðbergur Bergsson

### Erindi flutt á 25 ára afmælishátíð FNS

Í byltingunni í Portúgal árið 1974 fór framfarasinnað fólk, án þess að vera á beinlínis góðmennskubrjálað, að líma á flagnaða vegg hús í Lissabon grátt spjald með rauðum stöfum. Á því var mynd þar sem lágu í fatabeðju tvær hárrúðar brúður sem virtust hafa dottið og orðið afvelta. Önnur lenti undir og lá með sperrta vaxkennda fætur upp í loftið og auðsætt að hún var með málaðar neglur á tánnum. Hin lá nakin í fangi hennar og horfði spyrjandi framan í áhorfandann. Þessi hafði dottið þannig að það sást að lausir handleggir höfðu verið límdir á hana. Sú með lyftu fæturna og málaðar neglur virtist ekki hafa áhuga á einu eða neinu. Báðar voru af þeirri gerð að það skellur með einkennilegu tómahljóði í höfðinu þegar búknum er hallað og augun glennast upp. Án aðstoðar myndu þannig brúður aldrei líta framan í nokkurn mann, hvorki með gleði né ásökun. En við hjálpina glennast upp gleraugu venjulega með óeðlilega löng bráhar.

Á veggspjaldinu var framtíðarsýn á manninn, yfirlýsing í tíu greinum um Rétt barnsins, alþjóðlegur sáttmáli sem hafði verið að sögn undirritaður 20. nóvember árið 1959.

Mörgum vegfarendum sem lásu yfirlýsinguna fannst það hefði verið nær að brjóta tölu boðorðanna tíu úr Biblíunni og setja í lög skyldur foreldra við börn sín, enda vita börn hvorki um né skilja lagasetningar eða hver réttur þeirra eigi að vera í lífinu sem bíður þeirra. Aftur á móti er hægt að koma inn í höfuðið á foreldrum hugmyndum um skyldur.

Reglurnar tíu höfðu fram að færa í mjóum reit til hliðar við myndina af brúðunum, börnum framtíðarinnar, fagran boðskap, því boðorðum er það skylt. Barnið átti að hafa rétt á ókeypis menntun, að minnsta kosti hvað varðar almenna skólagöngu. Einnig mátti það ekki vinna, síst við eitthvað sem kynni að spilla heilsu þess. Samt var ekki farið



Guðbergur Bergsson

út í flókna sálma hvað þetta varðar, enda alkunna að börn og unglingar, einkum í fátækum löndum, eiga í samkeppni við skróltandi vélar, og standa undir framleiðslu á ódýrri vöru fyrir ríkar þjóðir.

Portúgölsk börn, eins og börn í sveita-samfélögum, byrjuðu að vinna um leið og þau gátu farið með geit í haga til að bíta þyrna. Og fátæk börn, hliðstæða þeirra í borgum, þurftu að fara út á götu til að létta undir með foreldrum sínum með ýmsum hætti, betla eða hnupla ef ekki vildi betur á sviði hins leynda en betur launaða vændis. Fyrir bragðið byrjuðu kraftmestu börnin snemma að bera sig vel, vilja vera mannaleg, einkum með því að reykja. Þetta átti fremur við um stráka en stelpur. En strax í vöggu höfðu bæði fengið vín að drekka, færu þau að grenja óþarflega hátt og lengi, svo þau

róuðust eða sofnuðu og gerðu þrælendi og þreyttum foreldrum ekki svo gramt í geði að þau væru skilin að næturlagi eftir á tröppum munaðarleysingjahæla hjá nunnnum.

Það að sefa börn með víni þótti sjálf-sögd aðferð. Hún hafði verið stunduð öldum saman hjá þjóð sem ræktaði vín og tóbak og gladdi sig, ef hún gat á stuttri ævi, með neyslu slíkra jarðargæða. Aldrei var talið að þessi alþýðlegi og sanni munaður frá Guði og gleðivaki frá móður jörð gæti verið orsök þess að einkum karlmenn fögnuðu ljómanum í lyftum glösum og dóu ungir. Svo það var engin furða að venjulegu fólki þætti undarlegt að veggspjaldið skyldi boða með alþjóðlegum reglum að best fyrir börn heimsins væri ekki aðeins það að liggja afvelta í leti heldur líka eins og brúður með málaðar neglur og gervihandleggi.

Það var ekki fyrr en erlendir ferðamenn fóru að streyma í miklum mæli til Portúgals og vekja eftirtekt með útliti sínu á tímum byltingarinnar að glögga menn fór að gruna að ekki væri allt með felldu hvað varðar rötgrónar innlendar hugmyndir um lífsgæði og hamingju, með hliðsjón og samanburði á aldri og útliti útlendinga og landsmanna. Farið var að spyrja með varúð hvað útlendinganir væru gamlir, og þegar spyrjandinn heyrði að þeir voru kannski miklu eldri, yngri í útliti og auðsæilega við betri heilsu en hann sem neytti gleðigjafa Guðs og jarðar í ríkum mæli, þá vakti það dapurleika. Innan skamms fóru að renna tvær grímur á þann sem hafði áður trúað að hann gerði hið eina rétta í því að njóta lífsins til fulls meðan tók eru á því. Í þessu sem öðru kemur efi og samanburður að gagni og vekur spurningar:

Hvað er að sjálfsmynd okkar ef hún eldist fljótt og deyr í haldleysi sínu? Gat verið að myndin hafi alltaf verið röng? Var hún fölsuð að ásettu ráði eða gerð í villu og vímu? Felst hamingjan ekki í

taumlausri gleði sem vaknar gjarna á uppskeruhátíð heldur í hæfilegri aðgæslu og óánægju?

Ekki vildu allir trúa að í sjálfsmyndinni leyndist stutt ævi og trygging fyrir ellimörkum um aldur fram. Kannski átti maður ekki að njóta neins til fulls í stuttan tíma heldur mátulega á langri ævi. Til að svo yrði þurfti að hverfa frá hinu viðurkennda um hvernig menn eigi að vera, hugmynd sem var í grófum dráttum þannig:

Karlmaðurinn er riddari klæddur skikkju sem ver hann gegn ryki veganna, konan er prinsessa hvít á hörund, varin af klútum gegn sterkri sól. Bæði eru í æskuljóma og hafa ríka tilfinningu fyrir þeirri kristilegu sæmd sem berst gegn freistingum holdsins.

Í þjóðsögunum lendir prinsessan í nauð, annaðhvort í dimmum helli eða við opið, en í kring rísa himinháir klettur. Fornir reyfarar voru þannig. Allt í einu sækir að saklausu prinsessunni vondur dreki og í varnarleysinu grætur hún við að sjá hann. Þá kemur riddari á hvítum hesti yfir ókleifu klettana og frelsar hana, svo drekin fær ekkert þótt vængjaður sé og með hvassar klær.

Eftir það renna frelsarinn og hin frelsaða saman í kristna, lögmálsbundna heild á hnakknum og þau spretta úr spori á fáki inn í framtíðina til að eignast börn, bú með búsmala og gull í sekkjum sem þau fela í djúpum kjallara.

Allar hugmyndir höfðu verið fastmótaðar og fagrar frá alda öðli. Í þeim fólst einnig það að þeir sem guðirnir elska skuli deyja ungr. Ekki var gert ráð fyrir elli og hrörnun. Hvorugt var Guði þóknanlegt. Jörð og sól voru enga stund að gera fyrrum lífsglaðan líkama að dufti, og upp af því reis annað líf, lífandi eftirmynd hins horfna: Ungt, fagurt, stutt en eilíft.

Að þessu sögðu er óhætt að spyrja:

Hver er sameiginlegur draumur manna á öllum stöðum, mannverunnar sem fæðist sem barn, elst upp sem unglíngur, verður fullorðin og kannski gömul?

Draumurinn var og er ennþá fremur einfaldur: Löngun til að komast að heiman og öðlast reynslu, fá frægð og frama í nýju umhverfi. En sá sem fer tryggir sér áður unnustu og þannig bindur hann sig ósjálfrátt við upprunann. Það er engin tilviljun að í sögum lætur hinn ferðbúni hina heimakæru sitja í festum meðan

hann siglir yfir hið víðáttumikla haf. Það er hann sem stunda útrás, hún festu. Hjá Portúgölum fólst útrásin í því að auðgast í nýlendum landsins, snúa flugríkur heim, leysa festarmeyna og bindast með henni ævilangt æskustöðvunum. Lausaféð, sem vannst í ævintýrinu, var notað til að kaupa fasteignir.

Væru börn af fátækum bændaættum var draumur stráka að kaupa við heimkomuna bestu jörðina af úrkynjuðum

*Draumar ungs fólks eru allsstaðar eins: Óraunverulegir, óskhyggja, löngun til að rjúfa eitthvað, oft ímyndaða fjötra sem hinn ungi kann hvorki að skilgreina né getur skilið, brjóta hefðir og skapa nýtt frelsi.*

greifa, lénsheirranum. Við kaupin fær hann greifanafnbót hans og getur stundað með eiginkonunni, nú greifafrúnni, héraveidar á hestum og látið vinnufólkið annast fyrir sig erfiðu störf sem forfeður hinna nýríku hjóna urðu áður að leysa af hendi undir oki gamla greifans sem nú er úr sögunni og nýr tekinn við.

Draumar ungs fólks eru allsstaðar eins: Óraunverulegir, óskhyggja, löngun til að rjúfa eitthvað, oft ímyndaða fjötra sem hinn ungi kann hvorki að skilgreina né getur skilið, brjóta hefðir og skapa nýtt frelsi. Óskhyggjan um sjálfraði og frelsi er tengdari manningum sem einstaklingi fremur en heildinni, samborgurum og samfélagi. Flestir draumar eru því eiginirni og takmarkað félagslyndi. Vel á litið eru draumar ótrúlega hefðbundnir, ófrumlegir, gamaldags, úreltir, og ungi uppreisnarmaðurinn geri sér ekki grein fyrir að flest afbakast í meðförum mannsins. Fyrir bragðið enda draumar á því, þegar fram líða stundir og maðurinn eldist, að fléttaðir hafa verið nýir fjötra. Það er að segja, ef ekki hefur verið farið með gát og gagnrýni á eðli og hegðun.

Aðeins hæfilega mótuð siðferðiskennd, án tölunnar tíu hvað boðorð varðar, í fylgd með aga í hugsun og gerðum getur slegið á hina varasömu óskhyggju. Það er sárt að fá ekki að njóta taumlaust vímu æskunnar og mega ekki ana áfram í því sem kallast bjartsýni og gleði, heldur vita að fátt annað en aðgát getur dregið úr harmi, beiskju og eftirsjá í lokin.

Vegna fjarlægðar frá trúar- og menningarheimi Evrópu eigum við ekki glæsi-

legar og stéttararslega fastmótaðar myndir af körlum, konum, börnum og unglíngum. Ekkert af þessu fólki hefur átt ævintýralegu heldur nytsömu hlutverki að gegna, hvert á sínu sviði í hugmyndaheimi okkar. Myndirnar eru einhliða, hugsjónir keimlíkar, kröfurnar sem við gerum til fólks á flestum stigum ævinnar áþekkar. Hin æskilega lífsmynd er í hæsta lagi tengd hlýðni eða undirgefni. Íslendingur á fremur að vera starfshetja

en hrifandi knapi á glæstum hesti sem ratar með hann að settu marki, hann á miklu fremur að vera drífandi, má vera durgur en traustur húsbóndi sem kemur sér áfram og sýnir útsjónarsemi í smali á öllum sviðum. Til að fá sínu framgengt, að verða öðrum æðri hvað auðlegð varðar, fer kurfur í fjárleit með öðrum smölum um villugjarnar heiðar í þoku. Keppikeflið er að finna styggt sauðfé, áhættuliðina núna, og geta rekið í hóp. Að sigra í keppni er keppikefli og markmiðið er fjárréttin. Lokasigurinn þar, að draga fé í dilka, leiðir ekki til fjölbreytni, en þegar allt kemur til alls skiptir sigur fremur litlu máli í hinu takmarkaða íslenska réttasamfélagi. Fábreytni í þjóðfélaginu, veðurfarinu og því sem við höfum skapað í kringum okkur gerir það að verkum að einu gildir um ágætið. Í réttinni eru hvort sem er ekki nema tveir eða þrjú dilkar, hólf, álíka stór með álíka háa veggj ... og réttarballið? ... Best að gleyma því sem fyrst!

Hliðstæður við evrópskar goðsagnamyndir af karlmanni og afrekum hans í stríði og friði eru hér óþekktar. Það hefur ekki einu sinni verið reynt að færa þær í íslenskan búning, enda falla þær ekki að hugmyndum okkar um uppeldi. Engum dytti í hug að sjá sig t.d. í hlutverki hins prúða en djarfa heilaga Georgs sem sigraði drekan, ekki bara vegna meyrarinnar heldur til að mæla sig við fyrirfram gerða hugmynd: að horfast í augu við logandi gin og tungu dreka, þ.e.a.s. undirvitundina, og bjarga um leið saklausri mey (sálinni?) í engum tilgangi öðrum en hinum fagurfræðilega. Venjulegur Íslendingur þekkir ekki einu sinni ták heilags Georgs. Hver er það? mundi hann spyrja. Íslendingur fer ekki heldur í krossferðir vegna trúarlegra eða samfélagslegra hugsjóna, hann ver engan með sverði, hvorki sig né þjóð sína, hann er ekki hetja í sigildum bardaga, hann kemur ekki blóðugur sigurvegari heim eða

nær dauða en lífi til þess að blíðar meyj- ar lækni hann með tilfinningalega sam- ansettum lyfjum. Í mesta lagi ryðst hann út í óveður til að bjarga rollum eða gefa hey á garðana. Ef það tekst snýr hann heim í torfbæinn, vinnukonan dregur af honum freðin fötin og eiginkonan þurrka ullarnærbuxurnar við eld meðan hann rymur, fær sér í nefið og leggur sig. Þegar líður á kvöldið ris hann úr bælinu og byrjað að þæfa nýprjónaða sokka til að vera í við útiverkin, en eiginkonan fer í kafaldi út í fjós. Þótt hún komi ekki aftur fyrir kvöldmál dettur honum ekki í hug að rísa af rúmstokknum, hann er viss um að hún hefur haft vit á því að leggja sig ekki í hættu eða í bylinn heldur að kúra sig niður í básinn hjá kúnni og ákveða að bíða eftir að veðrinu sloti. Hún er gleggri en rollurnar og hefur vit á að leita skjóls.

Konan er líka til í annarri ekki síðri mynd sem hetjan innan- stokks, á heimilinu heldur hún lífinu í eldinum, bakar klein- ur, mauksýður hrossakjöt og skammtar kássu í kaupamenn. Hún rekur vinnukonurnar áfram, einnig krakkana og mótar sið- ferðið með heilræðavisum Hall- gríms Péturssonar. Allt var með slíkum myndarbrag á dæmi- gerðu íslensku heimili að þegar gamalt fólk fann ellina nálgast og vissi að bráð- um yrði skrokkurinn ónýtur til starfa og hefði því ekkert hagnýtt gildi, þá lagðist það í kór og sneri sér til veggjar.

Á milli gamalmenna og hinna full- orðnu starfskrafta á miðjum aldri voru börn og unglingar sem fram á okkar dag hafa sjaldan haft annan tilgang en þann að þéna foreldrum af dyggð í leit að gæfunni. Börn áttu að taka fullan þátt í lífsbaráttunni, hjálpa til á heimilinu og fá í laun að leika sér stundum við kött- inn, reka puntstrá upp í nasirnar hvert á öðru, hnerra sér til skemmtunar eða siga hundinum. Helsta ævintýri í æsku var óskin að fara upp á heiði, finna kistu með álfagulli, óttast skessur en huldu- menn kæmu til hjálpar. Þetta er enn til í nýrri eiturlyfjamynd.

Ef unglingur týnist á heiði samtímans, tekur við í villunni einn dalur af öðrum, allir eins. Svipað hendir ef fólk fer milli sveita eða þorpa í veruleikanum, áður á hestum, núna á einkabíl:

Sveitir eru líkar hver annarri en mis- margir heybaggar á túnnum, vafðir í hvítt plast að skoskum hætti.

Þorpin eru keimlík, byggingarlag hús-

anna samræmt. Á götunum tveir hjóna- bílar við hús, ýmist á sumardekkjum eða vetrardekkjum.

Fólk hleypur út úr húsum inn í bílana. Það fer með börnin að heiman í bílum, sækir þau í bílum og flautar fyrir utan leikskólana. Með sínu lagi afeitar það þannig eðli náttúru og veðurfars í heima- landi sínu en fellir sig ekki heldur við góðviðrið í löndum sem það leitir til í sumarleyfum og langar að njóta blíðu. Því fer að leiðast eftir viku og verður feg- ið að losna úr leitinni sem leiddi aðeins til þess að það varð veðurfarsruglað.

Hvernig sem litið er á aðstæðurnar búum við í einsleitu samfélagi sem hef- ur orðið að þola, vegna ytri aðstæðna og styrjalda á síðustu öld, svolitla félags-

*Hin æskilega lífsmynd er í hæsta lagi tengd hlýðni eða undirgefni. Íslendingur á fremur að vera starfsheita en hrifandi knapi á glæstum hesti sem ratar með hann að settu marki, hann á miklu fremur að vera drífandi, má vera durgur en traustur húsbóndi sem kemur sér áfram og sýnir útsjónarsemi í smali á öllum sviðum.*

lega sundurgreiningu. Áður bjuggu flest- ir við sömu aðstæður í samfélaginu og á heimilum, jafnt konur sem karlar, börn og gamalmenni. Aftur á móti hafa börnin núna verið skilin frá foreldrum og sigild- um heimilum og er komið fyrir á ýmsum stofnunum á vegum ríkisins eða sveita- félaga og dvalarstöðunum gefin nöfn sem enda flest á skóli: leikskóli, skóla- dagheimili o.s.frv.. Gamalmenni fara líka á sérstaka staði sem hafa fengið nöfn sem enda á heimili: Elliheimili, sjúkra- heimili o.s.frv.. Aftur á móti nýtur fólk á aldri milli þess að vera barn og gam- almenni þess frjálsræðis að geta farið af eigin heimilum, sem eru varla nema nafnið eitt, út á vinnustaði. Milli þess að vera á vinnustöðum reynir það að vera á skemmtistöðum. Um leið og efnahagur og aðstæður leiddu til þess að áður fá- tækt fólk, afkomendur snauðra bænda og sjómann, varð meira en bjargálma, gerði það svipað og hliðstæðurnar í portú- gölsku samfélagi. Yngsti hlutinn reynir að lifa sem lengst í heimi draumóra, fylla flokk viss afþreyingaraðals í dýrð sviðs- ljósa til að komast í fréttir fríblaðanna. En það fer fyrir honum eins og vera læt- ur: endurhæfingarfolk, læknar og afvötn-

unartæknar, en öðru fremur útlendingar, kallaðir nýbúar, sjá draumórafólkinu farborða með vinnu fyrir það. Því núna þykir jafn sjálfsgat að vera öðrum háður með einum eða öðrum hætti og áður var keppst við að vera upp á engan kominn hvernig sem aðstæðurnar tautuðu.

Samfélög nútímans þjást þess vegna af tvennskonar einkennum: Annars veg- ar þykir maðurinn vera mikill í verki, en þegar sést að svo er ekki, þá taka við honum aðilar sem telja sig vera góða en gegna illa launuðu starfi og ala með sér ósk um að komast í svipað en betur laun- að í útlöndum.

Hvað hefur þá unnist síðan réttur barnsins í tíu liðum var undirritaður af forvígismönnum flestra landa heims árið

1959, þegar börn áttu að hætta að vera ódýrt vinnu- afl eða vinnudýr og verða svipuð brúðu í fangi annarr- ar brúðu en ekki fjölskyld- unnar?

Í hinum vestræna heimi hefur notagildi barnsins breyst úr því að vera vinnu- afl í það að verða vanda- mál. Hið stöðuga vandamál barna og unglinga hefur skapað mörgum vinnu á ein- hverju sviði sem þekktist

ekki áður. Menntaðir menn og konur hafa orðið ráðgjafar eða þjálfarar einstaklinga sem áður léttu undir með fjölskyldunni og hættu þannig að vera „baggi“ á for- eldrunum, eins og það hét. Eða barnið og unglingurinn voru bölvun, afleiðing af erfðasýndinni, refsing, eins og þjón- ar kirkjunnar litu á fæðingu annarra barna en frelsarans Jesú fram að siðbót Lúthers og jafnvel eftir að henni hafði verið komið á að nafninu til. Það eina sem hefur augljóslega gerst er að vinnan er ekki lengur talin göfga manninn, ekki barnið, ekki unglínginn, ekki fullorðna, ekki gamalmenni, en lausnin í staðinn hefur ekki fundist, hvorki hún né hæf skilgreining á tilgangi lífsins. Eitt er víst að maðurinn er ekki orðinn að prins og konan ekki að prinsessu, heldur flókið vandamál með hirð í kringum sig. Vegna þess að hann mun alltaf reyna að finna einhvern til að þræla og sjá fyrir þörfum sínum í von um að sá draumur rætist sem rætist aldrei og má ekki rætast af því að hann er eyðilegging og tóm.

---

**Guðbergur Bergsson er rithöfundur**

# Nemendaráðgjöf Menntaskólans í Reykjavík

## Neyðin kennir naktri konu að spinna

Þegar ég hóf störf við Menntaskólann í Reykjavík í janúar 1998 var ég óviðbúin því hve illa var búið að náms- og starfsráðgjöf framhaldsskóla í landinu og einnig álaginu og einsemdinni sem fylgdi því að vera eini náms- og starfsráðgjafinn í tæplega 900 nemenda skóla. Það olli mér töluverðum áhyggjum að nemendur fengu ekki þá þjónustu sem þeir áttu rétt á og því fór ég fljótlega að leita leiða til að auka þjónustu við þá.

Nemendaráðgjöf Menntaskólans í Reykjavík var stór þáttur í þeirri vinnu.

## Hvernig byrjaði Nemendaráðgjöfin?

Bæði á skólaárum mínum í Bandaríkjunum og í námi við Háskóla Íslands lærði ég um jafningjaráðgjöf. Mér fannst hún áhugaverður og góður kostur til að auka þjónustu við nemendur og vildi koma henni á fót í Menntaskólanum í Reykjavík. Ljúfur, hæfileikaríkur piltur á þriðja ári sem hafði sérstaklega góða nærveru var í viðtölum hjá mér á þessum tíma. Ég spurði hvort hann hefði áhuga á að gerast nemendaráðgjafi og hann játaði því. Ég sagði honum hver markmiðin væru og hvað nemendaráðgjafi ætti að gera og áhugi hans leyndi sér ekki. Ég bað hann um að finna nokkra nemendur til viðbótar sem ég gæti talað við, en markmiðið var að velja einn nemenda úr hverri deild skólans til að sinna þessu verkefni. Æskilegt væri að nemendur væru á þriðja ári

og væri tilbúin til að sinna þessu í tvö ár, þ.e. þriðja og fjórða árið í MR. Þannig gætu þeir þroskast og þjálfast í viðfangsefnum og verkefnum ráðgjafarinnar. Ekki leið á löngu þar til nemendaráðgjöfin var fullskipuð og fyrsti hópurinn hóf störf undir minni handleiðslu og stjórn.

## Hvernig er Nemendaráðgjöfin í dag?

Nemendaráðgjöf Menntaskólans í Reykjavík hefur verið starfrækt frá hausti 1998. Í upphafi var hún alfarið á minni könnu. Til þess að tryggja að þessi þjónusta héldi áfram þó ég hætti störfum lagði ég ríka áherslu á að Nemendaráðgjöfin væri hluti af verkefnum Skólafélags MR og að nemendaráðgjafar yrðu embættismenn þess en störfuðu jafnframt með og undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa. Náms- og starfsráðgjafi og inspector velja þannig fjóra nemendur til starfa og er það staðfest í lögum félagsins. Í stofnanasamningi Menntaskólans í Reykjavík og FF/FS segir ennfremur að námsráðgjafi skuli meðal annars annast umsjón með fulltrúum nemendaráðgjafar. Það er því tryggt að nemendur Menntaskólans í Reykjavík munu í framtíðinni ávallt njóta þjónustu Nemendaráðgjafarinnar.

## Hvert er markmiðið?

Meginmarkmiðið er að auka þjónustu við nemendur með því að bjóða upp á



Toby Sigrún Herman

val á þjónustu og jafningjaráðgjöf sem fer fram í trúnaði, en nemendaráðgjafi er bundinn þagnareiði rétt eins og náms- og starfsráðgjafi.

Nemendaráðgjöfin er liður í því að veita þjónustu sem er:

- fyrirbyggjandi og grundvallast á því að skapa hverjum nemenda sem bestar aðstæður í skólanum og greiðan aðgang að stuðningsmanni,
- græðandi, en eins og náms- og starfsráðgjafi er nemendaráðgjafi trúnaðarmaður og málsvari nemenda og styður þá til að leita lausna á vanda sem hindrar þá í námi. Stundum á ungt fólk auðveldara með að leita til jafningja með sín persónulegu mál eins og jafningjaráðgjöfin býður upp á undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa. Það eru því minni líkur á því að nýnemar falli milli skips og bryggju þegar eitt-hvað bjátar á,
- fræðandi, nemendaráðgjafar miðla upplýsingum um nám ásamt náms- og starfsráðgjafa í tengslum við önnur skólastig. Þeir skipuleggja t.a.m. kynningar á deildum í háskólunum eftir óskum nemenda,
- þroskandi, nemendur geta rætt við jafningjaráðgjafa sem er aðeins eldri og reyndari og fengið speglun á afstöðu sína. Samskiptin geta leitt til aukins þroska og aukið sjálfsmynd beggja aðila. Nýnemar geta einnig verið dálítið feimnir við að hefja þátttöku í félagslífinu og Nemendaráðgjafar geta aðstoðað þá við að yfirstíga þann þroskuld.

## Nemendaráðgjafar MR 2006–2007



Ásgerður Snævarr,

5.A, formáladeild



Birkir Veigarsson,

6.M, náttúrufræðideild formaður



Aðalheiður Dögg

Finnsdóttir, 5.B, nýmáladeild



Einar Óskarsson

5.R, náttúrufræðideild



Elísabet Kemp

Stefánsdóttir, 5.X, eðlisfræðideild



Tómas Pálsson

6.X, eðlisfræðideild, umsjón með stærðfræðitímum



Meginviðfangsefni nemendaráðgjafa eru:

- að veita nemendum aukna þjónustu og val á samnemendaráðgjöf,
- að vera nemendum innan handar á skólaskemmtunum,
- að veita nýnemum upplýsingar um deildir og einstakar námsgreinar,
- að kynna deildir skólans fyrir nemendum á öðru ári með náms- og starfsráðgjafa,
- að skipuleggja háskólakynningar með náms- og starfsráðgjafa.

Þetta árið skipulögðu Nemendaráðgjafar Menntaskólans í Reykjavík í fyrsta sinn stoðtíma í stærðfræði fyrir yngri nemendur. Þeir fengu til liðs við sig nemandi í eðlisfræðideild I, en hann sér um að kenna í stoðtímunum.

Árangurinn hefur verið vonum fram- ar og hefur árangur nemenda sem hafa sótt stoðtímana allt að tvöfaldast t.d. úr 3.1 og yfir 7 á skyndiprófum. Í kjölfarið hefur áhugi fyrir efnafræðitímum á vegum Nemendaráðgjafarinnar vaknað og munu þeir hefjast fljótlega.

### Hvað fá nemendaráðgjafar út úr því að taka þátt í þessari sjálfboðavinnu?

Dr. Mark Savickas hélt fyrirlestur hér á landi í október sl. og benti á að meginverkefni náms- og starfsráðgjafa sé að aðstoða nemendur við að styrkja undirstöðuna og gera nemendum kleift að stýra eigin skipi gegnum eilífar breytingar. Jafnframt taldi hann það meginviðfangsefni skólans að mæta kröfum um aukna samskiptahæfni og hæfni til að vinna í teymi. Að mínu mati veitir reynsla við störf í nemendaráðgjöf allt þetta og meira til. Nemendaráðgjafar hafa frá upphafi fengið viðurkenningu að loknu skólaári, bæði rementaári og stúdentsári sem er góð viðbót í sögu (narrative) nemendans sem sumir hafa nýtt sér til að sækja frekara nám erlendis í félagsvísindum eftir reynsluna. Dr. Mark Savickas lagði einnig áherslu á það að sífellt er mikilvægara fyrir nemendur að hafa starfað í félagslífi skólanna þegar þeir sækja um skóla.

### Niðurlag

Það hefur veitt mér ómælda ánægju að starfa náð með svo mörgu ungu fólki sem er áhugasamt og velviljað samnemendum sínum og hlífir sér ekki við að leita leiða til að auka þjónustuna og gera hana markvissari. Nemendaráðgjöf MR er stoltið mitt, enda var Menntaskólinn í Reykjavík fyrsti skólinn til að veita þessa auknu þjónustu við nemendur, og enn þann dag í dag hafa fáir skólar raunar fylgt í kjölfarið. Nemendaráðgjafi veitir auðvitað ekki sérhæfða ráðgjöf en er aukinn og mikilvægur stuðningur við nemendur á fyrstu árum þeirra í framhaldsskóla. Einn nemandi orðaði það þannig: „Mér finnst ég eiga frænda í 5. bekk sem ég get spurt um hvað sem er.“

---

**Toby Sigrún Herman er náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólann í Reykjavík**

## Náms- og starfsráðgjöf við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) er u.þ.b. 600 nemenda skóli með um 70 starfsmenn. Hann var stofnaður 1977 og segja má að sérstaða hans hafi verið og sé að sinna nemendum af Vesturlandi þó svo að þangað komi líka nemendur úr öðrum landshlutum. Sumum finnst FVA kannski ekki mikill landsbyggðarskóli vegna nálægðarinnar við höfuðborgarsvæðið, en við lítum samt á hann sem slíkan í ljósi þess að þar er heimavist fyrir 64 nemendur. Sömu leiðis er öflugt verknám við skólann ásamt bóknámsbrautum, allt frá fornámi til stúdentsprófs, svo að breiddin er mikil í nemendahópnum og þar af leiðandi í námsráðgjöfinni líka.

Náms- og starfsráðgjöf við skólann er mjög fjölbreytt og krefjandi en um leið gefandi. Námsráðgjafarnir kynnast fólki víða að og þurfa að sinna ungum nemendum sem eru hugsanlega að fara að heiman í fyrsta sinn, þannig að

oft felst ráðgjöfin í stuðningi og aðhaldi við þessa nemendur, nokkurs konar uppeldis- eða foreldrahlutverki. Það er líka rétt að geta þess að við skólann eru starfandi eineltisteymi, áfallateymi og forvarnarteymi og sitja námsráðgjafar í þeim ásamt því að halda utan um forvarnarhópa innan skólans.

FVA hefur orð á sér fyrir að vera persónulegur skóli og nánd við nemendur er mikil. Eflaust hefur stærðin þar sitt að segja en öðru fremur tel ég það vera vegna þess að það er stefna skólans og allir leggja sig fram um að framfylgja henni.

Að öðru leyti er starf náms- og starfsráðgjafanna við skólann nokkuð hefðbundið, þ.e. upplýsingamiðlun, námsáætlanagerð, stuðningsviðtöl, náms- og starfskynningar, námskeiðahald af ýmsu tagi svo sem



Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir

námskeið fyrir þá sem haldnir eru prófkvíða, námskeið um viðhorf og vinnubrögð í námi, sjálfstyrkingarnámskeið, o.fl.; stuðningur við nemendur með námsörðugleika, sérúrræði í prófum og margt fleira mætti tína til.

Það er gott samstarf milli náms- og starfsráðgjafa, kennara og annarra starfsmanna skólans sem kemur fram í

gagnvirku upplýsingaflæði sem er ákaflega gagnlegt og nýttist nemendum vel.

Að lokum vil ég óska náms- og starfsráðgjöfum innilega til hamingju með afmælið og megi félagið vaxa og dafna áfram.

---

**Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir er náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi**

# Á ferð um gamlar og nýjar slóðir Þróun rafrænnar áhugakönnunar



Vorið 2003 lögðu Íslendingur, Bandaríkjamadur og Svisslendur á ráðin um að leggja af stað í ferðalag. Að þessu sinni var ferðinni ekki heitið á fjöll eða í ókunna firði heldur út á víðar lundur starfsá hugafræða. Þau vissu að ekki dugði að setja upp góða skó og kjarngott nesti í poka því að þeirra beið ferð um óraviddir starfsá hugaheima sem líkist meira ferð um himingeiminn en göngum um fjöll og firnindi. Því urðu ferðalangarnir sér út um vænan styrk frá RANNÍS, haldbæra þekkingu á fræðunum og upplýsingatækni ásamt frábærum samstarfsvilja námsráðgjafa og íslenskra ungmenna til að hafa í farteskinu. Haldið var að skjánum og lagt af stað í leit að starfsá huga með aðstoð tölvu-tækninnar.



Dr. Sif Einarsdóttir

*Bendill, rafræn áhugakönnun fyrir grunn- og framhaldsskólanema er þróaður af Sif Einarsdóttur, James Rounds og Manfred Lemke. Verkefnið var styrkt af RANNÍS, Starfsmenntaráði, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og University of Illinois þar sem þátt-takendur starfa.*

húsasmíðum eða endurskoðandinn kasti reiknivélinni í skiptum fyrir penna og skrifi skáldsögur. Aftur á móti kæmi ekki á óvart að sjá heimspekinginn semja ljóð eða endurskoðandann selja verðbréf, hjúkrunarfræðing sinna kennslu og sjómann vinna í byggingarvinnu. Öll höfum við einhverja hugmynd um hvað er líkt og ólíkt með störfum og kenningar um formgerð starfsá huga lýsa sameiginlegri sýn fólks á vinnumarkaðinn. Mat manna á því hvort þeim líki tiltekin störf eða ekki byggist á þessari sýn og því er nauðsynlegt að kenningar, sem lagðar eru til grundvallar í áhugasviðsmati, endurspegli hana.


Ástæðurnar fyrir því að ákveðið var að ráðast í að hanna frá grunni nýja áhuga-

könnun eru margþættar og bæði hagnýtar og fræðilegar. Þó vegur þar þyngst að mikilvægt er að átta sig betur á formgerð starfsá huga á Íslandi. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið meðal háskólanema hérlendis styðja í meginatriðum gildi kenningar Hollands (Einarsdóttir, Rounds, Ægisdóttir og Gerstein, 2002). Niðurstöður rannsókna meðal grunn- og framhaldsskólanema hafa ekki verið eins ótvíræðar en benda þó til að starfsá hugi nemenda frá 17 eða 18 ára aldri falli ágætlega að kenningunni (Brynhildur Scheving Thorsteinsson, 2005). Erlendar áhugakannanir, sem eru hannaðar til að meta kenningu Hollands, hafa verið notaðar í þessum rannsóknum. Þær spurningar hafa hins vegar vaknað hvort formgerð starfsá huga falli að kenningu hans ef atriði sem endurspeglar íslenskan vinnu- markað og námsframboð væru notuð við gerð slíkrar könnunar. Er jafnvel mögulegt að annars konar flokkun í starfsá hugasvið og formgerðarlíkan endurspegli betur áhuga ungs fólks á störfum sem í boði eru á íslenskum vinnu- markaði?

## Kortlagning starfsá huga

Hvað er líkt með þróun fyrstu íslensku áhugakönnunarinnar og ferðalagi um himingeiminn? Þróun matstækja fyrir starfsá huga kallar á að kortlagðar séu lundur íslenskra starfsá hugaheima eða vídda með því að gera rannsóknir á formgerð hans. Eins og flestir náms- og starfsráðgjafar þekkjast, hefur kenning Hollands (1997) um starfsá huga verið notuð til að skipuleggja niðurstöður áhugakannana sem eru mikið notaðar í ráðgjöf. Flestar áhugakannanir eru þannig gerðar að þær meta sex áhugasvið Hollands (handsverks-, vísinda-, lista-, félags-, athafna- og skipulagssvið). Kenning Hollands um flokkun og ekki síst formgerð starfsá huga, þ.e. hvernig áhugasviðin sex tengjast, hefur þótt mjög gagnleg við að lýsa starfsá huga og er auðskiljanleg fyrir ráðgjafa og skjólstæðinga þeirra.

Kenningar og rannsóknir sem fjalla um formgerð starfsá huga leika lykilhlutverk í þróun áhugakannana. Þær hjálpa okkur til að skilja hvers konar hugmyndir fólk gerir sér um störf og hvað í þeim felst. Hjúkrunarfræðingar eru umönnunin holdi klædd, en sjómaðurinn þögull vinnuþjarkur. Ekki er líklegt að heimspekingurinn söðli um og sinni



## Bendill rafræn áhugakönnun

Það tók langar setur við tölvuna að vinna úr mati hátt á fjórða þúsund ungmenna á því hve vel eða illa þeim líka yfir 300 störf (t.d. rafvirki, leikskólakennari), athafnir tengdar störfum (t.d. að aðstoða fatlaða nemendur í skóla, mála hús að innan eða utan) og námsgreinar


Mynd 1: Dæmi um niðurstöður úr Bendli - I fyrir nemendur í 10. bekk

(t.d. stærðfræði, lífsleikni). Eftir að hafa greint gögnin á fjölbreyttan hátt tók hið íslenska starfsáhugalandslag smám saman á sig skýrari mynd. Til að gera langa sögu stutta leiddi ferðin í ljós að kenningu Hollands má nota til að lýsa starfsáhuga íslenskra ungmenna og hægt er að þróa réttmæta kvarða sem meta sviðin sex með atriðum sem endurspeglar íslenskan vinnu- markað og námsframboð.

Þó að kenning Hollands hafi ráðið ríkjum í fræðunum og starfsá hugamati, þá hafa komið fram á sjónarsviðið hugmyndir um að grunnformgerð starfsáhuga megi lýsa sem hringboga í stað sexhyrnings og að flokkun hans geti verið margvísleg og háð tilgangi matsins (Rounds og Day, 1999). Í ljósi þessa var ákveðið að þróa áhugakönnun fyrir nemendur 10. bekkjar sem metur sex áhugasvið Hollands. Meginmarkmiðið var að þróa einfalda könnun sem gagnast 15–16 ára unglingum við að auka sjálfsþekkingu sína og tengja áhugasvið við námsframboð framhaldsskólans og mögulegan starfsvettvang í framtíðinni. Niðurstöður eru settar fram á myndrænu formi eins og sjá má á mynd 1, en auk þess eru gefnar upplýsingar um hvaða námsbrautir framhaldsskólanna falla á hvert áhugasviðanna sex.

Þarfir framhaldsskólanema eru aðrar en grunnskólanema og þeir eru betur í stakk búnir til að kafa dýpra í eigin starfsáhuga. Því var ákveðið að hanna bæði yfirkvarða sem meta sex áhugasvið Hollands og undirkvarða sem brjóta áhugasviðshringinn niður í mun fleiri svið (svipað og Basic Interest Scales í áhugakönnun Strongs). Eftir mikla rýni í gögnin kom í ljós að 28 undirkvarðar lýsa vel hinu íslenska áhugasviðslandslagi. Flestir þessara kvarða eru þekktir úr erlendum rannsóknum en einnig bættust við séríslensk svið svo sem sjávarútvegur (Rounds, 1995). Hannað var hringboga líkan sem lýsir tengslum yfirkvarðanna sem meta áhugasvið Hollands og undirkvarðanna sem brjóta starfsáhuga niður enn frekar. Líkanið er notað til að skipuleggja niðurstöður ráðþega og þeir fá þær í hendur á þessu myndræna formi sem sjá má á mynd 2.

Þar sem um rafræna könnun er að ræða er hún tekin á Netinu og niðurstöður liggja fyrir strax að lokinni fyrirlögn. Auk Bendils sem metur starfsáhuga einstaklinga, var þróað upplýsingakerfi sem hefur að geyma íslenskar starfslýsingar sem hafa



Mynd 2: Dæmi um niðurstöður úr Bendli - II fyrir nemendur í framhaldsskóla

verið gefnar út hér á landi (Gerður G. Óskarsdóttir, 1990; 1996; 2001; www.idan.is). Starfslýsingarnar hafa allar verið flokkaðar í sex áhugasvið Hollands og gera fólki kleift að leita að störfum sem falla að áhugasviðum þess (sjá nánar Sif Einarsdóttir, 2005; www.bendill.is).

### Ferðalok í sjónmáli?

En þar með er ekki öll sagan sögð og ferðinni ekki lokið þó að fyrsta íslenska rafræna áhugasviðskönnunin hafi verið hönnuð og sé tilbúin til notkunar. Eitt-hvað óvænt kemur upp á í flestum ferðalögum. Niðurstöður greininga á íslensku starfsáhugagögnunum, sem safnað var við þróun Bendils, gefa til kynna að þótt hægt sé að hanna kvarða sem meta áhugasvið Hollands, er kortagerðinni ekki lokið. Kenningin lýsir aðeins hluta landslagsins. Niðurstöðurnar benda sterklega til þess að áhugasviðsheimur ungra Íslendinga sé flóknari en hið tvívíða líkan Hollands leyfir okkur að lýsa. Eins og sagt var frá í upphafi líkist ferð um lendum starfsáhuga og fræða meira ferðum um óravíddir himingeimsins en rölti um fjöll og firnindi. Ferðalöngunum þremur er ekki til setunnar boðið og halda þeir því ferð sinni áfram á nýjum fararskjóta, enda minnir áhugasviðshringboginn óneitanlega á geimskip sem myndi sóma sér í vel í hvaða stjörnustríðsmynd sem er. Nú er ferðinni heitið inn í þriðju víddina í starfsáhuga sem við höfum nú þegar fengið lítilega innsýn í en hún þarfnast töluvert nánari könnunar. Óvíst er hver leiðarlokin verða, en ef ferðalangarnir tynast ekki á ókunnum slóðum munu fréttir berast frá nýjum heimum á næstu árum.

## Um Bendil

Bendill, rafræn áhugakönnun fyrir grunn- og framhaldsskólanema er þróaður af Sif Einarsdóttur, James Rounds og Manfred Lemke. Verkefnið var styrkt af RANNÍS, Starfsmenntaráði, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og University of Illinois þar sem þátttakendur starfa. Bendill hefði aldrei getað orðið að veruleika án þátttöku starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólunum sem sáu um fyrirlögn könnunarinnar og nemenda þeirra. Nánari upplýsingar um Bendil og þróun hans má nálgast á www.bendill.is eða hjá verkefnastjóra sif@hi.is.

**Dr. Sif Einarsdóttir er dósent í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands**

### Heimildir

- Brynhildur Scheving Thorsteinnsson (2005). The Icelandic standardization of the self-directed search. Óbirt grein.
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.) (1990). *Starfslýsingar, sérfræði, tækni og stjórnunarstörf*. Reykjavík: Iðnun.
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.) (1996). *Starfslýsingar II: Sérgreinar í iðnaði og þjónustu*. Reykjavík: Iðnú.
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.) (2001). *Starfslýsingar II: Almenn störf í framleiðslu og þjónustu*. Reykjavík: Iðnú.
- Holland, J.L. (1997). *Making vocational choices: A theory of vocational personalities and work environments* (3. útg.). Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.
- Einarsdóttir, S., Rounds, J., Ægisdóttir, S. og Gerstein, L.H. (2002). The structure of vocational interests in Iceland: Examining Holland's and Gati's RIASEC models. *European Journal of Psychological Assessment*, 18(1), 85–95.
- Rounds, J.B. (1995). Vocational interests: Evaluating structural hypothesis. Í D. Lubinski og R.V. Dawis (ritstj.), *Assessing individual differences in human behavior: New concepts methods and findings*. Palo Alto, CA: Davis-Black.
- Rounds, J. og Day, S.X. (1999). Describing, evaluating and creating vocational interest structure. Í M.L. Savickas og A.R. Spokane (ritstj.), *Vocational interests; Meaning measurement and counseling use*. Palo Alto, CA: Davis-Black.
- Sif Einarsdóttir (2005, jún). Læknir, lögfræðingur eða prestur? Flokkun íslenskra starfslýsinga samkvæmt kenningu Hollands um starfsáhuga. *Netla*, 3.

# Viktoría og Viktor

Námsráðgjöf Háskóla Íslands (NHÍ) tók þátt í Spiderweb, Evrópuverkefni um brottfall úr námi sem hófst árið 2001 og styrkt var af Leonardo-áætluninni. Hlutverk NHÍ var að hanna sjálfstyrkingarnámskeið til að efla sjálfsmat nemenda. Háskólinn í Reykjavík leiddi verkefnið og ásamt NHÍ voru Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Fjölbrotarskólinn í Garðabæ þátttakendur í verkefninu af hálfu Íslendinga. Skotland, Írland, Slóvakía og Grikkland voru þær erlendu þjóðir sem tóku þátt í verkefninu.

**M**argir þættir geta haft áhrif á brottfall og er sjálfsmat tengt flestum þeirra á einhvern hátt. Sjálfsmat er mat okkar á eigin verðleikum og hvers virði við teljum okkur vera sem manneskjur. Sjálfsmat hefur áhrif á lífsgæði okkar í námi og starfi, persónulegum samskiptum og hvernig við ræktum okkur sjálf. Sjálfsmat okkar byggir á reynslu, hugmyndum sem við höfum lært um okkur sjálf, umheiminn og möguleika í lífinu.

Heilbriggt sjálfsmat birtist meðal annars í trú á eigin getu, ánægju og stolti yfir árangri, vinnugleði, orku, ákveðni og sjálfstrausti. Lág sjálfsmat getur hins vegar birst í kvíða, vanmáttarkennd, sektarkennd eða stöðugri gremju, óákveðni, að forðast áskoranir og þóknast öðrum í sífellu, þreytu og magnleysi.

Þó að sjálfsmat okkar sé að mótast alla ævi, þá eru flestir sammála um að sjálfsmat mótist einkum á fyrstu árum ævinnar og á unglingsárunum. Fjölskyldan og skólinn hafa hér miklu hlutverki að gegna. Uppeldisaðferðir, staða fjölskyldunnar, félagsleg tengsl, árangur og staða í námi eru meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á hvernig einstaklingurinn metur sjálfan sig, aðra og framtíðarmöguleika sína.

Flestir þurfa að takast á við einhver erfið skilyrði, árekstra eða áföll í lífinu. Hver nemandi hefur sína sögu sem hefur haft áhrif á sjálfsmat hans. Við vitum að ýmsir þættir skekkja sjálfsmatið með tíð og tíma, þættir eins og vanræksla í uppeldi, áföll í bernsku eins og missir foreldris, stöðugt álag á heimili, til dæmis vegna veikinda, einelti, eða stöðug endurtekning neikvæðra skilaboða – þú



Auður R. Gunnarsdóttir og Ragna Ólafsdóttir með ráðgjöfum í Latvíu

ert heimskur, latur, óforbetr-anlegur, alveg vonlaus – eða skortur á hlýju og áhuga á verðleikum barnsins. Hugmyndir sem barnið fær um sjálft sig við slíkar aðstæður geta orðið einsleitir og einstrengingslegar og geta styrkst smám saman, allt eftir því hvernig barnið lærir að bregðast við aðstæðum sínum. Ósveigjanlegt sjálfsmat sem er óháð síðari reynslu getur líka hamlað tilfinninga- og félagsþroska einstaklingsins. Manneskjan bregst tilfinningalega við í aðstæðum sem hún ræður ekki við eða skilur ekki. Í erfiðum aðstæðum á barn mjög erfitt með að vinna úr eigin tilfinningaviðbrögðum og átta sig á hvernig það eigi að bregðast við nema til komi leiðsögn fullorðinna. Ef slík leiðsögn er ekki fyrir hendi, brenglast þær hugmyndir sem barnið fær um sjálft sig og annað fólk. Það getur haft áhrif til frambúðar.

Viktoría og Viktor er sjálfstyrkingarnámskeið þar sem markmiðið er að efla sjálfsmat nemenda. Á námskeiðinu er sjálfsmat hvers nemanda metið og farið yfir þær hugmyndir sem hann hefur um sjálfan sig, eiginleika sína, færni og getu, hvaða viðhorf hann hefur til annarra og hvað honum finnst um framtíðarmöguleika sína. Aðferð hugrænnar atferlisfræði er notuð til að styrkja heilbriggt sjálfsmat. Lögð er áhersla á að nemandinn geti sett sér og fylgt eftir raunhæfum markmiðum og öðlast jákvæða sýn á sjálfan sig og framtíð sína. Unnið er í hópum og með einstaklingsverkefni. Á námskeiðinu skapa nemendur ímynd-



Auður R. Gunnarsdóttir

*Viktoría og Viktor er sjálfstyrkingarnámskeið þar sem markmiðið er að efla sjálfsmat nemenda.*

aða persónu (Viktoríu eða Viktor) sögu hennar og þætti sem hafa mótað sjálfsmat hennar og hjálpa henni með aðstoð leiðbeinanda við að byggja upp heilbriggt sjálfsmat. Í gegnum þessa ímynduðu persónu læra nemendur smátt og smátt að vinna einnig með sitt eigið sjálfsmat.

Auður R. Gunnarsdóttir og Ragna Ólafsdóttir hjá Námsráðgjöf Háskóla Íslands eru höfundar að námsefni námskeiðsins og tóku þátt í að prófa það á Íslandi og í Slóvakíu við góða raun. Sjálfstyrkingarnámskeiðið Viktoría og Viktor er ennþá í mótun og endanleg útgáfa efnisins liggur ekki fyrir. Náms- og starfsráðgjafar í framhaldskólum hafa fengið leiðsögn í notkun námskeiðsins og er fyrirhugað að náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum fái tækifæri að kynna námsefninu. Prófanir á námsefninu eru mikilvægar fyrir þróun námskeiðsins og þar leggja starfandi náms- og starfsráðgjafar hönd á plóginn.

**Auður R. Gunnarsdóttir er sálfræðingur og náms- og starfsráðgjafi við Námsráðgjöf Háskóla Íslands**

# VELGENGNI ER AÐ ÖÐLAST ÞAÐ SEM ÞÚ ÓSKAR ÞÉR

Það er nánast sama hvað þig dreymir um. Fjárhagsleg velgengni er ein af forsendum þess að draumarnir rætist.

Með fjárhaginn í góðum farvegi gefst ráðrúm til að njóta sín á öðrum sviðum.

Það er gott að eiga samstarf við banka eins og Glitni. Banka sem lítur á það sem hlutverk sitt að skapa viðskiptavinum sínum traustan fjárhag um alla framtíð.

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN  
ER OKKAR VERKEFNI**

[www.glitnir.is](http://www.glitnir.is)

**GLITNIR**

# Náms- og starfsráðgjöf í nýjum skóla

Ég hóf störf sem námsráðgjafi í Ingunnarskóla haustið 2003 í 100% starfi. Haustið 2004 tók Sæmundarsel til starfa en það er útibú frá Ingunnarskóla, og þar sinni ég námsráðgjöf þar til í haust að þangað var ráðinn námsráðgjafi. Verið var að byggja Ingunnarskóla og því vorum við í skálum fyrstu árin. Nemendur voru frá 1.–8. bekk 2003 en nú erum við með nemendur frá 1.–10. bekk. Í Ingunnarskóla er samkennta árganga og unnið er með einstaklingsbundið nám eins og stefna Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir.



Svandís Sturludóttir

*Í nýjum skóla er í mörg horn að líta og mikilvægt að sinna líðan nemenda vel. Það getur verið erfitt að flytja í nýtt hverfi og fara í nýjan skóla. Því þarf að taka vel á móti nýjum nemendum.*

Þar sem ekki hafði verið námsráðgjafi við skólann áður, var mitt fyrsta verk að kynna starf námsráðgjafa fyrir starfsfólki og kennurum skólans. Ég fór einnig í alla bekk og kynnti starfið fyrir nemendum skólans. Einnig gaf ég út bækling um starf námsráðgjafa sem sendur var til foreldra. Það tekur tíma að skapa traust og því bjóst ég við að starfið færi hægt að stað, en frá fyrsta degi var nóg að gera. Nýir nemendur streymdu í skólann og um skeið fannst mér ég ekki gera annað en að taka á móti nýjum nemendum. Þó að við námsráðgjafar vinnum samkvæmt ákveðinni starfslýsingu finnst mér mikilvægt að vinna í takt við þá skólamenningu sem ríkir í skólanum. Mér fannst ég ekki geta tekið „námsráðgjafapakkan“ sem ég lærði og notað hann óbreyttan, heldur varð ég að laga hann að þeirri menningu sem fyrir var í skólanum.

Í nýjum skóla er í mörg horn að líta og mikilvægt að sinna líðan nemenda vel. Það getur verið erfitt að flytja í nýtt hverfi og fara í nýjan skóla. Þess vegna þarf að taka vel á móti nýjum nemendum. Ég lagði því áherslu á það í fyrstu að vinna með bekkjaranda og félagsfærni. Þetta er að mínu mati mjög mikilvægt og ef þessir þættir eru ekki í lagi verður lítið úr námi. Ég hef boðið upp á námstækninámsskeið fyrir nemendur á unglingastigi, en mér finnst mikilvægt að vinna það með kennurum. Ráðgjöf til foreldra er stór hluti af mínu starfi. Fundarhöld með nemendum og foreldrum eru mikil. Einnig vinn ég náið með sálfræðingi skólans

og þjónustumiðstöð okkar hverfis.

Ingunnarskóli vinnur samkvæmt svokölluðu PBS (*positive behavior support*) en við leggjum áherslu á að styrkja jákvæða hegðun til að ná fram æskilegri hegðun. Sérstakt teymi er við skólann sem vinnur stefnumótandi vinnu og ég á sæti þar. Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð, vinsemi, og er nemendum kennt hvernig eigi að sýna virðingu, ábyrgð og vinsemi í skólanum. Sem námsráðgjafi vinn ég mikið að þessu með nemendum, kennurum og foreldrum. Agakerfi skólans er skýrt og ef nemendur þurfa að mæta á fund vegna agabrots sit ég þá fundi sem stuðningsaðili þeirra. Þá er það hlutverk mitt að hjálpa nemendum að hugsa í lausnum og fara yfir það með þeim hvaða aðra leið þeir hefðu getað farið og hvað má læra af

þessu. Einnig hef ég tekið þátt í að halda utan um val nemenda og starfskynningar.

Nú eru 450 nemendur í skólanum. Það fer mikill tími í að sinna elstu nemendum en yngri nemendur leita mikið til mín. Í dag þarf ég að vera mjög ákveðin og forgangsraða verkefnum. Persónulega ráðgjöfin tekur mestan tíma. Nemendurnir leita eftir þeirri ráðgjöf og þá er það hlutverk mitt að bregðast við því. Við þurfum að taka púlsinn og standa vaktina þar sem þörfin er mest. Ef ég kemst ekki yfir að sinna fræðslu og upplýsingagjöf af því að persónulega ráðgjöfin tekur of mikinn tíma, þá verður bara svo að vera. Einnig er ráðgjöf til foreldra og kennara stór þáttur í starfi mínu. Ráðgjöf til nemenda varðandi námsstíla og námstækni er einnig mikil. Auðvitað reyni ég að sinna öllum þáttum í starfi mínu en eins og staðan er nú í skólum er erfitt að komast yfir það.

Það er spennandi að vinna í nýjum skóla og fá að taka þátt í að móta það starf sem unnið er, en það er einnig mjög krefjandi. Frá því ég hóf störf í Ingunnarskóla hef ég þó alltaf hlakkað til að fara í vinnuna og takast á við þau verkefni sem bíða. Mikilvægast er að ætla sér ekki um of og standa með sjálfri sér. Það er mikið álag að vera námsráðgjafi í grunnskóla.

Mottó: Ef ég kemst ekki yfir það í dag, geri ég það á morgun!



Svandís Sturludóttir er náms- og starfsráðgjafi í Ingunnarskóla

# FRAMÚRSKARANDI HÁSKÓLI

Háskólinn í Reykjavík býður metnaðarfullt og spennandi nám með áherslu á hagnýt verkefni og sterk tengsl við atvinnulífið.

Hringdu og fáðu sent upplýsingaefni eða bókaðu tíma hjá námsráðgjafa í síma 599 6200.

Kíktu á [www.hr.is](http://www.hr.is)

VIÐSKIPTAFRÆÐI  
TÖLVUNA FRÆÐI  
TÆKNIFRÆÐI  
VERKFRÆÐI  
IÐNFRÆÐI  
LÖGFRÆÐI  
ÍÐRÓTTAFRÆÐI  
KENNSLUFRÆÐI  
LÝÐHEILSUFRÆÐI  
FRUMGREINASVIÐ



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# „Ugla sat á kvisti...“

**“Eeny, meeny, miney, moe, catch the tiger by the toe” goes the children’s rhyme when trying to choose between two options. Similar to the „Ugla sat á kvisti...“ in Icelandic. Yes, working as a counselor in both the educational and the employment sectors, I would find it quite difficult to choose between the two if I had to.**



Margo J. Renner

*Needless to say, as all of us know who work as educational and career counselors, the work with every kind of client can be both challenging and rewarding.*

If my information is right, I am the only career and educational counselor working within both fields. There are many members in our organization who at one time or another have worked in one area and then changed to the other, but I think that I am the only one who is working within the two fields at the same time and it adds a broad perspective to the work that I am doing.

Firstly, how did I get here? To begin with I worked here in Vestmannaeyjar for 15 years at the Verkalýðsfélag union office and handled all of the work involved with the unemployment benefits so I was quite familiar with the tasks involved. When the Directorate of Labour wanted to make the employment office a separate entity, it was a natural move for me to take over the position. At the same time the first long distance degree program in career and educational counseling was being offered through HÍ and I finished my counseling diploma in 2004.

I had been working at the Svæðisvinnumiðlun Suðurlands office in Vestmannaeyjar for two years when a 50% position for counselor opened at the Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. I felt I had the experience of working in the unemployment field and also felt that I was doing a good job there, but I had always been interested in the school and academic field too. I saw many young people coming into the employment office who were dropping out of school and looking for work. It is so often at this time in their lives that young people are making major decisions about their future. I feel that it is so important that young people have goals and I was seeing too many of them who did not have any sense of what direction their lives were taking. I felt that it would be a great opportunity to help these young adults before they dropped out of school and

before they ended up on the unemployment list. I asked for a 50% leave of absence from the employment office, and have been working at both places since. It has provided me with a very expansive view of the educational channels and employment opportunities within the community that I live.

It definitely gives an interesting perspective to the whole career and employment counseling field and the lessons learned and experience obtained in each area can certainly be applied to the other. In the employment sector, I am working with clients who are anywhere from the ages of 16 to 70. My background at the union office gives me a solid working knowledge of the work market here, the various industries, and contacts within the labor market. I also enjoy the work because I feel that I am working in the center of what Vestmannaeyjar is all about.

At the school I am working with a much younger group of people though I do get a number of “older” clients who come seeking advice about returning to school or furthering their careers with more education either at a university here or abroad. As a school counselor I am also working of course with problems that come up in classes, with studying, dealing with social problems, attendance etc. I teach courses in study habits and exam-taking techniques to first year students and to the groups of adults who are involved in special courses at the school. I have also run the WATCH program for students in danger of dropping out.

There are vast differences in counseling people who have lost their jobs of 40 years and have little other training or ed-

ucation to fall back on, between counseling young people who have their whole career paths still open to them. The first group is relying more on the past, i.e. what experience has been acquired that can be built on, what natural talents does one have or what talents have been developed through the years, what is the present family situation, what life values are important, etc. Sometimes losing a job involves strong feelings of loss and rejection that have to be addressed. Clients can sometimes be quite desperate but hopefully with the right encouragement and direction, the situation can be turned around and be seen as a door to new opportunities. It can be extremely rewarding to help someone find a new direction in their lives.

The younger clients at school are just starting to make serious decisions about their future. The work experience and long life experience is lacking so that sometimes specific goals can be more difficult to find, but it is an exciting process to have the whole world open ahead and have choices of innumerable possibilities. Some of these younger clients might not even know yet about what their values are, haven’t thought about where they want to live in the future, or what kind of career they would enjoy working at. It can be exciting to explore these areas with them. If there are study problems or social problems at this age, it is often easier to work through things. At least the process tends to be quicker.

Both groups can have issues of self esteem, both groups can be worried about what the future holds for them, both are seeking a path to follow. My main emphasis is on finding goals. If one is busy

working towards something, the worry can most often be forgotten. I am also a strong believer of planned happenstance and serendipity and feel that no matter where one is located on the path to some goal, that keeping one's eyes open for new opportunities is always vitally important. Who knows what lies around the corner or what tomorrow might bring?

In the end it is helping clients young or old to realize the potential within

themselves to create their own future. Whether just starting out on education and a new career or starting in a new direction after job loss or career change, the process is very similar, i.e. identifying problems, discovering potential, researching options, and creating goals. Though the ordeal can be very different it also is very similar and what I learn in one area can often be quite valid in the other. Working in both fields has been very beneficial for me and my

clients. It often gives me valuable insight and a broader perspective of available opportunities. Needless to say, as all of us know who work as educational and career counselors, the work with every kind of client can be both challenging and rewarding.

---

**Margo J. Renner er náms- og starfsráðgjafi við Vinnumálastofnun Suðurlands og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum**

Viðtal við Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur

## Náms- og starfsráðgjafi við Nesskóla í Neskaupsstað

Þorbjörg hóf nám haustið 2001 og var í fyrsta hópnum sem tók námsráðgjöf í fjarnámi. Lagt var upp með það að hópurinn væri blandaður, annars vegar nemendur sem ætluðu sér að ljúka námi á námsráðgjafalinu og hins vegar þeir sem ætluðu að starfa á vinnumiðlunum, enda var stofnað til námsins með tilstuðlan Vinnumálastofnunar. Áður en Þorbjörg hóf námið segist hún ekki hafa hugsað mikið út í það að verða námsráðgjafi. Hún hafði rekið augun í auglýsingu þar sem boðið var upp á nám í náms- og starfsráðgjöf í fjarnámi, lesið hana og ákveðið síðan að reyna að sækja um. Þessi ákvörðun hafi því ekki verið tekin eftir miklar og langar þælingar.

„Mér líkaði fjarnámsformið mjög vel. Námsloturnar eru auðvitað mikilvægar í náminu, en fjarnám skiptir miklu máli fyrir fólk úti á landi sem ekki hefur tök á að flytja til Reykjavíkur til að bæta við sig í námi. Fjarnám þýðir í raun aukin og fjölbreyttari atvinnutækifæri. Ég náði m.a. að eignast barn á námstímanum og flytja á milli landshluta, frá Neskaupsstað til Ísafjarðar.“

Þorbjörg vann með náminu í fyrstu og var í 75% kennslu við grunnskóla. Eftir að sonur hennar fæddist fór hún í fæðingarorlof og hóf síðan störf á nýjum vinnustað að því loknu. Síðustu önnina starfaði hún sem námsráðgjafi í 60% starfi og segir það hafa verið bæði gaman og gagnlegt að geta verið í námi og unnið að því sem hún hafði verið að læra. „Í dag starfa ég sem náms- og starfsráðgjafi við



Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

Nesskóla í 75% starfi og er mjög ánægð í því starfi. Þar sem ég var ekki að vinna sem námsráðgjafi áður en ég hóf námið, þá skiptir námið mig miklu máli.“

Þorbjörg segir það hafa haft jákvæð áhrif á kennsluna að hópurinn saman stóð bæði af ráðgjöfum úr geirum námsráðgjafar og starfsráðgjafar. Ef nokkuð var, þá hafi hópurinn grætt á því og ráðgjafarnir fengið aukna innsýn í starfs- umhverfi hver annars. „Samstaðan í hópnum var mjög góð. Við náðum að tengjast mjög vel í þessum lotum sem við hittumst í. Svo vorum við í tíðu net- og símasambandi þess á milli. Hópurinn skiptist ágætlega hvað landsvæði varðar, við vorum fjögur á Austurlandi, ég í Neskaupsstað og þrjár á Egilsstöðum, og hittumst nokkrum sinnum. Þegar ég síðan flutti vestur voru tvær fyrir þar, önnur á Ísafirði og hin í Bolungarvík. Við hittumst stundum og lærðum saman og fengum aðstöðu saman til að læra fyrir próf. Þegar síðan kom að því að vinna lokaverkefni þá kom greinilega fram hvað hópurinn var samheldinn, við unnum þrjár saman lokaverkefni, tvær bú-

„Á síðustu árum hefur náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum stóráukist, hér áður fyrr voru námsráðgjafar nær eingöngu að störfum í framhaldsskólum og háskólum. Einnig hefur námsráðgjöf við vinnu- markaðinn aukist og allt þetta er af hinu góða. Það er því nokkuð ljóst að stjórnvöld verða að fara að samþykkja löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi.“

settar á Ísafirði og ein á Egilsstöðum og við hittumst m.a. á Akureyri. Maður býr að því í dag að hafa eignast marga góða vini á þessum tíma, fólk sem gott er að vera í sambandi við.“

Þorbjörg vill að lokum óska Félagi náms- og starfsráðgjafa til hamingju með afmælið. „Á síðustu árum hefur náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum stóráukist, hér áður fyrr voru námsráðgjafar nær eingöngu að störfum í framhaldsskólum og háskólum. Einnig hefur námsráðgjöf við vinnu- markaðinn aukist og allt þetta er af hinu góða. Það er því nokkuð ljóst að stjórnvöld verða að fara að samþykkja löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi.“

---

Viðtalið vann: Ásdís Birgisdóttir, náms- og starfsráðgjafi

# Leonardo mannaskiptaverkefni í náms- og starfsráðgjöf

Leonardo mannaskiptaverkefni Vinnu-  
málastofnana á Vestfjörðum og Norð-  
urlandi vestra (áður svæðisvinnu-  
miðlun) fékk nýverið viðurkenningu  
frá Landsskrifstofu Leonardo fyrir  
frumleika og árangur. Það þótti vel  
við hæfi í verkefninu að starfsmenn  
þessara stofnana sæktu Pólland  
heim þar sem náms- og starfsráðgjaf-  
ar fá sífellt fleiri innflytjendur í hópi  
ráðþega, einkum frá Austur-Evrópu  
en stærsti innflytjendahópurinn á  
Íslandi hefur verið frá Póllandi hin  
síðustu ár.



Guðrún Stella  
Gissurardóttir

*Athyglisvert var hvernig Danir leitast við  
að færa náms- og starfsráðgjöf sem næst  
almenningi með því að staðsetja ráðgjafa-  
miðstöð við fjölfarna verslunargötu þar sem  
einstaklingar geta litið inn til að leita ráð-  
gjafar og upplýsinga, bæði með persónulegri  
þjónustu og á rafrænan hátt.*

Verkefnið sem bar nafnið „Out-  
reach Iceland 2005“ fólst í því að  
starfsmenn Vinnu-  
málastofnunar á Vestfjörðum og Norðurlandi vest-  
ra kynntu sér vinnumiðlun, ráðgjöf og  
náms- og starfsþjálfunarúræði bæði í  
Póllandi og Danmörku. Ráðgjafar og for-  
stöðumenn þessara stofnana heimsóttu  
margar athyglisverðar stofnanir í ferð-  
inni, m.a. símenntunarmiðstöðvar og  
lýðskóla í Danmörku og náms- og starfs-  
ráðgjafardeild menntamálaráðuneytisins  
í Kaupmannahöfn, en miklar breytingar  
hafa átt sér stað á fyrirkomulagi ráð-  
gjafar og ráðgjafamenntun í Danmörku.  
Einnig var danska vinnu-  
málastofnunin (AF) heimsótt, en þar hafa einnig átt  
sér stað umtalsverðar breytingar á ráð-  
gjöf og þjónustu við atvinnuleitendur á  
síðustu tveimur til þremur árum. Þá var  
skoðuð miðstöð starfsráðgjafar (Carrier  
Center) í miðborg Kaupmannahafnar,  
heimsóttur sérskóli fyrir nám í náms- og  
starfsráðgjöf svo og jafnréttisdeild vinnu-  
miðlunarinnar í Árósum.

Það vekur athygli hve mikil áhersla er  
lögð á notkun Internetsins og upplýsinga-  
tækninnar í ráðgjöf og vinnumiðlun í Dan-  
mörku. Danir leggja mjög mikla áherslu á  
virka vinnumiðlun með því að færa þjón-  
ustuna við atvinnuleitendur og vinnuveit-  
endur yfir á vefránt form, m.a. með því að  
vista störf og ferilskrár atvinnuleitenda í  
eins konar „atvinnuleitendabanka“ á Inter-  
netinu. Allir atvinnuleitendur verða að  
gera ferilskrá sem vistaðar eru í þessum  
vefbanka. Þetta auðveldar vinnumiðlun  
mjög mikið því að vinnuveitendur geta  
fundið starfsmenn með tiltölulega einföldu  
og fljótlegu móti og atvinnuleitendur geta

skráð sig eftir ákveðnum starfsflokkum og  
verið í rafrænni áskrift að ákveðnum störf-  
um sem þeir hafa skráð áhugaverð.

Einnig var það athyglisvert hvernig Dan-  
ir leitast við að færa náms- og starfsráðgjöf  
sem næst almenningi með því að staðsetja  
ráðgjafamiðstöð við fjölfarna verslunar-  
götu þar sem einstaklingar geta litið inn til  
að leita ráðgjafar og upplýsinga, bæði með  
persónulegri þjónustu og á rafrænan hátt.  
Einnig var meðvitund um kynjajafnrétti  
áberandi í þjónustu við atvinnuleitendur  
því að við vinnumiðlanir var starfrækt sér-  
stök jafnréttisdeild til að leiðbeina starfs-  
mönnum, m.a. varðandi orðanotkun og  
samskipti við vinnuveitendur til að tryggja  
að ekki sé um kynjagslagsíðu að ræða í  
vinnumiðlun og ráðgjöf.

Í Póllandi kynntu starfsmenn sér fé-  
lagslegar þjónustumiðstöðvar Vinnu-  
málastofnana í Varsjá og Gdansk,  
svæðisbundnar vinnumiðlanir, Eures  
vinnumiðlanir og atvinnu- og efnahags-  
málaráðuneytið í Varsjá. Einnig voru  
sóttir heim starfsmenntaskólar auk full-  
orðinsfræðslustofnana og tækniskóla, en  
starfsmenntabrautir og iðnnám eru fyr-  
irferðarmeiri víða í Austur-Evrópu en á  
Íslandi þar sem framhaldsskólar byggja  
meira á almennum bóknámsgreinum.  
Mikil áhersla er lögð á ráðgjöf og vinnu-  
miðlun í Póllandi til að laga atvinnulíf að  
breyttu hagkerfi. M.a. er lögð áhersla á  
að þjálfa einstaklinga til að setja á stofn  
eigin atvinnurekstur og aðstoða atvinnu-  
leitendur til að markaðssetja þekkingu  
sína og hvetja til sí- og endurmenntunar.  
Sérstök áhersla var lögð á frumkvöðla-  
þjálfun kvenna hjá Vinnu-  
málastofnuninni í Gdansk til að gera konur virkari í

atvinnurekstri og efla þátttöku þeirra á  
vinnumarkaði. Fengu starfsmenn m.a.  
að sitja lokaráðstefnu á Evrópuverkefni  
sem bar heitið „Euro Woman“ sem fólst í  
að mennta og þjálfa konur sér í lagi í hin-  
um dreifðu byggðum til að mæta breyt-  
ingu á atvinnuháttum með áherslu á að  
setja á stofn fjarvinnsluverkefni og verk-  
efni tengd ferðaþjónustu.

Áberandi var og áhugavert að sjá  
hversu virkar vinnumiðlanir í Póllandi  
voru að taka þátt í og standa fyrir Evrópu-  
verkefnum á sviði starfsmenntunar og  
starfsráðgjafar en starfsmenn fengu  
innsýn í mörg og metnaðarfull verkefni  
sem unnin höfðu verið í evrópsku sam-  
starfi, og gætu Íslendingar tekið sér  
margt til fyrirmyndar í þeim efnum í  
því skyni að miðla þekkingu og reynslu  
í náms- og starfsráðgjöf á milli landa og  
til frekari þróunar og nýjunga, ekki síst  
á sviði starfsráðgjafar. Þá var jafnframt  
áhugavert að sjá hve mikla áherslu Pól-  
verjar leggja á þróun ýmissa gagnvirkra  
ráðgjafarforrita til stuðnings við ráðgjöf  
og hafa þannig nýtt sér tölvu- og upplýs-  
ingataekni í auknum mæli í ráðgjöfinni.

Það var samdóma álit þeirra sem tóku  
þátt í verkefninu að þessi mannaskipta-  
heimsókn hafi aukið þekkingu starfs-  
manna umtalsvert á ýmsum þáttum  
starfsráðgjafar og eftt menningarfærni  
til muna. Það mun koma að góðu gagni í  
ráðgjöf við innflytjendur auk hvatningar  
til að fást við nýjungar í starfsráðgjöf.

---

**Guðrún Stella Gissurardóttir er  
forstöðumaður Vinnu-  
málastofnunar  
Vestfjarða**

# Mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum

Haraldur Finnsson var skólastjóri Réttarholtsskóla um áratuga skeið en lét af störfum árið 2003. Fyrir rúmum tuttugu árum, veturinn 1986–1987 fór hann í orlof og lærði námsráðgjöf í Brándheimi. Þar var boðið upp á ársnám og það telur Haraldur hafa gagnast sér mjög vel.



Haraldur Finnsson

„Það hljómar kannski einkennilega, ég var skólastjóri og hélt áfram að vera skólastjóri eftir að náminu lauk, en ég man ekki eftir neinu námi sem nýttist eins vel í skólastjórastarfinu og námsráðgjafarnámið.“  
*Í hverju var nytsemin aðallega fólgin?*

„Námið gengur mikið út á að skilja fólk og hegðun þess. Þegar út í skólann er komið sitja skólastjórinn og námsráðgjafinn oft hvor sínum megin við borðið. Skólastjórinn sem stjórnandinn en námsráðgjafinn nemendamegin, þá er gott að skilja báðar hliðar. Í raun eru bæði störf in þjónustustörf, snúast um að sinna þörfum nemenda, bæði einstakra nemenda og hópsins sem heildar.“

*Af hverju varð námsráðgjöf fyrir valinu?*

„Ég hafði lengi fundið að skólinn var illa í stakk búinn við að hjálpa nemendum að skipuleggja námið, bæði meðan á því sendur og ekki síður við að hjálpa þeim að velja næstu skref, hvaða nám eða störf taki við eftir skyldunámið. Það var enginn sérstakur aðili ráðinn eða settur til þessa starfs innan skólans. En ég fann að þetta var gríðarleg vöntun í skólanum.“  
*En hvernig gekk svo að koma þessu inn í skólastarfið þegar heim var komið?*

„Það er erfitt að dæma um eigin verk í skólanum, og tveimur árum eftir að ég kom heim var ég beðinn að koma tíma bundið til starfa í menntamálaráðuneytinu. Þar var fyrir Gerður G. Óskarsdóttir, námsráðgjafi og aðstoðarmaður Svavars Gestssonar. Við vorum kunnug frá fornu fari, höfðum setið saman í Háskóla Íslands og síðar verið í samstarfi sem ungir kennarar. Hún vann gott frumkvöðlastarfið að kynna nemendum atvinnulífið sem skólastjóri austur í Neskaupstað og síðar vann hún við námsráðgjöf í

sérstöku verkefni hjá mér í Réttarholtsskóla. Gerður var formaður nefndar sem fjalla skyldi um námsráðgjöf og starfsfræðslu í skólum.“

Haraldur vann tvö ár í menntamálaráðuneytinu og starfaði þar við sérstakt átaksverkefni um náms- og starfsráðgjöf og sem starfsmaður áðurnefndrar nefndar. Hann segir varla hægt að skilja að náms- og starfsráðgjöf, heldur þurfi að flétta þetta saman.

„Það þarf að aðstoða krakkana við að tengja námið við þeirra eigin markmið, gefa því tilgang, tengja það við þeirra eigin áform og framtíðarsýn. Hvað þau ætla að verða þegar þau verða stór. Skólinn hafði reynt töluvert að koma nemendum út í starfskynningar á vinnustöðum áður en þau útskrifuðust. Samt fann ég hve þau voru illa undir búin að velja sér

*Námsráðgjafastarfið er gríðarlega fjölbreytt. Námsráðgjafi þarf eiginlega að skipta sér af öllu mögulegu og ómögulegu.*

námsleið og skóla og velti oft fyrir mér á hvaða forsendum þau væru að velja.

Ég sagði gjarnan í Réttó að alltof margar nemendur yltu niður hæðina í áttina að Menntaskólanum við Sund, rétt eins og þegar vatn rennur undan hallanum. Mörg virtust hugsa sem svo: Félagarnir fara þangað og af hverju ætti ég ekki að fara þangað líka? Jafnvel þótt áhugamál og ýmislegt annað bentu í aðra átt. Ég gerði því miður aldrei neina rannsókn á því en ég fann að val á námsleiðum breyttist eftir að ég fékk námsráðgjafa

til starfa við skólann á tíunda áratugnum. Ég var svo heppinn að fá mjög hæfan námsráðgjafa sem kynnti skólana og námsleiðir og bjó krakkana vel undir valið á námsleið. Þegar þau taka hana þurfa þau að hafa velt fyrir sér spurningum á borð við: hver er ég, hvað get ég, hvað vil ég og hvert ætla ég? Þetta varð til þess að krakkarnir dreifðust miklu meira en áður. Meðan kynningin var minni voru leiðirnar sem þau völdu sér mun einsleitari. Það sýnir vel að verkefnið var brýnt. Reyndar held ég því fram að tilkoma námsráðgjafa inn í skólana hafi verið eitt mesta framfaraskref í skólamállum síðari ára.“

*Hvernig telurðu ástandið vera núna?*

„Ég held að við eigum töluvert óunnid, þó að ótrúlega margt hafi áunnist síðustu árin. Miklu meira en ég þorði að vona fyrir tuttugu árum. Samt er alveg ljóst að það er margt sem við eigum eftir að vinna upp því árið 1974 varð það slys við setningu grunnskólalaganna að námsráðgjöfin var felld burt. Hún hafði verið þar inni og þarna misstum við úr langt tímabil, mikla þróun. Við sjáum það ef við berum okkur saman við önnur Norðurlönd sem við horfum gjarnan til. Ég held að það hafi verið afleitt.“

## Framtíðarsýn

*Hvað er brýnast í dag?*

„Það er erfitt að segja, námsráðgjafastarfið er gríðarlega fjölbreytt. Námsráðgjafi þarf eiginlega að skipta sér af öllu mögulegu og ómögulegu. Námsvali og starfsvali, námstækni og svo ýmsum persónulegum málefnum. Þar getur námsráðgjafinn verið til mikillar aðstoðar. Samvinna námsráðgjafa, skólastjórna, kennara og sálfræðinga er gríðarlega mikilvæg þegar erfiðleikar koma upp. Það er mikilvægt að í skólanum séu teymi á ferðinni sem vinna saman að velferð nemenda. Þar verður hver að þekkja sitt, sitt hlutverk og sína færni. Því miður er togstreita og tortryggni milli fagsétta algeng á Íslandi. Hún felst oft í misskilningi, menn þekkja ekki sín mörk og treysta ekki þeim sem búa yfir annarri sérþekkingu. Breyting á þessu væri til mikilla bóta.

En hvað er brýnast? Ég held að það

sé mjög brýnt að halda áfram að tengja saman nám og störf. Ég hef lengi haft miklar áhyggjur af starfsmenntun á Íslandi. Mér finnst mjög undarlegt hve mjög hún á undir högg að sækja. Á því eru ýmsar skýringar og kannski ekki ástæða til að vera með sleggjudóma. Fyrir nokkrum árum fór ég í hópi skólustjóra úr Reykjavík til Finnlands og það vakti athygli okkar að hjá Finnunum eru um 30% nemenda í framhaldsskólum í verk- og listnámsgreinum. Þetta hlutfall er 13% hjá okkur. Það er nokkuð sem mér finnst mjög umhugsunarvert. Gæti verið dæmi um að við þurfum að efla náms- og starfsráðgjöf.“

*Nemendur í grunnskólum eru á forræði foreldra, hlusta þeir alltaf á þau ráð sem gefin eru í skólunum?*

„Það er auðvitað allur gangur á því og alveg ljóst að börnin eru á forræði foreldranna. Það eru þeir sem bera á þeim ábyrgð og við verðum alltaf að ganga út frá að þeir þekki börnin betur en aðr-

ir. Því megum við aldrei gleyma, hvað sem okkur finnst svo um ýmsa hluti. Við erum til aðstoðar en getum ekki komið með valdboð. Við getum haft okkar skoðanir og eigum að koma þeim á framfæri við foreldrana, en það eru þeir sem taka ákvarðanirnar ásamt börnunum. Sjóarmiðin geta verið mörg en ég hef tröllatru á gildi upplýsinga og ekki síður umræðunnar. Hana þarf að styrkja svo sjóarmið allra komi fram. Það geta komið upp vandamál þegar hugur barnanna stendur til einhvers alls annars en foreldranna. Og það er nokkuð sem mér finnst ekki hafa verið rætt nægilega hver sé réttur ungmenna sem eru ólöggráða en samt orðin sextán, sautján ára? Þau hafa lokið skyldunámi en eru á framfærslu og forræði foreldra sinna. Hvað ef þau vilja eitt í skólagöngu en foreldrarnir allt annað? Þarna getur komið upp slæm togstreita og stundum jafnvel slys sem náms- og starfsráðgjafi getur aðstoðað við að afstýra.“

*Er eitthvað sem sem þér finnst marka ótvíræð skil í þróun náms- og starfsráðgjafar þegar þú horfir aftur?*

„Hvað varðar grunnskólana og raunar allt skólakerfið þá held ég stofnun námsbrautar í námsráðgjöf í Háskóla Íslands og stefnumörkun menntamálaráðuneytisins og útgáfa skýrslu nefndar um náms- og starfsráðgjöf árið 1991 marki fyrstu stóru tímamótin. Síðan gerðist það í Reykjavík árið 1996, þegar grunnskólarnir færðust yfir til sveitarfélaganna, að skólustjórar í Reykjavík voru beðnir að velja eitt atriði sem bæri að leggja aðaláherslu á. Það varð einróma niðurstaða að velja námsráðgjöf og að fá námsráðgjafa inn í alla skóla. Þetta held ég að hafi markað helstu tímamótin.“

---

**Viðtalið vann: Anna Kristín Jónsdóttir, verkefnisstjóri MA-náms í blaða- og fréttamennsku, félagsvísindadeild Háskóla Íslands**

**Viðtal við dr. Gerði G. Óskarsdóttur**

## Þróun náms- og starfsráðgjafar

**Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrverandi sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar var heiðruð fyrir frumkvöðlastarf á sviði námsráðgjafar á tuttugu og fimm ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa árið 2006. Gerður varð fyrst manna til að kenna námskeið í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og meðal þeirra fyrstu sem lauk háskólaprófi í faginu.**

*Hvað varð til þess að þú sóttir þér menntun á þessu sviði?*

„Ég var skólustjóri á þessum tíma, fyrst Gagnfræðaskólans í Neskaupsstað og síðan Verkmenntaskóla Austurlands, og þá fannst mér að mig vantaði svona starfsmann í skólann við hlið mér. Það vantaði einhvern sem gæti sinnt persónulegum málum nemenda, gæti kennt þeim náms-tækni og sinnt því að fræða þá um nám og störf. Ég vissi að svona störf voru til, því að ég hafði starfað áður í Gagnfræðaskólanum í Garðabæ, sem þá hét Gagnfræðaskóli Garðahrepps og heitir nú Garðaskóli, og þar var námsráðgjafi sem var kallaður námsráðunautur. Ég ákvað að beita mér fyrir því að slíkir starfsmenn kæmu til starfa í skólum á Íslandi. Ég fór í meistaranám til Boston í Bandaríkjunum og lærði námsráðgjöf. Þá var ég skóla-



*Dr. Gerður G. Óskarsdóttir*

meistari og hafði hugsað mér að vera það áfram en vildi kynnast námsráðgjöfinni og vinna síðan að því að hún yrði að veruleika í íslenskum skólum.

Þetta var haustið 1980 og ég kom aftur til Íslands árið 1982. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom heim var að leita uppi Ástu Ragnarsdóttur sem ég vissi að var komin til starfa í Háskóla Íslands. Hún var fyrsti námsráðgjafinn á Íslandi sem hafði sérmenntað sig í greininni. Ég heimsótti hana á litla skrifstofu uppi á efstu hæð í aðalbyggingu Háskólans og við náðum

strax vel saman varðandi þetta áhugamál okkar, námsráðgjöfina. Við fórum bara að tala og tala um hvað við gætum gert, um mikilvægi þess að bjóða upp á nám í greininni á Íslandi og að það þyrfti að búa til einhver gögn. Við þyrftum að eiga á íslensku áhugasviðspróf og starfslýsingar og lýsingar á menntakerfinu.“

*Eru þessi tæki og tól til núna?*

„Við Ásta byrjuðum strax að vinna að þessu. Þá vildi svo til að á sama tíma kom Carol Pazandak hingað til lands. Hún var aðstoðarmaður rektors Háskólans í Minn-

esota og vann að samstarfsamningi milli Háskóla Íslands og Minnesotaháskóla. Í honum fólust meðal annars nemendaskipti og Carol spurði strax: „Hvar er námsráðgjöfin, er ekki námsráðgjöf hér?“ Því hún vildi að sínum nemendum yrði sinnt. Þá var Ásta einmitt að hefja starf sitt í Háskólanum. Þegar búið var að ganga frá þessum samningi var Carol orðin mjög áhugasöm um Ísland. Hún fór aftur í sitt prófessorsstarf og var að fara í rannsóknarleyfi. Þá vildi hún koma til Íslands í hálf ár og kenna meðal annars námsráðgjöf í uppeldisfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Það varð til þess að ég, sem þá hafði lokið þessu námi, var beðin að koma og kenna á móti henni námskeið. Ég kenndi þá stórt námskeið á haustönn og Carol tók svo við á vorönn. Þannig hófst samstarf okkar þriggja, Carol, Ástu og mín, um það að vinna að námsráðgjöf á Íslandi.

Við unnum þetta á tveimur sviðum. Annars vegar með því að vinna að því að koma á fót slíku námi á Íslandi og Carol studdi okkur mjög í því. Guðmundur Magnússon sem þá var rektor Háskólans hafði góðan skilning á málinu og vildi styðja það. Hann fól okkur að leggja fram tillögur um það hvernig nám í námsráðgjöf gæti orðið við Háskóla Íslands og þær voru unnar í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Námið varð síðan að veruleika um sjö árum síðar þegar fé til þess kom frá ráðuneytinu. Hins vegar fórum við að vinna að gögnum fyrir námsráðgjöf. Carol kom hingað með fyrstu áhugasviðsprófin. Hún kom með tvö próf, annað var Strong-prófið, sem hefur fest hér rætur, og síðan Minnesota Interest Inventory. Carol byrjaði að vinna að staðlaðri þýðingu á þessum prófum og fékk okkur til að vinna að því með sér. Hún hvatti okkur líka mjög til þess að byrja að vinna starfslýsingar. Það er fyrirbæri sem á þeim tíma var að finna í öllum nágrannalöndum okkar, og í Bandaríkjunum hafa verið til mjög ítarlegar starfslýsingar allt frá 1930, Dictionary of Occupational Titles. Sams konar bækur voru til í Þýskalandi og á Norðurlöndum, og sumar höfðu orðið til um svipað leyti, það er snemma á síðustu öld. Við Ásta byrjuðum á þessu saman en síðan tók ég að mér verkefnið og vann að því í mörg ár. Ég var með fólk í vinnu á hverju sumri við að safna upplýsingum og gaf út þrjár bækur með starfslýsingum, þá fyrstu um sérfræði-, tækni- og stjórnunarstörf, sú næsta var um sérgreinar í iðnaði og þjón-

ustu og loks sú þriðja um almenn störf í framleiðslu og þjónustu.

Síðan hefur þetta haldið áfram og við erum komin með önnur áhugasviðspróf. Menntamálaráðuneytið gefur árlega út lýsingar á skólakerfinu. Þá er líka orðinn til gagnabanki, Iðan, með upplýsingum um nám og störf, en mér finnst ennþá vanta margt. Það þyrfti að gera einn gagnabanka, miklu stærri og öflugri sem mætti ganga í og finna leiðir í námi. En þó ekki bara formlegar leiðir í skólakerfinu, heldur alls konar leiðir, upplýsingar um nám meðfram starfi svo og símenntun. Þar þyrfti að vera starfslýsingar, sem haldið væri við, og þær endurnýjaðar í takt við breytt atvinnulíf, upplýsingar um hvernig á að sækja um störf og svo mætti áfram telja. Þetta þyrfti að vera gagnabanki um allt á sviði náms- og starfsfræða.“

Gerði finnst skemmtileg þróun hafa orðið á allra síðustu árum. „Náms- og starfsráðgjafar eru farnir að starfa víðar en í skólum þar sem þá var að finna í upphafi. Þeir byrjuðu í Háskóla Íslands og í framhaldsskólunum og komu síðan í grunnskólana. Þar hefur orðið mikil spreng-

### *Núna eru náms- og starfsráðgjafar virkilega komnir út í atvinnulífið og ríkið hefur samið við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um átak í náms- og starfsráðgjöf.*

ing á örstuttum tíma. Um 1990 stýrði ég nefnd sem vann skýrslu um þróun náms- og starfsráðgjafar. Þá létum við okkur dreyma um einn námsráðgjafa á hverja fimm hundruð nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Mér fannst ánægjulegt að sjá í nýlegri könnun í Reykjavík að þessu marki hefur verið náð. Núna eru náms- og starfsráðgjafar virkilega komnir út í atvinnulífið og ríkið hefur samið við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um átak í náms- og starfsráðgjöf. Það eru komnir ráðgjafar á símenntunarstöðvar úti á landi svo og ráðningarþjónustur, til dæmis eru tveir náms- og starfsráðgjafar nú starfandi á vegum Námsflokka Reykjavíkur sem er nýlunda. Mér finnst þetta hafa verið skemmtileg og góð þróun.“

*Hvar er helst þörf fyrir krafta náms- og starfsráðgjafa núna?*

„Þeim mætti fjölga í skólum og ég held að þeim muni fjölga í atvinnulífinu með ýmsum hætti. Mér finnst mikilvægt að alltaf sé til í landinu sterkt nám og þróunin þar er ánægjuleg. Námið er orðið meist-

aranám, en næsta skrefið er auðvitað að taka upp doktorsnám til að efla rannsóknir á þessu sviði. Þeirra er þörf og það er mikilvægt að vita hvað náms- og starfsráðgjafar eru að gera til að móta stefnuna fram á við. Ég nefndi áðan rannsókn sem gerð var nýlega hér í Reykjavík. Hún var unnin í samvinnu við dr. Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur, dósent í Háskóla Íslands, en þar var m.a. skoðað hvað námsráðgjafar væru að vinna, hvað þá langaði til að vinna, hvað þeim fyndist að þeir ættu að vera að vinna og svo spurðum við líka hvað þeir væru að gera sem þeim fyndist kannski ekki eiga að vera í þeirra verkahring. Þetta eru mjög mikilvægar upplýsingar til að þróa betur verksvið þessarar starfsgreinar. Það má merkja svolítið óöryggi í því hvað þeir ‚eiga‘ að vera að gera.“

Gerður segir að þetta þýði ekki endilega árekstra milli námsráðgjafa og skólastjórna eða kennara, öllu frekar að fólk þurfi að setjast niður og skilgreina hvar mörkin liggja. „Ég vil ekki sjá eina samræmda starfslýsingu fyrir alla námsráðgjafa. Mér finnst að þetta eigi að vera hluti af sjálfstæði skólanna. En það er ágætt að hafa einhvern ramma til að styðjast við en síðan setjist menn niður á hverjum stað og móti starfið, það getur verið breytilegt eftir aðstæðum, og síðan er að laga sig að þeim.“

Gerður lét af starfi sem yfirmaður Menntasviðs Reykjavíkur um síðastliðin áramót. Hún hafði þá verið yfirmaður skólakerfisins í Reykjavík í um tíu ár. *Hvað er framundan hjá henni?*

„Mér finnst þetta hafa verið mjög ánægjulegur tími og lít stolt til baka, mér finnst mjög mikið hafa gerst á þessum tíma, þetta hafa verið uppgangstímar. Nú ætla ég að fara að snúa mér að rannsókn- um og fræðimennsku og byrja á stóru verkefni fyrir Reykjavíkurborg, en það er að skoða tengsl leikskóla og grunnskóla og grunnskóla og framhaldsskóla. Þessi skil eru að verða miklu sveigjanlegri svo og skil skólastiga almennt, líka milli framhaldsskóla og háskóla. Þetta er ekki bara að gerast hjá okkur heldur líka allt í kringum okkur og þróunin er mjög spennandi þessi árin.“

---

**Viðtalið vann: Anna Kristín Jónsdóttir, verkefnisstjóri MA-náms í blaða- og fréttamennsku, félagsvísindadeild Háskóla Íslands**



## Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans hefur verið opnuð ný þjónusta í Einkabankanum á landsbanki.is sem auðveldar fólki að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt getur fólk valið milli fjölda málefna og lagt þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli



**Landsbankinn**

Banki öllu Íslendingum | 120 ár